

KAUPÞING BÚNAÐARBANKI HF

SKRÁNINGARLÝSING

ÁGÚST 2003



Yfirlýsingar og tilkynningar	2
Yfirlýsing útgefanda	2
Yfirlýsing umsjónaraðila	2
Yfirlýsing endurskoðenda	3
Tilkynning til fjárfesta	4
I Skráning hlutabréfa	5
II Áhættuþættir	8
III Hlutfé og eignarhald	13
IV Starfsemi	17
Markmið og framtíðarsýn	17
Samruni Kaupþings banka hf. og Búnaðarbanka Íslands hf.	18
Horfur í rekstri bankans	18
Ágrip af sögu Kaupþings Búnaðarbanka hf.	19
Meginsvið Kaupþings Búnaðarbanka hf.	19
Stoðsvið Kaupþings Búnaðarbanka hf.	24
Erlend dótturfélög	25
Innlend dótturfélög	28
Hlutdeildarfélag	31
Helstu hlutabréfaeignir	31
Starfsfólk	32
Stjórn, yfirstjórn og endurskoðendur	32
V Afkoma og efnahagur	36
Umfjöllun um sex mánaða uppgjör Kaupþings Búnaðarbanka hf. 2003	36
Fjárhagsyfirlit Kaupþings Búnaðarbanka hf. 2000-2003	39
Fjárhagsyfirlit Búnaðarbanka Íslands hf. 2000-2002	44
Viðauki	49
Samþykktir Kaupþings Búnaðarbanka hf.	49
Árshlutareikningur Kaupþings Búnaðarbanka hf. 30. júní 2003	54
Ársreikningur Kaupþings banka hf. 2002	70
Ársreikningur Búnaðarbanka Íslands hf. 2002	95
Samrunaáætlun Kaupþings banka hf. og Búnaðarbanka Íslands hf.	116
Upplýsingar um A- og O-lista kauphallarinnar í Stokkhólmi	123


Yfirlýsingar og tilkynning

Yfirlýsing útgefanda

Stjórnarformaður og forstjórar, fyrir hönd Kaupþings Búnaðarbanka hf., kt. 560882-0419, Austurstræti 5, 155 Reykjavík, lýsa því hér með yfir að skráningarlýsing þessi er gerð eftir bestu vitund, í fullu samræmi við staðreyndir og engu mikilvægu atriði er sleppt sem áhrif gæti haft á mat á bankanum og á hlutabréfum í honum.

Reykjavík, 29. ágúst 2003


f.h. Kaupþings Búnaðarbanka hf.



Sigurður Einarsson, stjórnarformaður
Kt. 190960-2269



Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri
Kt. 191170-5719



Sólun R. Sigurðsson, forstjóri
Kt. 010342-3099

Yfirlýsing umsjónaraðila

Umsjónaraðili með skráningu nýs hlutfjár í Kaupþingi Búnaðarbanka hf. í Kauphöll Íslands hf. er Fyrirtækjaráðgjöf Kaupþings Búnaðarbanka hf., kt. 560882-0419, Austurstræti 5, 155 Reykjavík. Fyrirtækjaráðgjöf Kaupþings Búnaðarbanka hf. hefur, í samráði við stjórnendur Kaupþings Búnaðarbanka hf. og stjórn bankans, samið skráningarlýsingu þessa sem byggð er á upplýsingum frá bankanum. Hefur Fyrirtækjaráðgjöf Kaupþings Búnaðarbanka hf. aflað þeirra gagna sem nauðsynleg voru að mati hennar til að skráningarlýsing þessi gæfi rétta mynd af stöðu útgefanda og hlutabréfum þeim sem óskað er skráningar á. Fyrirtækjaráðgjöf Kaupþings Búnaðarbanka hf. lýsir því yfir að skráningarlýsing þessi er gerð eftir bestu vitund og í fullu samræmi við staðreyndir. Fyrirtækjaráðgjöf Kaupþings Búnaðarbanka hf. telur að skráningarlýsingin gefi skýra mynd af rekstri og efnahag Kaupþings Búnaðarbanka hf. og að engu mikilvægu atriði sé sleppt sem áhrif gæti haft á mat á bankanum og hlutabréfum í honum.

Reykjavík, 29. ágúst 2003

f.h. Fyrirtækjaráðgjafar Kaupþings Búnaðarbanka hf.



Ármann Þorvaldsson,
framkvæmdastjóri Fyrirtækjaráðgjafar
Kt. 151268-3239

Yfirlýsing endurskoðanda

Við undirrituð höfum endurskoðað og áritað án athugasemda ársreikninga Kaupþings banka hf. og samstæðureikninga Kaupþings banka hf. og dótturfélaga fyrir árin 2000 til og með 2002. Við staðfestum að þeir eru í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju og gefa glögga mynd af rekstri og efnahag bankans. Við staðfestum að upplýsingar í skráningarlýsingu þessari sem varða þau reikningsskil eru í samræmi við ofangreinda ársreikninga.

Ennfremur höfum við áritað upphafsefnahagsreikning hins sameinaða banka, sem er að finna í þessari skráningarlýsingu, ásamt endurskoðanda Búnaðarbanka Íslands hf., Knúti Þórhallssyni Þá höfum við kannað árshlutareikning Kaupþings Búnaðarbanka hf. fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2003. Könnun okkar leiddi ekki í ljós neitt sem gefur tilefni til breytinga á árshlutareikningnum. Við staðfestum að upplýsingar í skráningarlýsingunni sem varða þau reikningsskil eru í samræmi við ofangreindan árshlutareikning.

Reykjavík, 29. ágúst 2003

KPMG Endurskoðun hf.
Kt. 590975-0449
Vegmúla 3
108 Reykjavík



Sigurður Jónsson, löggiltur endurskoðandi
Kt. 290256-5269



Hildur Árnadóttir, löggiltur endurskoðandi
Kt. 040866-3459

Ég undirritaður hef endurskoðað og áritað án fyrirvara ársreikninga Búnaðarbanka Íslands hf. fyrir árin 2000–2002. Ég staðfesti að þeir eru í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju og gefa glögga mynd af rekstri og efnahag bankans. Ég staðfesti að upplýsingar í skráningarlýsingu þessari sem varða þau reikningsskil eru í samræmi við ofangreinda ársreikninga. Ennfremur hef ég áritað upphafsefnahagsreikning hins sameinaða banka, sem er að finna í þessari skráningarlýsingu, ásamt endurskoðendum Kaupþings banka hf., Sigurði Jónssyni og Hildi Árnadóttur hjá KPMG Endurskoðun hf.

Reykjavík, 29. ágúst 2003

Deloitte & Touche hf.
Kt. 521098-2449
Stórhöfða 23
110 Reykjavík



Knútur Þórhallsson, löggiltur endurskoðandi
Kt. 230465-5419

Tilkynning til fjárfesta

Skráning nýs hlutafjár í Kaupþingi Búnaðarbanka hf. í Kauphöll Íslands hf. fer fram samkvæmt íslenskum lögum. Skráningarlysing þessi er unnin í samræmi við lög og reglur sem gilda um skráningu hlutabréfa í Kauphöll Íslands hf. Um er að ræða skráningu á nýju hlutafé sem gefið var út vegna samruna Kaupþings banka hf. og Búnaðarbanka Íslands hf.

Fyrirtækjaráðgjöf Kaupþings Búnaðarbanka hf. hefur í samstarfi við stjórnendur Kaupþings Búnaðarbanka hf. og stjórn bankans samið skráningarlysingu þessa. Í því felst að nauðsynlegra gagna og upplýsinga hefur verið aflað til að gefa sem skýrasta mynd af rekstri Kaupþings Búnaðarbanka hf. og dótturfélaga. Endurskoðendur bankanna hafa jafnframt gefið yfirlýsingu í tengslum við ársreikninga Kaupþings banka hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. fyrir árin 2000 til og með 2002 og um samrunaefnahagsreikning Kaupþings Búnaðarbanka hf. 1. janúar 2003. Þá hafa endurskoðendur Kaupþings Búnaðarbanka hf. kannað uppgjör bankans fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2003. Við gerð skráningarlysingarinnar hefur verið leitast við að veita á skýran og greinargóðan hátt upplýsingar um samstæðu Kaupþings Búnaðarbanka hf. og dótturfélaga og hlutabréf útgefin af bankanum.

Skráningarlysinguna má undir engum kringumstæðum skoða eða túlka sem loforð um árangur í rekstri eða um ávöxtun fjármuna af hálfu Kaupþings Búnaðarbanka hf. eða annarra. Minnt er á að kaup á hlutabréfum eru í eðli sínu áhættufjárfesting sem byggist á væntingum en ekki loforðum. Fjárfestar verða fyrst og fremst að treysta eigin dómgreind vegna fjárfestingar í hlutabréfum Kaupþings Búnaðarbanka hf. með tilliti til þess starfsumhverfis sem Kaupþing Búnaðarbanki hf. starfar í, hagnaðarvonar, ytri aðstæðna og þeirrar áhættu sem í fjárfestingunni felst. Fjárfestum er bent á að hægt er að leita ráðgjafar sérfræðinga, svo sem hjá verðbréfafyrirtækjum, bönkum og sparisjóðum, til aðstoðar við mat á hlutabréfum í Kaupþingi Búnaðarbanka hf. sem fjárfestingarkosti.

Heimild í samþykktum til útgáfu nýs hlutafjár var samþykkt á hluthafafundi Kaupþings Búnaðarbanka hf. (þá Kaupþings banka hf.) þann 26. maí 2003.

Skráningarlysing þessi varðar skráningu á áðurgreindu hlutafé, samtals að nafnvirði 1.977.004.030 krónur í Kaupþingi Búnaðarbanka hf. Hinir nýju hlutir eru allir greiddir og skráðir í Kauphöll Íslands hf. þann 27. maí 2003. Allt þegar útgefið hlutafé Kaupþings Búnaðarbanka hf. er skráð opinberri skráningu á Aðallista Kauphallar Íslands hf. og hefur þegar verið greitt. Allt ofangreint hlutafé er einnig skráð á O-lista hjá Stockholmsbörsen sem er kauphöllin í Svíþjóð og jafnframt stærsta kauphöllin á Norðurlöndum.

I Skráning hlutabréfa

Útgefandi

Kaupþing Búnaðarbanki hf., kt. 560882-0419, Austurstræti 5, 155 Reykjavík. Enskt hjáheiti bankans er Kaupthing Bank. Auðkenni bankans er KAUP í viðskiptakerfi Kauphallar Íslands hf. og KAUP SEK í kauphöllinni í Stokkhólmi (Stockholmsbörsen). ISIN númer hlutabréfa Kaupþings Búnaðarbanka hf. er IS0000001469.

Starfsemi útgefanda

Kaupþing Búnaðarbanki hf. er viðskiptabanki, skráður á Íslandi og stofnaður árið 1982, og starfar samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og lögum nr. 2/1995 um hlutafélög. Samkvæmt 3. grein samþykktu bankans er tilgangur hans fjármálaþjónusta og önnur sú starfsemi sem rekin verður í eðlilegum tengslum við hana.

Umsjón með skráningu í Kauphöll Íslands hf.

Fyrirtækjaráðgjöf Kaupþings Búnaðarbanka hf., Austurstræti 5, 155 Reykjavík.

Heildarhlutafé og einingar

Heildarnafnverð útgefins hlutafjár í Kaupþingi Búnaðarbanka hf. er 4.127.741.090 krónur. Þau bréf sem þegar eru útgefin í bankanum hafa verið gefin út með rafrænum hætti hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. Hver hlutur í bankanum er 10 krónur að nafnverði og heildarfjöldi hluta 412.774.109.

Hlutafjár aukning

Á hluthafafundi Kaupþings banka hf. þann 26. maí 2003 var tekin ákvörðun um að veita stjórn bankans heimild til að hækka hlutafé um allt að 2.004.250.000 krónur að nafnverði, með afhendingu allt að 200.425.000 nýrra hluta til hluthafa í Búnaðarbanka Íslands hf. í tengslum við samruna Kaupþings banka hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. Fallið var frá forgangsrétti til hins nýja hlutafjár. Sameinaður banki fékk nafnið Kaupþing Búnaðarbanki hf.

Í framhaldi af hluthafafundinum var haldinn stjórnarfundur þar sem stjórn ákvað í samræmi við samrunaáætlun Búnaðarbanka Íslands hf. og Kaupþings banka hf., dags. 12. apríl 2003, að hækka hlutafé um 1.977.004.030 krónur að nafnverði, með afhendingu 197.700.403 nýrra hluta til hluthafa í Búnaðarbanka Íslands hf. Þann 27. maí 2003 voru hluthöfum í Búnaðarbanka Íslands hf. afhentir hlutir í Kaupþingi Búnaðarbanka hf. í skiptum fyrir hluti sína í Búnaðarbanka Íslands hf. Hluthafar Búnaðarbanka Íslands hf. fengu 0,03698630 hluti í Kaupþingi Búnaðarbanka hf. fyrir hvern hlut sinn í Búnaðarbanka Íslands hf.

Engin miðlunar- eða umboðslaun voru greidd vegna samrunans. Hlutaféð var skráð á Aðallista Kauphallar Íslands hf. þann 27. maí 2003. Samrunaáætlun Kaupþings banka hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. er að finna í viðauka skráningarlýsingarinnar.

Skráning

Skráningarlýsing þessi varðar skráningu í Kauphöll Íslands hf. á nýju hlutafé samtals að nafnverði 1.977.004.030 krónur í Kaupþingi Búnaðarbanka hf., sem gefið var út við framangreindan samruna. Hinir nýju

hlutir eru allir greiddir og voru skráðir í Kauphöll Íslands hf. þann 27. maí 2003.

Allt þegar útgefið hlutafé Kaupþings Búnaðarbanka hf. er skráð opinberri skráningu á Aðallista Kauphallar Íslands hf. Allt útgefið hlutafé er einnig skráð á O-lista hjá Stockholmsbörsen, sem er kauphöllin í Svíþjóð og jafnframt stærsta kauphöllin á Norðurlöndum. Ekki er fyrirhugað að sækja um skráningu hluta Kaupþings Búnaðarbanka hf. í öðrum kauphöllum.

Kauphöllin í Stokkhólmi skiptir skráðum félögum á tvo lista, A-lista og O-lista. Bréf á A-lista eru skráð opinberri skráningu í kauphöllinni í Stokkhólmi. Að stofni til eru sömu kröfur gerðar til fyrirtækja á O-lista og A-lista en á einhverjum sviðum eru þó gerðar meiri kröfur til þeirra sem skráð eru á A-lista. Í viðauka skráningarlýsingarinnar er að finna frekari upplýsingar um A- og O-lista kauphallarinnar í Stokkhólmi.

Upplýsingaskylda

Kaupþing Búnaðarbanki hf. ber upplýsingaskyldu gagnvart Kauphöll Íslands hf. samkvæmt íslenskum lögum, reglugerðum og reglum Kauphallar Íslands hf. Bankinn ber jafnframt upplýsingaskyldu gagnvart sænska fjármálamarkaðinum í samræmi við skráningarsamning við kauphöllina í Stokkhólmi. Frekari upplýsingar um Kaupþing Búnaðarbanka hf. má nálgast á heimasíðu Kaupþings Búnaðarbanka hf., www.kaupthing.net og www.bi.is. Ársreikningar og árs hlutareikningar eru birtir á íslensku, ensku og sænsku og eru gerðir aðgengilegir fyrir hluthafa Kaupþings Búnaðarbanka hf.

Viðskipti með hluti skráða í Svíþjóð

Aðeins er unnt að eiga viðskipti í kauphöllinni í Stokkhólmi með hluti ef þeir eru skráðir hjá Sænsku verðbréfaskráningunni (VPC), samkvæmt sænskum lögum um hlutabréfareikninga, SFS 1998:1479. VPC starfar undir eftirliti sænska fjármálaeftirlitsins sem verðbréfaskráning („central värdepappersförvarare“) og greiðslumiðlun („clearings-organisation“).

Hluthafar í Kaupþingi Búnaðarbanka hf. sem hafa hluti sína skráða hjá VPC og vilja eiga viðskipti með hlutina í Kauphöll Íslands þurfa fyrst að skrá þá úr VPC. Í tengslum við slíka afskráningu eru hlutirnir framseldir til vörsluaðila eða á verðbréfareikning hjá íslenskri reikningsstofnun. Innheimt er gjald í tengslum við afskráningu og er það 25.000 íslenskar krónur, óháð fjölda hluta.

Hlutabréf sem hægt er að eiga viðskipti með í Kauphöll Íslands og ekki eru skráð hjá VPC er að sama skapi ekki unnt að eiga viðskipti með í kauphöllinni í Stokkhólmi fyrr en þau hafa verið skráð hjá VPC. Kostnaður við að skrá hluti í VPC er einnig 25.000 íslenskar krónur.

Upplýsingar um eigendur hluta sem skráðir eru hjá VPC

Hlutir sem skráðir eru hjá VPC eru allir skráðir á einn safnreikning í hlutaskrá Kaupþings Búnaðarbanka hjá Verðbréfaskráningu Íslands. Um safnreikninga er kveðið á um í lögum nr. 33/2003, um verðbréfavíðskipti, lögum

nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, og lögum nr. 2/1995, um hlutafélög. Í 31. gr. hlutafélagalaga, nr. 2/1995, segir að sá er eignast hefur hlut geti ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá eða hann hafi tilkynnt og fært sönnur á eign sína á hlutunum. Þetta á þó ekki við um rétt til arðs eða annarrar greiðslu og rétt til nýrra hluta við hækkun hlutfjár. Samkvæmt ákvæðinu nýtur hluthafi því ekki atkvæðisréttar á hluthafafundum nema nafn hans sé skráð í hlutaskrá. Hið sama gildir um verðbréfafyrirtæki sem skráð er fyrir safnreikningi þar sem hluthafi hefur ekki þau réttindi að geta veitt einhverjum umboð til að fara með atkvæðisréttinn. Safnreikningum fylgir því ekki atkvæðisréttur á hluthafafundum. Safnskráning breytir í engu gildi flöggunarreglna laga um verðbréfavíðskipti. Eignarhlutur víðskiptamanns á safnreikningi skal talinn með þegar meta þarf hvort viðkomandi sé flöggunar skyldur.

Kaupþingi Búnaðarbanka hf. er heimilt, samkvæmt samningi milli VPC og bankans, að afla upplýsinga hjá VPC um eigendur hluta í Kaupþingi Búnaðarbanka hf. sem skráðir eru hjá VPC, þar á meðal upplýsinga um fjölda hluta í eigu hvers hluthafa.

Réttindi

Allir hlutir í Kaupþingi Búnaðarbanka hf. eru í einum flokki og jafn réttháir. Eigendur hluta hafa atkvæðisrétt á hluthafafundum, rétt til arðgreiðslna samkvæmt ákvörðun hluthafafundar, forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við hlutfjáreign (nema frávik séu ákveðin í samræmi við lög og samþykktir) og hlutdeild í eignum við slit (sjá lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 í tengslum við slit), allt í samræmi við hlutfjáreign og gildandi lög og samþykktir hverju sinni. Samkvæmt samþykktum bankans er ákvörðun um greiðslu arðs á meðal þeirra mála sem tekin skulu fyrir á aðalfundi. Aðalfund skal halda fyrir lok aprílmánaðar ár hvert, samkvæmt samþykktunum. Gjaldalagi arðs skal ekki vera síðar en sex mánuðum eftir að ákvörðun um úthlutun hans hefur verið tekin. Forgangsréttur er framseljanlegur í samræmi við lög um hlutafélög. Engar hömlur eru lagðar á meðferð hluta í bankanum. Engin sérstök ákvæði eru um fyrningu réttar til arðs sem ekki hefur verið vitjað og fyrnast því slík réttindi samkvæmt lögum nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda. Um önnur atriði vísast til laga um hlutafélög sem og samþykktu bankans sem birtar eru í viðauka með skráningarlýsingunni.

Hluthafafundir

Hluthafafundir Kaupþings Búnaðarbanka hf. eru að jafnaði haldnir á Íslandi. Eigendur hluta í Kaupþingi Búnaðarbanka hf. eiga rétt á að taka þátt í hluthafafundum í samræmi við félagssamþykktir Kaupþings Búnaðarbanka hf. og íslensk lög. Hluthafar þurfa að sækja fund í eigin persónu eða senda umboðsmann á fundinn. Fundarboð verða send út samkvæmt samþykktum félagsins (sjá 12. og 14. gr.), með minnst viku en lengst fjögurra vikna fyrirvara. Fundir verða meðal annars boðaðir með auglýsingum í sænskum og íslenskum dagblöðum. Í fundarboði til hluthafafunda verður getið hvaða skilyrði hluthafar þurfi að uppfylla til þess að taka þátt í fundinum og greiða þar atkvæði, hvort heldur er persónulega eða með milligöngu umboðsmanns.

Arðgreiðsla

Útborgunardagur arðs er ákveðinn á hluthafafundi og er arður greiddur út til skráðra hluthafa á útborgunardegi. Greiðsla arðs í Svíþjóð fer fram degi síðar en greiðsla arðs á Íslandi. Arður vegna bréfa sem skráð eru hjá VPC, verður greiddur út af VPC til þeirra sem skráðir eru eigendur hjá VPC á útborgunardegi arðgreiðslunnar. Í ákvörðunum hluthafafunda er miðað við að arðurinn sé greiddur í íslenskum krónum. Engu að síður verður arður af hlutabréfum sem skráð eru hjá VPC greiddur út í sænskum krónum. Gjaldmiðlaskiptin eiga sér stað á þriðja degi næst á undan útborgunardegi. Hafa skal hugfast að gengi íslensku krónunnar gagnvart sænsku krónum kann að sveiflast frá þeim degi sem hluthafafundur er haldinn og þar til skiptin eiga sér stað og getur það haft áhrif á fjárhæðina sem til greiðslu kemur. Kaupþing Búnaðarbanki hf. heldur eftir skatti af arðgreiðslum. Að auki heldur VPC eftir skatti af arðgreiðslum sem renna til sænskra einstaklinga. Greiðsla arðs í Svíþjóð fer fram degi síðar en greiðsla arðs á Íslandi. Krossgengið miðast við gengi tveimur dögum fyrir íslenskan útborgunardag, eða þremur dögum fyrir sænskan útborgunardag.

Eignarréttur og framsal

Engar takmarkanir eru á heimild til framsals hluta og er hluthöfum heimilt að veðsetja hluti sína nema slíkt sé óheimilt samkvæmt lögum. Þess ber þó að geta að einstaka hluthafar kunna að hafa samið um að hlutir þeirra skuli sæta hömlum. Sá sem eignast hlut í bankanum getur ekki beitt rétti sínum sem hluthafi nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá eða hann hafi tilkynnt og fært sönnur á eign sína á hlutnum. Um framsal á hlut í Kaupþingi Búnaðarbanka hf. gilda eingöngu almennar lagareglur.

Útskrift frá Verðbréfaskráningu Íslands hf. um eignarhald á hlutum í Kaupþingi Búnaðarbanka hf. telst fullnægjandi hlutaskrá. Gagnvart bankanum skal hlutaskráin skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum og skal arður á hverjum tíma, svo og tilkynningar allar, sendast til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hluta í hlutaskrá bankans. Ber bankinn enga ábyrgð á því ef greiðslur eða tilkynningar misfarast vegna þess að vanrækt hefur verið að tilkynna um aðseturskipti.

Réttindi að rafrænum bréfum verður að skrá hjá Verðbréfaskráningu ef þau eiga að njóta réttarverndar gegn fullnustugerðum og ráðstöfunum með samningi. Óheimilt er að gefa út víðskiptabréf fyrir skráðum réttindum skv. rafrænu bréfi eða framselja þau og eru slík víðskipti ógild. Eignarskráning rafræns bréfs hjá Verðbréfaskráningu, að undangenginni lokafærslu Verðbréfaskráningar, veitir skráðum eiganda lögformlega heimild yfir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að. Forgangsröð ósamrýmanlegra réttinda ræðst af því hvenær beiðni reikningsstofnunar um skráningu þeirra berst Verðbréfaskráningu.

Skattar

Hlutabréf bankans eru stimpilskyld og hefur bankinn greitt stimpilgjöld af öllum útgefnum hlutabréfum bankans.

Hagnaður af sölu hlutabréfa Kaupþings Búnaðarbanka hf. er skattskyldur á Íslandi og fer um skattskyldu söluhagnaðarins samkvæmt gildandi lögum á hverjum tíma. Hvað varðar aðila búsetta erlendis þarf að kanna hvort í gildi er tvísköttunarsamningur við ríkið þar sem viðkomandi er heimilisfastur. Ef slíkur samningur er í gildi þarf að kanna ákvæði hans til að ganga úr skugga um hver eigi skattlagningaréttinn í hverju tilviki. Milli Íslands og Svíþjóðar er tvísköttunarsamningur sem felur í sér að þegar sænskir aðilar selja hlutabréf í bankanum, þá er söluhagaðurinn skattskyldur í Svíþjóð samkvæmt sænskum skattalögum, þó ekki hafi aðilinn átt heimilisfesti á Íslandi síðustu 5 ár fyrir sölu bréfanna.

Við úthlutun arðs heldur bankinn eftir staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts samkvæmt íslenskum lögum. Fyrir íslenska aðila, aðra en þá sem eru undanþegnir staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts, er staðgreiðsla fjármagnstekjuskatts af arði endanleg skattlagning. Það á

ekki við um sænska aðila. VPC heldur eftir aukalega 20% staðgreiðslu hjá einstaklingum, en skattur á arð til sænskra lögaðila er eftirágreiddur. Varðandi aðila búsetta í öðrum löndum þarf að kanna hvort í gildi er tvísköttunarsamningur við ríkið þar sem viðkomandi er heimilisfastur. Ef slíkur samningur er í gildi þarf að kanna hvort um sé að ræða skattlagningu umfram þá sem er á Íslandi.

Málaferli

Kaupþing Búnaðarbanki hf. á ekki í málaferlum eða gerðardómsmálum sem kunna að hafa veruleg áhrif á fjárhagsstöðu bankans.

Kostnaður

Kostnaður við skráningu hins nýja hlutafjár í Kauphöll Íslands hf. er áætlaður um 15 milljónir króna. Af þeirri upphæð eru 9.885.020 krónur vegna greiðslu á stimpilgjaldi sem nemur 0,5% af nafnverði nýs hlutafjár.

II Áhættuþættir

Eitt meginverkefni banka og fjármálastofnana er að meta áhættu, verðleggja hana og dreifa með skynsamlegum lánveitingum og fjárfestingum í öðrum eignum. Sökum þessa búa bankar við margvíslega áhættu í daglegri starfsemi sem hafa þarf eftirlit með og stýra. Eftirlit og stjórnun á áhættu Kaupþings Búnaðarbanka hf. fer fram með ýmsum hætti. Hjá bankanum er starfrækt sérstök deild, Áhættustýring og útlánaeftirlit, sem hefur yfirumsjón með áhættustýringu innan bankans. Innri endurskoðun bankans fylgist með starfsemi bankans og að reglum hans sé framfylgt og sé í raun í samræmi við það sem stjórn bankans hefur fyrirlagt.

Bandaríska matsfyrirtækið Moody's Investors Service veitti Búnaðarbanka Íslands hf. lánshæfismat í maí 2002. Lánshæfismat Búnaðarbanka Íslands hf. fyrir samrunann við Kaupþing banka hf. var A3 fyrir langtímaskuldbindingar en í þessum flokki er gefnar einkunnir frá AAA niður í C3. Fyrir skammtímaskuldbindingar var bankinn með einkunnina Prime-1 en gefið er frá Prime-1 niður í Prime-3 í þessum flokki. Þá var bankinn með einkunnina C fyrir fjárhagslegan styrk en í þessum flokki eru gefnar einkunnir frá A niður í E. Í tilkynningu Moody's frá því 14. apríl 2003 eftir að tilkynnt hafði verið um fyrirhugaðan samruna Kaupþings banka hf. og Búnaðarbanka Íslands hf., er mat Búnaðarbanka Íslands hf. staðfest. Á fyrsta starfsdegi sameinaðs banka, þann 27. maí 2003 birti matsfyrirtækið lánshæfismat sameinaðs banka og var það óbreytt eða A3/P-1/C.

Hér á eftir fer umfjöllun um helstu áhættuþætti í rekstri Kaupþings Búnaðarbanka hf. en ekki ber að líta svo á að þessi umfjöllun taki á öllum mögulegum áhættuþáttum í rekstri bankans né að hún sé tæmandi.

Orðsporsáhætta

Orðsporsáhætta felst í þeirri áhættu að bankinn verði fyrir fjárhagslegum skaða eða lánshæfi hans versni vegna mistaka í viðskiptum, rangra ákvarðana, gallaðra vinnubragða, eða þá að bankinn eða einhver honum tengdur fari á svig við lög og reglur, annað hvort almenn eða þeim sem gilda sérstaklega um starfsemi hans. Orðsporsáhætta er að finna nánast í öllum verkþáttum innan bankans og jafnframt í utanaðkomandi þáttum sem tengjast bankanum beint eða óbeint. Alls staðar þar sem nafn bankans er ritað eða tengt, er möguleg orðsporsáhætta. Eðli þessarrar áhættu er einnig slíkt að oft eru engir mælanlegir eða sjáanlegir fyrirvarar fyrir hendi sem gerir greiningu, mælingu og stýringu hennar afar vandasama.

Áhætta tengd fjárfestingu í hlutabréfum

Fjárfesting í hlutabréfum felur í sér margs kyns áhættu sem getur haft veruleg áhrif á virði fjárfestingarinnar. Dæmi um slíka áhættuþætti sem gætu haft veruleg áhrif á rekstur Kaupþings Búnaðarbanka hf., og þar með virði fjárfestingarinnar, eru markaðsáhætta, seljanleikaáhætta, mótaðilaáhætta og lagaleg áhætta. Ennfremur þarf að hafa í huga að hlutabréf eru afgangskrafa á eigið fé eða rekstrarvirði fyrirtækja. Það þýðir að komi til skipta fyrirtækis fá hluthafar það sem eftir stendur þegar öllum öðrum kröfum hefur verið mætt. Hlutabréf hafa víða erlendis gefið betri ávöxtun yfir löng tímabil í fortíðinni en skuldabréf. Þó finnast einnig löng tímabil þar sem ávöxtun hlutabréfa hefur verið verri en skuldabréfa og jafnvel neikvæð.

Þeim sem hyggjast fjárfesta í Kaupþingi Búnaðarbanka hf. skal bent á að engin trygging er fyrir ávöxtun bréfanna í framtíðinni og ættu fjárfestar að hafa í huga að jafnvel þótt hlutabréf geti almennt gefið góða ávöxtun er hætt við að fjárfesting í hlutabréfum einstakra félaga tapist. Þeim sem hyggjast fjárfesta í hlutabréfum er því bent á að huga vel að áhættudreifingu. Þá er vakin athygli á því að rekstrartekjur Kaupþings Búnaðarbanka hf. eða hinna sameinuðu banka, hafa verið mjög breytilegar milli ársfjórðunga af ýmsum ástæðum. Getur það valdið því að tekjur á tilteknum tímabilum reynist undir væntingum og hugsanlega haft neikvæð áhrif á verð hlutabréfa í bankanum.

Útlánaáhætta

Almennar reglur um lánveitingar og ábyrgðir eru settar af stjórn bankans að fenginni umsögn forstjóra bankans. Forstjórar bankans hafa síðan sett nákvæmar reglur um lánveitingar og ábyrgðir byggðar á hinum almennu reglum sem aðilar innan bankans með útlánaheimildir, svo sem útibússtjórar, starfa eftir. Þessu til viðbótar eru notuð vel skilgreind ferli við greiningu viðskiptamanna til að fá mat á lánshæfi.

Þegar ákvarðanir um útlán til fyrirtækja eru teknar er lagt til grundvallar mat á veðum, arðsemi, uppbyggingu efnahagsreiknings, stjórnun og samkeppnisumhverfi. Sömu meginreglur eiga einnig við um lán til einstaklinga. Í meginráttum hafa einstakir aðilar innan bankans, svo sem forstjórar, framkvæmdastjórar, útibússtjórar og ýmsir starfsmenn takmarkaðar útlánaheimildir en stærstu lánsbeiðnir fara fyrir Lánanevnd eða Fjármálanefnd bankans. Þar er ennfremur farið yfir stærri tilboð í útlán, rannar um fyrirgreiðslu til viðskiptamanna settir, auk þess sem skýrt er frá lánveitingum sem aðilar með takmarkaðar heimildir hafa veitt utan funda Lánanevndar.

Aukin áhersla hefur verið lögð á það í útlánnum bankans að bæta gæði útlánasafnsins. Það hefur verið gert með því að sækjast eftir viðskiptum við sterka aðila, en jafnframt hafa reglur um lánshæfi verið hertar nokkuð. Ennfremur er það stefna bankans að helstu atvinnugreinar hafi nokkuð jafnt vægi í viðskiptum við hann.

Í útlánastarfsemi er nauðsynlegt að vera viðbúinn því að hluti útlána tapist. Til að mæta hugsanlegum útlánatöpum leggur bankinn til hliðar í sérstakan afskriftareikning. Framlög vegna afskrifta útlána eru af tvennum toga. Annars vegar eru sérstök framlög vegna skuldbindinga sem hafa verið metnar í tapshættu. Hins vegar er framlag til að mæta almennri útlánaáhættu.

Stjórn bankans ákvarðar afskriftir útlána en er heimilt að fela forstjórum að taka ákvörðum um afskriftir útlána eftir reglum sem hún setur. Framlag í afskriftareikning samsvarar því ekki útlánatapi. Þegar útlán er talið endanlega tapað er lánið afskrifað og fært til lækkunar á afskriftareikningi útlána.

Á undanförunum árum hefur áhersla á fyrirbyggjandi aðgerðir vegna útlánaáhættu verið aukin. Útlánaeftirlit hefur verið styrkt, auk þess sem bankinn hefur nýtt sér þjónustu Lánstraust hf. og Intrum á Íslandi ehf. Lánstraust er séræft í söfnun upplýsinga um lánstraust einstaklinga og fyrirtækja, en Intrum

II Áhættuþættir

Afskriftareikningur Kaupþings Búnaðarbanka hf. 30. júní 2003	Sérstakur	Almennur	Samtals
Afskriftareikningur útlána í byrjun tímabilsins	3.632	2.131	5.763
Framlag í afskriftareikning á tímabilinu	1.061	317	1.378
Gengismunur vegna þýðingar	5	1	6
Endanlega töpuð útlán	(189)	(17)	(206)
Afskriftareikningur í lok tímabils	4.509	2.432	6.941
Afskriftareikningur útlána í hlutfalli af útlánnum og veittum ábyrgðum	1,5%	0,8%	2,3%
Veittar ábyrgðir utan efnahagsreiknings			15.278

(milljónir króna)

í nýjungum í vanskilainnheimtu að erlendri fyrirmynd. Samstarf við þessa aðila er talið styrkja verulega innheimtuferli bankans og útlánaeftirlit.

Lagaleg áhætta

Allur rekstur Kaupþings Búnaðarbanka hf. felur í sér umtalsverða lagaáhættu. Veruleg hættu er á að bankinn verði krafinn um skaðabætur sem milliaðili í viðskiptum eða sem ráðgjafi í viðskiptum annarra. Dæmi um þetta er réttmæti verðmats á fyrirtæki sem bankinn tekur að sér og deilur um túlkun ákvæða í samningum um margþætt og flókin viðskipti. Einnig er hættu á að mótaðilar í flóknum og áhættusömum viðskiptum haldi því fram að bankinn hafi ekki upplýst þá nægilega vel um áhættu sem fólgin er í umræddum viðskiptum og að ósanngjarn mismunur sé á möguleikum mótaðila og bankans til að kynna sér þá áhættu. Einnig getur komið í ljós að viðkomandi starfsmaður mótaðila hafði ekki heimild til að samþykkja viðkomandi viðskipti og því ekki hægt að framfylgja samningnum. Kaupþing Búnaðarbanki hf. getur einnig orðið fyrir skaða vegna deilna við starfsfólk og verið sakað um ólögmetar uppsagnir, mismunur eða að hafa ekki hindrað ólöglegt áreiti annarra starfsmanna. Áhættuþætti sem þessa er mjög erfitt að meta og stærð þeirra og umfang getur verið óþekkt í umtalsverðan tíma. Hluti af rekstrarkostnaði bankans er vegna lagalegra þátta líkum þeim sem að framan eru taldir og gera má ráð fyrir að hann muni aukast eftir því sem bankinn stækkar og reksturinn verður margþættari. Þá má einnig gera ráð fyrir að í kjölfar niðursveiflu á hlutabréfamörkuðum fjölgi kröfum á hendur fjármálafyrirtækjum.

Fyrirtæki eins og Kaupþing Búnaðarbanki hf. eru mjög háð ytri rekstrarskilyrðum, bæði þeirri efnahagsumgjörð og því lagaumhverfi sem bankinn starfar í hverju sinni. Bankinn þarf sem fjármálafyrirtæki að lúta eftirliti opinberra aðila og fylgja fjölmörgum reglum, bæði hér á landi og erlendis. Reglur þessar eru umfangsmiklar og breytast ört. Bankinn gæti þurft að sæta rannsókn eða afskiptum opinberra aðila eða þurft að innleiða nýjar reglur sem geta verið kostnaðarsamar í framkvæmd eða takmarkað starfsemi bankans. Þá gæti bankinn þurft að greiða sektir eða sæta hömlum á starfsemi sinni. Með aðild Íslands að EES eru bankanum búin áþekkt skilyrði og fyrirtækjum í öðrum Evrópulöndum. Hins ber þó að gæta að lítil reynsla er komin á túlkun og eftirfylgni reglna sem lúta að verðbréfavíðskiptum á Íslandi og því starfa verðbréfafyrirtæki á Íslandi við meiri lagaóvissu en víðast hvar í nágrannalöndunum.

Nýjar lagasetningar og nýjar túlkanir framkvæmdar- og eftirlitsaðila á gildandi lögum kunna að hafa veruleg áhrif á möguleika bankans til áframhaldandi tekju-myndunar eða vaxtar. Annars konar lagagjörningar sem snúa að viðskiptavinum bankans kunna einnig að verða til þess að möguleikar eða vilji þeirra til að nota þjónustu bankans minnki verulega. Dæmi um slíkt er breyting á skattalöggjöf þannig að skattalega óhagkvæmt yrði að selja verðbréf með gengishagnaði, en það myndi vissulega draga úr viðskiptum bankans. Þar sem Kaupþing Búnaðarbanki hf. starfar ennfremur í mörgum löndum í mismunandi lagaumhverfi er hættu á að vanþekking og reynsluleysi starfsmanna valdi fyrirtækinu tjóni eða álitshnekki eða myndi skaðabótaskyldu. Dæmi um slíkt er ef starfsmaður framfylgir ekki skyldum sínum um árvekni gagnvart peningþvætti og síðar kemur í ljós eða ásakanir eru hafðar uppi um að um slíkt hafi verið að ræða. Í slíkum tilvikum getur bæði verið um að ræða hættu á skaðabótaskyldu og álitshnekki sem skaðar bankann.

Ekki eru við útgáfu þessarar skráningarlýsingar rekin nein dómsmál á hendur Kaupþingi Búnaðarbanka hf. sem kunna að hafa veruleg áhrif á rekstur bankans eða efnahag. Þá er bankanum ekki kunnugt um að neinar slíkar málshöfðanir séu yfirvofandi né heldur neinar truflanir sem hafa haft eða geta haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu Kaupþings Búnaðarbanka hf.

Rekstraráhætta

Rekstraráhætta snýr að innviðum fyrirtækisins, hæfni starfsfólks og áreiðanleika starfsferla og upplýsingakerfa fyrirtækisins. Samkeppni lýtur að því að keppinautar nái til sín viðskiptum frá Kaupþingi Búnaðarbanka hf. eða séu sneggrir en bankinn að tileinka sér nýjungar í rekstri og hindri þannig frekari vöxt bankans. Áhætta í rekstrarumhverfi lýtur að lagalegri áhættu svo og framþróun á alþjóðlegum fjármálamörkuðum.

Ef mistök verða hjá Kaupþingi Búnaðarbanka hf. í upp-gjöri viðskipta kann bankinn að glata þeim fjármunum sem honum verður ef til vill á að senda á rangan stað. Stór hluti viðskipta bankans á sér stað í gegnum síma og ef ágrein-ingur kemur upp gæti Kaupþing Búnaðarbanki hf. þurft að taka á sig tjón.

Starfsemi Kaupþings Búnaðarbanka hf. er háð upplýsingakerfum og komi til bilunar þeirra kann það að leiða til stórfellds tjóns. Dæmi um atvik sem leiða til tjóns eru til dæmis kerfisbundnar villur í forritum, veitur sem valda usla í upplýsingakerfum, vélbúnaður sem bregst á álagstímum og árás tölvuþrjóta á vefsvæði eða önnur tölvukerfi bankans.

Takmarkanir á möguleikum starfsfólks til að spá fyrir um besta fyrirkomulag við skipulag og við uppbyggingu tölvukerfa kann að verða til þess að tölvukerfi anni ekki viðskiptamagninu eða geti ekki tekið við og haldið utan um þær tegundir viðskipta sem nauðsynlegt er, svo bankinn nái að viðhalda tekjum og vaxa enn frekar.

Kaupþing Búnaðarbanki hf. kappkostar að laða til sín hæft starfsfólk og hefur nú á að skipa fjölda fólks með reynslu á fjármálamarkaði og góða menntun. Hætta er á að öðrum fyrirtækjum takist að laða þetta starfsfólk til sín en brott-hvarf lykilstarfsmanna getur haft neikvæð áhrif á rekstur bankans. Dómgreind starfsmanna bankans eins og annarra, getur brostið og ef starfsmönnum verður á að brjóta af sér í starfi getur það haft alvarlegar afleiðingar, meðal annars fyrir viðskiptavild bankans, auk þess sem slík brot geta valdið bankanum umtalsverðu tjóni, hvort sem um er að ræða brot af gáleysi eða ásetningi. Þekking starfsmanna Kaupþings Búnaðarbanka hf. er verðmæt. Ef bankanum mistekst að bjóða þeim góð starfsskilyrði og samkeppnishæf laun er hætt við að keppinautar reyni að fá þá til sín. Keppinautar Kaupþings Búnaðarbanka hf. um starfsfólk eru þekkingarfyrirtæki almennt, en ekki einvörðungu fjármálafyrirtæki.

Til að mæta rekstraráhættu hvers konar hefur bankinn keypt margvíslegar váttryggingar sem tryggja hann gegn tjóni. Um er að ræða brunatryggingar, húseigendatryggingar, lausafjártryggingar, peningaflutningatryggingar, stjórnendaábyrgðartryggingar (e. directors and officers liability insurance), tryggingar gegn tölvuglæpum, tryggingar gegn óheiðarleika í starfi og tryggingar vegna mistaka í starfi. Ekki hefur reynt á tryggingar bankans þannig að það hafi haft áhrif á rekstur hans eða til umtalsverðrar hækkunar iðgjalda. Um tryggingar bankans gilda ýmist íslenskir skilmálar eða enskir skilmálar, eftir því hvar áhættan er tryggð.

Samkeppnisáhætta

Mikil samkeppni ríkir á þeim markaði sem Kaupþing Búnaðarbanki hf. starfar Fyrirtæki á fjármálamarkaði hafa jafnframt í auknum mæli sameinað krafta sína og mörg stór og fjárhagslega sterk fyrirtæki geta boðið sömu þjónustu og Kaupþing Búnaðarbanki hf. Til dæmis má nefna að bankinn gæti misst umtalsverð viðskipti úr eignastýringu ef ekki tekst að bregðast hratt við aðgerðum samkeppnisaðila hverju sinni.

Keppinautar Kaupþings Búnaðarbanka hf. eru meðal annars innlendir bankar og verðbréfafyrirtæki, auk erlendra fyrirtækja, þar á meðal þau erlendu fyrirtæki sem hafa sótt inn á íslenskan markað.

Viðskipti framkvæmd yfir Internetið hafa aukist gríðarlega á síðustu árum og má gera ráð fyrir að slík viðskipti eigi eftir að færast í vöxt. Þessi þróun kann að gjörbreyta og jafnvel þurrka upp ákveðnar tekjulindir fyrirtækja eins og Kaupþings Búnaðarbanka hf. í framtíðinni.

Önnur fjármálafyrirtæki, eins og eignarleigur og tryggingafélög, veita þjónustu sem er í beinni samkeppni við vörur Kaupþings Búnaðarbanka hf. Búast má við aukinni

samkeppni úr þeirri átt á næstu árum. Þar að auki hafa mörg smærri og sérhæfðari fjármálafyrirtæki hafið rekstur. Því má gera ráð fyrir aukinni samkeppni frá slíkum fyrirtækjum í framtíðinni.

Nýjar afurðir eru sífellt að ryðja sér til rúms í fjármálaheiminum enda miðast starfsemin við að uppfylla síbreytilegar þarfir en ekki einvörðungu að bjóða ákveðnar afurðir til lengri tíma. Starfsmenn og stjórnendur þurfa að geta tileinkað sér ný vinnubrögð og hugsunarhátt til að standast samkeppni í þessu umhverfi. Engin trygging er fyrir að það takist.

Markaðsáhætta

Ástand á fjármálamörkuðum og efnahagsástand almennt, á Norðurlöndum sem og annars staðar, hefur áhrif á rekstur Kaupþings Búnaðarbanka hf. Niðursveiflur í hagkerfinu geta haft slæm áhrif á rekstur bankans með margvíslegum hætti. Markaðsaðstæður geta einnig haft áhrif á rekstur bankans þrátt fyrir að ekki sé um að ræða eiginlegar niðursveiflur, enda er markaðsáhætta einn margra þátta í starfsemi bankans og á Kaupþing Búnaðarbanki hf. meðal annars töluvert magn af óskráðum hlutabréfum og skuldabréfum. Ljóst er að breytingar á verðmæti skráðra sem óskráðra hlutabréfa og skuldabréfa í eigu Kaupþings Búnaðarbanka hf. skipta miklu máli í rekstri bankans. Þá geta markaðir á Norðurlöndum verið sérstaklega viðkvæmir fyrir sveiflum í tilteknum atvinnugreinum eða jafnvel afkomu hjá tilteknum fyrirtækjum.

Ef kemur til verulegra sveiflna eða óvissu á markaði er möguleiki á að Kaupþing Búnaðarbanki hf. verði fyrir verulegu tapi af stöðum sínum. Þannig gæti bankinn mögulega tapað á eignastöðum sínum að því marki sem sveiflur á verði verða niður á við og að sama skapi tapað á skortstöðum sínum ef sveiflurnar verða upp á við. Með skortstöðum er átt við stöður þar sem Kaupþing Búnaðarbanki hf. fær lánuð verðbréf eða gjaldmiðla og selur án þess að verja stöðuna með öðrum hætti. Að auki kann bankinn að eiga stöður sem geta valdið tapi ef sveiflur á markaðsstærðum aukast eða minnka. Dæmi um slíkt er ef Kaupþing Búnaðarbanki hf. selur (skrifar) valrétt á tiltekna markaðsstærð en þá mun fyrirtækið allajafna verða fyrir tapi ef flökt (e. volatility) markaðsstærðarinnar eykst á líftíma valréttarins og öfugt, ef Kaupþing Búnaðarbanki hf. kaupir valrétt á tiltekna markaðsstærð mun fyrirtækið verða fyrir tapi ef flökt minnkar á líftíma valréttarins. Þetta kann að gerast þó svo að umræddar markaðsstærðir hækki hvorki né lækki að meðaltali yfir umrætt tímabil.

Niðursveifla á markaði mun líklega hafa neikvæð áhrif á tekjur af þjónustu Kaupþings Búnaðarbanka hf. við fyrirtæki þar sem líkur eru á að fjöldi útboða, sameininga og kaupa á fyrirtækjum dragist saman við slík skilyrði. Þóknatekjur af viðskiptum og umsýsluþóknar geta einnig minnkað verulega ef markaðir lækka. Í slíkum tilfellum er líklegt að magn viðskipta og þar með tekna dragist saman. Fækkun útboða, sameininga og kaupa á fyrirtækjum á Norðurlöndum myndi væntanlega hafa neikvæð áhrif á rekstur bankans Ennfremur eru umsýslutekjur að miklu leyti tengdar markaðsvirði safna viðskiptavina bankans

og almennar lækkanir á markaði leiða að jafnaði til þess að markaðsvirði þeirra dregst saman og tekjur Kaupþings Búnaðarbanka hf. þar með. Ennfremur getur lækkun á markaði leitt til mikilla innlausna í sjóðum sem bankinn hefur beint eða óbeint umsýslu með.

Óháð markaðsaðstæðum er auk þess hættu á að dræm ávöxtun sjóða og safna í beinni eða óbeinni umsýslu Kaupþings Búnaðarbanka hf. leiði til innlausna og minnkandi fjármuna í eignastýringu sem aftur mun leiða til minni tekna.

Stórar stöður í einstökum útgáfum verðbréfa, eða heildarkröfum á einstakan mótaðila eða hóp fjárhagslega tengdra mótaðila, hafa stundum leitt til verulegs taps og líkur eru á að slíkt geti endurtekið sig. Kaupþing Búnaðarbanki hf. tekur oft á sig stórar stöður af þessu tagi sem eru mun áhættusamari en fjárfesting fyrir sömu upphæð í breiðu verðbréfasafni þar sem stöðurnar njóta ekki áhættudreifingar. Umræddar stöður kunna að vera það stórar að markaðsverð sem myndast á opnum markaði er ekki nákvæmt í þeim skilningi að möguleiki geti verið á því að selja stöðuna hærra verði en markaðsverði ef hún er seld í einu lagi, auk þess sem hún feli í sér réttindi sem nýtast einungis ef staðan er seld í heild sinni (til dæmis stór eignarhlutur í hlutafélagi). Á móti má segja að stöðu, sem er stór miðað við dýpt markaðar, er ekki hægt að selja samdægurs á markaðsvirði sem er þá einungis jaðarverð. Takmarkaður seljanleiki, sem fólgin er í stórum stöðum eða kröfum á einstakan eða tengda aðila, kann að leiða til verulegs taps ef kemur til greiðsluþrots einstaks mótaðila sem er útgefandi slíkra verðbréfa eða krafna og um leið haft alvarleg áhrif á rekstur bankans.

Í áhættustýringu sinni styðst Kaupþing Búnaðarbanki hf. að hluta til við söguleg gögn um samband gengis mismunandi verðbréfa og hreyfinga markaðsstærða. Ekki er nein trygging fyrir að þessi tengsl haldist í framtíðinni en ef þau breytast getur það haft umtalsverð áhrif á starfsemi bankans.

Upplýsingar um afkomu Kaupþings Búnaðarbanka hf. byggjast á reiknuðum hagnaði og/eða tapi á ákveðnu tímabili í fortíðinni og kann hvort tveggja að vera óinnleyst að hluta. Útreikningarnir byggja í tilviki skráðra bréfa á markaðsverði skráðu í lok viðkomandi tímabils af viðkomandi kauphöll og kann það verð að miðast við viðskiptamagn sem er mun minna en staða bankans hverju sinni. Því er engin trygging fyrir því að hagnaður eða tap, sem gefið er upp í uppgjörum eða öðrum afkomu-tilkynningum, sé innleysanlegt í námunda við það gengi sem miðað er við í útreikningum.

Varnir þær sem Kaupþing Búnaðarbanki hf. setur upp til að verja skuldbindingar sínar og eignir kunna að vera ófullkomnar og standast til dæmis ekki þær markaðshreyfingar eða laga-breytingar sem verða í framtíðinni. Til að mynda kunna breytingar í skattalöggjöf að leiða til þess að afleiðutengdir samningar myndi skuldbindingu hjá bankanum sem er ekki að fullu sambærileg við þær varnir sem settar eru upp og taldar jafngildar fyrir lagabreytinguna. Markaðsáhætta getur haft þau áhrif að aðrar tegundir áhættu

aukast. Dæmi um slíkt er þegar lækkanir á markaði verða til þess að þörf á lausafé eykst á sama tíma og erfiðara verður að afla þess. Ennfremur geta lækkanir á markaði orðið til þess að geta mótaðila til að standa við skuldbindingar gagnvart Kaupþingi Búnaðarbanka hf. minnki og að virði trygginga sem fengnar hafa verið minnki að sama skapi. Hvort um sig getur orðið til þess að bankinn verði fyrir verulegu tapi.

Líkanaáhætta

Talsverð áhersla hefur verið lögð á að byggja upp áhættustýringu og þróa áhættustýringarkerfi innan Kaupþings Búnaðarbanka hf. Búast má við að sú þróun haldi áfram, en þrátt fyrir það er ekki hægt að tryggja að þær aðferðir sem notaðar eru á hverjum tíma séu nægjanlega skilvirkar til að meta eða dreifa áhættu bankans við allar hugsanlegar aðstæður. Sérstaklega á þetta við um óþekkta eða óvanta áhættuþætti eða þá þætti sem áhættu- og markaðslíkön ná ekki að lýsa nægilega vel. Aðferðir þær sem beitt er byggjast ennfremur flestar á einhvern hátt á sögulegum gögnum og því er engin trygging fyrir því að þau gefi réttar upplýsingar um raunverulegt áhættustig sem kann að vera umtalsvert hærra en aðferðirnar gefa til kynna. Áhættustýringaraðferðirnar byggjast ennfremur á ýmsum gögnum sem eru opinber eða hefur verið safnað af Kaupþingi Búnaðarbanka hf. Gögnin eru mjög víðtæk og margs konar upplýsingar þarf að skrá, viðhalda og yfirfara. Því er hættu á að gögn sem notuð eru við áhættustýringu séu ónákvæm eða innihaldi villur sem aftur leiðir til vanmetinnar áhættu.

Lausafjáraáhætta

Kaupþing Búnaðarbanki hf. reiðir sig að stórum hluta á samfelldan aðgang að fjármagnsmörkuðum fyrir bæði langtíma- og skammtíma fjármögnun. Verði samdráttur í fjármagni á lánamörkuðum getur það heft aðgang bankans að lánamörkuðum og stefnt lausafjástöðu bankans í hættu. Lánardrottinnar kunna að mynda sér neikvæða skoðun á greiðslugetu bankans í framhaldi af tapi vegna viðskipta sem bankinn á þátt í. Það leiðir aftur til lakari lánakjara og minna magns aðgengilegs fjármagns. Niðursveifla á verðbréfamarkaði getur einnig leitt til þess að margir aðilar reyni að selja verðbréf á sama tíma til fjármögnunar og það getur leitt til enn frekari lækkunar bréfanna. Hvort tveggja getur leitt til þess að bankinn þurfi að selja eignir á mjög lækkuðu verði.

Þegar framboð á lánsfjármagni minnkar af einhverjum ástæðum er hættu á að fjármögnunarkostnaður hækki verulega, en það getur aftur leitt til minnkandi afraksturs og þannig haft veruleg áhrif á afkomu og samkeppnisstöðu bankans.

Mótaðilaáhætta

Kaupþing Búnaðarbanki hf. ber þá áhættu að þeir aðilar sem bankinn á í viðskiptum við, til dæmis aðilar sem skulda fyrirtækinu peninga, verðbréf eða aðrar eignir, standi ekki við sínar skuldbindingar. Þessir aðilar geta verið mótaðilar í viðskiptum, viðskiptavinir, vörsluaðilar og aðrir mögulegir milliliðir í verðbréfavíðskiptum. Ástæður fyrir því að þessir aðilar standa ekki við skuld-

bindingar gætu meðal annars verið gjaldþrot, greiðsluþrot eða annars konar rekstrarerfiðleikar. Kaupþing Búnaðarbanki hf. getur orðið fyrir því að fá ekki kröfur greiddar við ýmis skilyrði, meðal annars þegar bankinn á verðbréf útgefin af aðilum sem lenda í gjaldþroti, fær ekki afhent bréf sem það hefur keypt eða mótaðili greiðir ekki lán eða gerir ekki upp afleiðusamninga á gjald-
daga.

Umtalsvert tap getur myndast við greiðslufall mótaðila. Slík töp einkennast jafnan af því að þau henda sjaldnar en töp vegna markaðshreyfinga en eru stærri í hvert sinn. Samkeppnisaðstæður kunna að leiða til þess að þrýstingur myndist á Kaupþing Búnaðarbanka hf. að taka á sig meiri lánaáhættu og til lengri tíma en nú er.

Greiðsluþrot stórs markaðsaðila getur haft veruleg og neikvæð áhrif á fjármálamarkaði almennt og um leið Kaupþing Búnaðarbanka hf. sérstaklega. Fjárhagslegur stöðugleiki einstakra fjármálastofnana er innbyrðis háður stöðugleika þeirra allra vegna lánaviðskipta og annarra viðskipta milli stofnana. Afleiðing þessa er sú að ef ein stofnun lendir í erfiðleikum er mikil hætta á að almennur lausafjárskortur myndist og í framhaldi af því greiðsluþrot fleiri stofnana. Þessi tegund áhættu er jafnan nefnd kerfisbundin áhætta (e. systematic risk). Bankinn getur enn fremur orðið óbeint fyrir verulegum áhrifum vegna hennar gegnum vörsluaðila, kauphallir og uppgjörsaðila.

Upplýsingar Kaupþings Búnaðarbanka hf. um lánshæfi mótaðila eru byggðar á mati bankans samkvæmt fáanlegum upplýsingum og bestu vitund og þekkingu starfsmanna bankans hverju sinni. Hins vegar er hætta á að upp komi aðstæður þar sem erfitt er að sjá fyrir eða koma auga á mögulegt greiðsluþrot viðkomandi mótaðila og þar með hugsanlegt tap bankans. Dæmi um þetta eru þegar mótaðili veitir svíksamlega villandi upplýsingar eða þegar einungis ófullkomnar upplýsingar eru til um lánshæfi viðkomandi. Í öðrum tilvikum kunna tryggingar, sem teknar hafa verið fyrir greiðslu skuldbindinga, að reynast ófullnægjandi eða ekki innleysanlegar þegar á reynir.

Þau atriði sem fjallað er um í þessum kafla eru ekki einu áhættuþættirnir sem tengjast Kaupþingi Búnaðarbanka hf. Margs konar aðrir áhættuþættir felast í fjármálastarfsemi, þar á meðal geta áhættuþættir sem ekki er vitað um eða eru ekki taldir skipta verulegu máli að sinni, haft áhrif á starfsemi bankans. Í tengslum við áhættuþætti er rétt að hafa í huga að starfsemi bankans fer fram í ýmsum löndum, samanber umfjöllun í kafla IV um dótturfélög Kaupþings Búnaðarbanka hf. Áhætta er fólgin í því að reka starfsemi á mörgum stöðum á erlendri grundu, þó jafnframt felist í því ákveðin áhættudreifing. Þá er áhætta fólgin í hröðum vexti bankans.

III Hlutfé og eignarhald

Hlutfé og eignarhald

Útgefið hlutfé Kaupþings Búnaðarbanka hf. hinn 29. ágúst 2003 nemur 4.127.741.090 krónum að nafnvirði sem skiptist í 412.774.109 hluti. Hverjum hlut fylgir eitt atkvæði. Allir hlutir eru í sama flokki og hafa sömu réttindi. Allt hlutfé er þegar greitt. Eigin hlutir Kaupþings Búnaðarbanka hf. eru 16.497.870 og nema 4,0% þann 29. ágúst 2003. Kaupþing Búnaðarbanka hf. á einnig með óbeinum hætti 2,4% hlut með eignarhlut sínum í Meiði ehf. sem er stærsti hluthafi í bankanum.

Þróun hlutfjár

Kaupþing banki hf. og Kaupþing Búnaðarbanka hf. - Þróun hlutfjár síðastliðin þrjú ár

Dagsetning	Skýring breytingar hlutfjár	Breyting á fjölda hluta	Uppsafnaður fjöldi hluta	Nafnverð hlutar	Uppsafnað nafnverð hluta
01.01.2000	Staða hlutfjár í upphafi ársins 2000		88.608.926	1	88.608.926 kr.
20.06.2000	Jöfnun	700.000.000	788.608.926	1	788.608.926 kr.
26.10.2000	Almennt útboð fyrir frumskráningu, gengi 10,25	180.000.000	968.608.926	1	968.608.926 kr.
09.05.2001	Nýir hlutir v/ kaupa á eignastýringu Frjálsa Fjárfestingabankans	40.000.000	1.008.608.926	1	1.008.608.926 kr.
27.06.2001	Almennt útboð, gengi 12,4	200.000.000	1.208.608.926	1	1.208.608.926 kr.
20.12.2001	Nýir hlutir til að mæta valrétti starfsmanna, gengi 10,25	807.200	1.209.416.126	1	1.209.416.126 kr.
19.12.2001	Nýir hlutir v/ kaupa á Frjálsa Fjárfestingabankanum	339.210.058	1.548.626.184	1	1.548.626.184 kr.
29.12.2001	Nýir hlutir v/ kaupa á Sofi	80.000.000	1.628.626.184	1	1.628.626.184 kr.
14.10.2002	Nýir hlutir v/ kaupa á Sofi, afkomutengd greiðsla	17.450.612	1.646.076.796	1	1.646.076.796 kr.
13.11.2002	Nýir hlutir v/ sameiningar við Auðlind	241.829.070	1.887.905.866	1	1.887.905.866 kr.
13.11.2002	Nýir hlutir til að mæta valrétti starfsmanna, gengi 10,25	2.831.200	1.890.737.066	1	1.890.737.066 kr.
15.11.2002	Jöfnun og hækkun á nafnverði hvers hlutar	-1.701.663.360	189.073.706	10	1.890.737.060 kr.
12.12.2002	Nýir hlutir v/ kaupa á JP Nordiska	26.000.000	215.073.706	10	2.150.737.060 kr.
26.05.2003	Nýir hlutir v/ sameiningar við Búnaðarbanka Íslands	197.700.403	412.774.109	10	4.127.741.090 kr.
29.08.2003	Heildarhlutfé		412.774.109	10	4.127.741.090 kr.

Skráning á markaði

Hlutir í Kaupþingi Búnaðarbanka hf. eru skráðir í Kauphöll Íslands hf. undir auðkenninu KAUP. Hver viðskiptalota nemur 1000 hlutum. Ekki er viðskiptavakt á bréfum Kaupþings Búnaðarbanka hf. á Íslandi.

Kaupþing Búnaðarbanka hf. (þá Kaupþing banki hf.) fékk skráningu á O-lista kauphallarinnar í Stokkhólmi þann 20. desember 2002. Hlutir í Kaupþingi Búnaðarbanka hf. eru skráðir í kauphöllinni í Stokkhólmi undir auðkenninu KAUP SEK. Hver viðskiptalota nemur 1000 hlutum. Sænska fjármálafyrirtækið Hagströmer & Qviberg sér um viðskiptavakt með hluti í Kaupþingi Búnaðarbanka hf. í Svíþjóð.


Verðþróun hluta í Kaupþingi Búnaðarbanka hf.

Myndin hér fyrir neðan sýnir verðþróun hluta í Kaupþingi Búnaðarbanka hf. í samanburði við Úrvalsvísitölu Kauphallar Íslands hf. frá upphafi árs 2001 til 28. ágúst 2003. Myndin sýnir gengi hlutanna og vísitöluna með þeim hætti að upphafsgildi beggja stærða er sett jafnt 100 í byrjun tímabilsins. Hlutir í Kaupþingi Búnaðarbanka hf.

Hluthafafundur í Kaupþingi banka hf. þann 26. maí 2003 veitti stjórn heimild til að gefa út nýtt hlutfé til hluthafa í Búnaðarbanka Íslands hf. sem greiðslu fyrir hluti þeirra í Búnaðarbanka Íslands hf., allt að 2.004.250.000 krónur að nafnvirði. Á stjórnarfundi þann 26. maí 2003 nýtti stjórn Kaupþings Búnaðarbanka hf. heimildina og ákvað að gefa út samtals 1.977.004.030 krónur að nafnvirði, eða 197.700.403 hluti til hluthafa í Búnaðarbanka Íslands hf.

voru fyrst skráðir í október 2000 á útboðsgenginu 10,25 sem samsvarar nú 102,5 en til að laga nafnverð hluta betur að verðgildi sænsku krónunnar var hlutum fækkað í hlutfallinu 10:1.

Gengisþróun Kaupþings Búnaðarbanka hf. og áður Kaupþings banka hf. 1. janúar 2001 - 28. ágúst 2003




Verðþróun hluta í Búnaðarbanka Íslands hf.

Myndin hér fyrir neðan sýnir á sama hátt verðþróun hluta í Búnaðarbanka Íslands hf. í samanburði við Úrvals-vísitölu Kauphallar Íslands hf. frá upphafi árs 2001 til afskráningar.

Gengisþróun Búnaðarbanka Íslands hf.

1. janúar 2001 – 26. maí 2003



Hluthafar í Kaupþingi Búnaðarbanka hf.

Hinn 29. ágúst 2003 eru hluthafar Kaupþings Búnaðarbanka hf. 30.307 talsins. Tuttugu stærstu hluthafar í bankanum eru sýndir í töflunni hér fyrir neðan ásamt eignarhlut þeirra.

Hlutaskrá 29. ágúst 2003	Fjöldi hluta og eignarhlutur	
Meiður ehf.	51.694.437	12,5%
Egla ehf.	39.202.254	9,5%
Fjármálaráðuneytið	36.713.224	8,9%
Arion verðbréfavarsla - Safnr. bréfa í VPC	19.623.431	4,8%
Eignarhaldsfélagið Sveipur ehf.	18.441.615	4,5%
Lífeyrissjóður verslunarmanna	15.698.199	3,8%
Lífeyrissjóðir Bankastræti 7	14.297.007	3,5%
Vátryggingafélag Íslands hf.	12.191.638	3,0%
Kaupþing Búnaðarbanki hf.	10.766.607	2,6%
Kaupþing Luxembourg S.A.	9.884.206	2,4%
Samvinnulífeyrissjóðurinn	7.498.696	1,8%
Sparisjóðurinn í Keflavík	7.413.027	1,8%
Lífeyrissjóðurinn Framsýn	6.866.361	1,7%
Lífeyrissjóður sjómanna	6.310.060	1,5%
Fjárfestingafélagið Freyr ehf.	5.811.592	1,4%
Kaupþing hf. fjárfestingaverðbréf	5.726.810	1,4%
Ferradis Holdings S.A.	5.363.014	1,3%
Föroya Sparikassi	4.867.411	1,2%
Eftirlausn. starfsmanna Búnaðarbankans	4.653.817	1,1%
Eignarhaldsfélag Samvinnutrygginga svf.	4.344.646	1,1%
Samtals 20 stærstu	287.368.052	69,6%
30.287 aðrir hluthafar	125.406.057	30,4%
Heildarfjöldi hluta	412.774.109	100,0%

Um helstu hluthafa

Meiður ehf. er fjárfestingarfélag í meirihlutaeigu Bakkabræðra Holding S.A.R.L. sem á 59,1% hlut í félaginu. Kaupþing Búnaðarbanki hf. á 19,2% hlut í félaginu, auk þess sem Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis, Sparisjóðurinn í Keflavík, Sparisjóðabanki Íslands hf., Sparisjóður Mýrarsýslu, Sparisjóður Húnaþings og Stranda, Sparisjóður Siglufjarðar, Sparisjóður Svarfdæla og Sparisjóður Vestfirðinga eiga samtals 21,7% hlut. Eigendur Bakkabræðra Holding S.A.R.L. eiga einnig 0,6% hlut í Kaupþingi Búnaðarbanka hf. í nafni Bakkabræðra sf. Þá eiga framangreindir sparissjóðir í eigin nafni samtals 2,5% hlut í bankanum. Ásgeir Thoroddsen, stjórnarmaður í Kaupþingi Búnaðarbanka hf., og Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings Búnaðarbanka hf., sitja í stjórn Meiðs ehf. Lýður Guðmundsson, annar eigenda Bakkabræðra Holding S.A.R.L., er stjórnarformaður Meiðs ehf.

Þann 16. janúar 2003 seldi Ríkissjóður Íslands 45,8% hlut sinn í Búnaðarbanka Íslands hf. Kaupendur voru Egla ehf. (32,61%), Vátryggingafélag Íslands hf. (5,82%), Samvinnulífeyrissjóðurinn (3,89%) og Eignarhaldsfélagið Samvinnutryggingar svf. (3,48%). Egla ehf. er eignarhaldsfélag um hluti í Búnaðarbanka Íslands hf. og eru hluthafar Eglu ehf. þýski bankinn Hauck&Aufhäuser Privatbankiers KGaA (50%), Ker hf. (49,4%) og Vátryggingafélag Íslands hf. (0,6%). Kaupendur fengu 27,48% hlutafjár afhent í kjölfar undirritunar kaupsamnings en 18,32% verða afhent eigi síðar en 20. desember 2003. Samkvæmt samningi Ríkissjóðs við framangreinda aðila koma þeir fram sem einn hluthafi. Þeir hlutir sem þegar hafa verið afhentir nema samtals 13,3% heildarhlutafjár í Kaupþingi Búnaðarbanka hf., en framangreindir aðilar eiga samtals 15,3% í bankanum. Þeir hlutir sem Ríkissjóður á eftir að afhenda nema 8,9% í Kaupþingi Búnaðarbanka hf.

Hlutir sem skráðir eru hjá sænsku verðbréfaskráningunni VPC eru allir á einum safnreikningi í hlutaskrá Kaupþings Búnaðarbanka hf. hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. Reikningurinn er á nafni Arion verðbréfavörslu og sérstaklega auðkenndur sem safnreikningur. Hlutum á safnreikningi fylgir ekki atkvæðisréttur á hluthafafundum.

Eignarhaldsfélagið Sveipur er í eigu Hannesar Þórs Smárásonar.

Eigin hlutir Kaupþings Búnaðarbanka hf. þann 29. ágúst 2003 eru 16.497.870, eða 4,0% af heildarfjölda útgefinna hluta. Þar af eru 5.731.263 hlutir skráðir hjá VPC, sænsku verðbréfaskráningunni. Kaupþing Búnaðarbanki hf. á einnig með óbeinum hætti 2,4% hlut með eignarhlut sínum í Meiði ehf.

Kaupþing hf. fjárfestingaverðbréf er safn verðbréfa sem bankinn hefur gert afleiðusamninga um. Kaupþing Búnaðarbanki hf. er lögformlegur eigandi bréfa en viðskiptavinir bankans bera markaðsáhattu bréfa. Hvorki Kaupþing Búnaðarbanki hf. né aðrir fara með atkvæðisrétt vegna þessara bréfa.

Samningar um söluhömlur á hlutum (e. lock-up)

Þann 16. janúar 2003 seldi Ríkissjóður Íslands 45,8% hlut sinn í Búnaðarbanka Íslands hf. Kaupendur voru Egla ehf., Vátryggingafélag Íslands hf., Samvinnulífeyrissjóðurinn

og Eignarhaldsfélagið Samvinnuþryggingar svf. Samkvæmt samningi Ríkissjóðs Íslands við framangreinda aðila koma þeir fram sem einn hluthafi og er þeim óheimilt að selja sem nemur þriðjungu heildarhlutfjár Búnaðarbanka Íslands hf., sem jafngildir samtals 16,2% í Kaupþingi Búnaðarbanka hf., í 21 mánuð frá undirritun kaupsamningsins nema að fengnu skriflegu samþykki seljanda.

Þegar Kaupþing Búnaðarbanki hf. (þá Kaupþing banki hf.) festi kaup á finnska fjármálafyrirtækinu Sofi Oyj. skuldbundu helstu stjórnendur og aðrir hluthafar í félaginu, sem fengu hluti í Kaupþingi Búnaðarbanka hf. fyrir hluti sína í Sofi Oyj., sig til að selja ekki hluti sína í Kaupþingi Búnaðarbanka hf. á tilteknu tímabili. Helstu stjórnendur Sofi Oyj. eiga alls 4.346.653 hluti í Kaupþingi Búnaðarbanka hf. sem háðir eru fyrrgreindum söluhömlum. Hömlur á sölu hlutanna gilda til 28. júní 2004, nema Kaupþing Búnaðarbanki hf. samþykki söluina með skriflegum hætti.

Við kaupin á Sofi Oyj. á sínum tíma var samið um að við kaupverðið gætu bæst afkomutengdar greiðslur í formi ný-útgefins hlutfjár í Kaupþingi Búnaðarbanka hf. Þann 8. ágúst 2002 ákvað stjórn Kaupþings Búnaðarbanka hf. (þá Kaupþings banka hf.) að hækka hlutfé félagsins um kr. 17.450.612 að nafnvirði (kr. 1.745.061 hluta eftir fækkun hluta) vegna afkomutengdra greiðslna fyrir árið 2001. Engar afkomutengdar greiðslur fóru fram vegna rekstrarársins 2002. Afkomutengdar greiðslur fyrir rekstrarárið 2003 munu ekki eiga sér stað ef hagnaður eftir skatta verður undir helmingi hagnaðarmarkmiða.

Hagnaðarmarkmið er 6,9 milljónir evra og verður hámarksfjöldi hluta þá 2.602.000. Þessir hlutir eru einnig háðir söluhömlum í eitt ár frá þeim tíma sem hlutunum er úthlutað til rétthafa þeirra.

Kaupþingi Búnaðarbanka hf. er ekki kunnugt um samkomulag á milli hluthafa bankans um meðferð atkvæða annað en hér er greint frá að ofan.

Arður og arðgreiðslustefna

Stefna Kaupþings Búnaðarbanka hf. er að greiða út jafnan árlegan arð. Markmiðið er að greiða út 10-30% af hagnaði hvers árs í arð. Um fjárhæð arðs fer samkvæmt íslenskum lögum og eftir aðstæðum hverju sinni að mati stjórnar og samþykki aðalfundar. Hlutum í Kaupþingi Búnaðarbanka hf. sem gefnir voru út í tengslum við samrunann við Búnaðarbanka Íslands hf. fylgir réttur til arðs í samræmi við íslensk lög. Í eftirfarandi töflu má sjá þann arð sem Kaupþing banki hf. og Búnaðarbanki Íslands hf. greiddu hvor um sig fyrir hverja krónu nafnverðs hlutfjár fyrir rekstrarárin 1998–2002.

Arðgreiðslur árin 1998–2002 á hverja krónu nafnverðs

Ár	Búnaðarbanki Íslands hf.	Kaupþing banki hf.*
1998	0,08 kr.	0,00 kr.
1999	0,10 kr.	0,20 kr.
2000	0,04 kr.	0,10 kr.
2001	0,10 kr.	0,10 kr.
2002	0,15 kr.	0,20 kr.

* Kaupþing banki hf. var skráður á markað árið 2000.

Heimildir til útgáfu nýrra hluta

Stjórn bankans er heimilt að hækka hlutfé bankans um allt að kr. 40.861.000 að nafnvirði með sölu allt að 4.086.100 nýrra hluta til starfsmanna. Útboðsgengi hlutanna og söluskilmálar skulu vera samkvæmt sérstökum samningum sem stjórn bankans gerir við hlutaðeigandi starfsmenn. Hluthafar skulu ekki hafa forgangsrétt til áskriftar að þessum nýju hlutum. Hinir nýju hlutir skulu vera í sama flokki og með sömu réttindi og aðrir hlutir í bankanum. Heimild stjórnar bankans til hlutfjárhækkunar samkvæmt þessari málsgrein fellur niður í maílok 2005 að því marki sem hún er þá enn ónotuð.

Stjórn bankans er heimilt að hækka hlutfé hans um allt að kr. 100.000.000 að nafnvirði með sölu allt að 10.000.000 nýrra hluta til starfsmanna bankans eða aðila sem tengjast bankanum. Útboðsgengi hlutanna og söluskilmálar skulu vera samkvæmt sérstökum samningum sem stjórn bankans eða forstjórar gera við hlutaðeigandi starfsmenn. Hluthafar skulu ekki hafa forgangsrétt til áskriftar að þessum nýju hlutum. Hinir nýju hlutir skulu vera í sama flokki og með sömu réttindi og aðrir hlutir í bankanum. Heimild stjórnar bankans til hlutfjárhækkunar samkvæmt þessari málsgrein fellur niður í febrúarlok 2006 að því marki sem hún er þá enn ónotuð.

Stjórn bankans er heimilt að hækka hlutfé bankans um allt að kr. 100.000.000 að nafnvirði með áskrift allt að 10.000.000 nýrra hluta. Hluthafar skulu eiga forgangsrétt til nýrra hluta í bankanum í réttu hlutfalli við hlutaeign sína. Engar hömlur verða á viðskiptum með hina nýju hluti. Þeir skulu veita réttindi í bankanum frá skrásetningardegi þeirrar hækkunar sem þeir tilheyra. Stjórn bankans skal ákveða útboðsgengi, greiðsluskilmála og í hvaða áföngum heimildin verður nýtt. Heimildin skal standa til 1. febrúar 2006 að því marki sem hún hefur ekki verið nýtt fyrir þann dag.

Stjórn bankans er heimilt að hækka hlutfé bankans um allt að kr. 52.549.380 að nafnvirði með útgáfu allt að 5.254.938 nýrra hluta. Núverandi hluthafar skulu ekki hafa forgangsrétt til þessara nýju hluta heldur skal þeim varið til efnda á samningum gerðum 28. nóvember 2001 við hluthafa í finnska verðbréfafyrirtækinu Sofi um að skipta á hlutum í því félagi fyrir hluti í Kaupþingi Búnaðarbanka hf. Þessir nýju hlutir skulu vera í sama flokki og með sömu réttindi og aðrir hlutir í bankanum. Þeir skulu veita réttindi í bankanum frá skrásetningardegi hlutfjárhækkunarinnar. Heimild stjórnar bankans til hlutfjárhækkunar samkvæmt þessari málsgrein fellur niður í nóvemberlok 2006 að því marki sem hún þá kann að vera ónýtt.

Stjórn bankans er heimilt að auka hlutfé hans um allt að 500.000.000 króna að nafnverði, með áskrift allt að 50.000.000 nýrra hluta. Hluthafar falla frá forgangsrétti sínum skv. 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutfélög. Þessir nýju hlutir skulu vera í sama flokki og með sömu réttindi og aðrir hlutir í bankanum. Þeir skulu veita réttindi í félaginu frá skrásetningardegi hlutfjárhækkunarinnar. Stjórn bankans er falið að ákveða nánari útfærslu á hækkun þessari m.t.t. verðs og greiðsluskilmála. Heimild þessi gildir til 25. maí 2008. Stjórn bankans er heimilt að ákveða að áskrifendur greiði fyrir hina nýju hluti að hluta eða öllu leyti með öðru en reiðufé.

Lýsing á kaupréttarskilmálum starfsmanna

Fyrir sameiningu Kaupþings banka hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. höfðu báðir bankarnir gert kaupréttarsamninga við starfsmenn sína. Fyrstu samningarnir voru gerðir árið 2000 og er fjöldi hluta sem hver starfsmaður á kauprétt á mismunandi eins og almennt gerist þegar starfsmönnum er veittur kaupréttur. Í samningunum er kveðið á um að starfsmenn fái kauprétt á ákveðnum fjölda hluta í upphafi samningstímans og er þeim síðan heimilt að nýta 1/4 eða 1/5 af kaupréttinum í október eða desembermánuði ár hvert í fjögur eða fimm ár. Ónýttur kaupréttur fellur niður í lok tímabilsins. Kaupréttarsamningar frá 1. janúar 2002 eru þó undantekning, en sá kaupréttur skiptist ekki milli ára heldur er einungis hægt að nýta hann á lokadegi samnings. Þann 30. júní 2003 náði heildarkaupréttur starfsmanna til alls 11,3 milljóna hluta í Kaupþingi Búnaðarbanka hf. Meðalkaupgengi er 111,4. Kaupþing Búnaðarbanki hf. mun nýta eigin hluti eða auka hlutfé í bankanum til að efna kaupréttarsamninga við starfsmenn.

Kaupréttir starfsmanna

Áskriftardagur	Lokadagur	Fjöldi hluta	Gengi
01.10.2000	01.10.2005	3.944.389	102,5
01.12.2000 - 31.12.2002	31.12.2004 - 31.12.2006	5.904.295	114,9
01.01.2002	01.10.2005	1.000.000	122,0
01.04.2002	01.10.2006	135.000	122,0
01.10.2002	01.10.2007	300.000	120,0
Samtals		11.283.684	111,4

Söluréttur

Hinn 21. desember 2001 seldi Kaupþing banki hf. hlutfé að nafnverði 46 milljónir alls til nokkurra lykilstarfsmanna á þágildandi markaðsgengi 12,2. Að teknu tilliti til fækkunar hluta síðar er um að ræða 4,6 milljónir hluta á genginu 122. Starfsmennirnir eiga sölurétt á þessum hlutum sem aðeins er virkur þremur árum eftir kaupin, það er hinn 21. desember 2004. Bankinn á kauprétt á hlutunum á þessu þriggja ára tímabili og verður rétturinn virkur hvenær sem er á tímabilinu ef lykilstarfsmaður segir upp ráðningarsamningi sínum eða ef lykilstarfsmanni er sagt upp vegna brota í starfi. Bæði kaup- og söluréttur er miðaður við upphafsgengi 122 að viðbættum vöxtum á tímabilinu og er uppreiknað gengi nú 145,3 á lokadegi miðað við áfallna vexti og núverandi vexti sem eru 6% á ári.

IV Starfsemi

Markmið og framtíðarsýn

Markmið Kaupþings Búnaðarbanka hf. er að veita alhliða viðskipta- og fjárfestingarbankaþjónustu til einstaklinga, fyrirtækja og fagfjárfesta. Bankinn stefnir að því að styrkja stöðu sína á innanlandsmarkaði en leggja jafnframt áherslu á vöxt og þróun alþjóðlegrar starfsemi bankans.

Markmið Kaupþings Búnaðarbanka hf.

Að hámarka verðmæti bankans og arðsemi hans til langs tíma fyrir hluthafa

Að vera leiðandi alhliða banki á Íslandi og í hópi fremstu fjárfestingarbanka á Norðurlöndum

Að viðhalda örum vexti án þess að slá af arðsemiskröfum

Að byggja upp góða ímynd sem framsækinn og sjálfstæður alhliða banki

Að koma á og viðhalda traustum langtíma samskiptum við viðskiptavini

Að hafa í starfi áhugasamt, vel menntað og framtakssamt fólk sem býr yfir góðri þekkingu á viðfangsefnum sínum

Að halda áfram að efla starfslið bankans, sem er helsta auðlind hans

Að nýta nýjustu upplýsingatækni sem tæki til þess að styrkja samkeppnisstöðu bankans

Kaupþing Búnaðarbanki hf. leggur áherslu á að auka hag viðskiptavina sinna og býður upp á alhliða viðskiptabankaþjónustu og fjármálaþjónustu eins og eignastýringu, verðbréfamíðlun, lífeyrisþjónustu, einkabankaþjónustu og fyrirtækjaráðgjöf. Bankinn sinnir auk þess hefðbundinni bankaþjónustu. Markmiðið er að skapa langvarandi viðskiptasambönd með því að mæta síbreytilegum þörfum viðskiptavinanna og þjóna hag þeirra.

Kaupþing Búnaðarbanki hf. stefnir að uppbyggingu sjálfstæðra og arðsamra starfsstöðva í þeim löndum og á þeim svæðum sem bankinn starfar. Jafnframt tilheyrja þessar starfsstöðvar einni heild og geta þannig nýtt sér starfsemi kröftugs banka. Ör vöxtur bankans kallar á sífella nýsköpun starfsmanna. Kaupþing Búnaðarbanki hf. leitast við að laða til sín besta starfsfólkið og skapa því starfsumhverfi við hæfi. Bankinn metur mikils alþjóðlegan og fjölmenningslegan bakgrunn starfsmanna og nýtir sér ólíka reynslu þeirra og bakgrunn til að mæta þörfum viðskiptavinanna. Samstarf milli starfsstöðva og nýsköpun starfsmanna skapar traustan grunn fyrir það að hver starfsstöð sé rekin með hagnaði.

Grunnur að góðu orðsperi er góð þjónusta og áreiðanleg ráðgjöf. Með hliðsjón af þörfum viðskiptavina sinna, býður starfsfólk Kaupþings Búnaðarbanka hf. hágæða afurðir og þjónustu. Stjórnendur bankans leggja áherslu á nán tengsl við viðskiptavini til þess að laga viðskiptin sífellt að breytilegum þörfum viðskiptavina og hræringum á mörkuðum.

Kaupþing Búnaðarbanki hf. er sífellt í leit að nýjum viðskiptatækifærum og starfar ótullega að því að kynna og selja þær vörur og þá þjónustu sem bankinn býður. Bankinn leitar stöðugt að leiðum til þess að fjölga viðskiptavinum og til að skapa verðmæti fyrir þá með það fyrir augum að skila bankanum tekjum á öllum þjónustusviðum.

Undanfarin ár hefur Kaupþing Búnaðarbanki hf. unnið að eflingu bankans utan Íslands og þá sérstaklega á Norðurlöndum, heimamarkaði bankans. Kaupþing Búnaðarbanki hf. leitar vaxtartækifæra sem efla starfsemi hans og þjóna langtímamarkmiðum.

Samruni Kaupþings banka hf. og Búnaðarbanka Íslands hf.

Síðustu ár hafa bæði Kaupþing banki hf. og Búnaðarbanki Íslands hf. vaxið ört og alþjóðavæðst. Á sama tíma hefur tekist vel að viðhalda arðsemi þeirra með innri vexti, stefnufastri þróun og yfirtökum. Bankarnir voru báðir með trausta markaðsstöðu á Íslandi og með sameiningu þeirra varð til öflugt fjármálafyrirtæki, banki sem veitir alhliða þjónustu á sviði viðskipta- og fjárfestingarbankaþjónustu. Sameinaður banki er stærsti banki landsins og leiðandi afl á nær öllum sviðum íslensks fjármálamarkaðar. Kaupþing Búnaðarbanki hf. er í markaðsverðmæti annað stærsta skráða fyrirtækið í Kauphöll Íslands og í hópi 10 stærstu banka á Norðurlöndum.

Forsvarsmenn Kaupþings Búnaðarbanka hf. telja að sameining bankanna eigi eftir að auka arðsemi fyrir hluthafa og tryggja viðskiptavinum enn betri og víðtækari þjónustu. Þeir telja að sameinaður banki muni ná aukinni hagkvæmni í rekstri og rekstartengdum fjárfestingum, það dragi úr fjármagnskostnaði og geti bankinn nýtt sér hagkvæmni stærðarinnar á margvíslegan annan máta. Sameinaður banki getur ennfremur veitt fjölbreyttum hópi viðskiptavina sinna alþjóðlega samkeppnishæfar lausnir á öllum sviðum fjármálaþjónustu.

Samkeppni í bankaþjónustu fer síharðnandi. Sameining Búnaðarbanka Íslands hf. og Kaupþings banka hf. var rökrétt framhald af þeim samrunum og umbreytingum sem átt hafa sér stað á íslenskum sem og erlendum fjármálamörkuðum á undanförunum misserum og árum. Stækkun og alþjóðavæðing fyrirtækja kallar á stærri og öflugri banka sem veitt geta sérhæfðari þjónustu og heildstæðar lausnir. Með sameiningu Búnaðarbanka Íslands hf. og Kaupþings banka hf. var verið að svara slíku kalli.

Sameinaður banki er betur í stakk búinn til að laða að og halda í hæfa starfsmenn og byggja þannig upp trausta liðsheild, sem er forsenda góðrar afkomu og árangurs. Hjá sameinuðum banka starfar öflugur hópur sérfræðinga, sem eru í fremstu röð, bæði hér á landi og erlendis. Með aukinni stærð skapast frekari tækifæri fyrir starfsmenn sameinaðs banka til að nýta enn frekar sérfræðipækkingu sína, viðskiptavinum til hagsbóta.

Kaupþing Búnaðarbanki stefnir að því að efla verulega viðskiptabankastarfsemi bankans á Íslandi á næstu misserum. Þá stefnir bankinn að því að verða einn fremsti sjálfstæði fjárfestingarbankinn á Norðurlöndum sem býður innlendum sem erlendum fagfjárfestum og efnuðum einstaklingum alþjóðlega fjármálaþjónustu. Með aukinni starfsemi erlendis er bankinn orðinn raunhæfur valkostur á þeim mörkuðum sem hann starfar. Meginhluti starfsemi bankans fer fram í Reykjavík og í Stokkhólmi, en einnig er bankinn með rekstur í Helsinki, Kaupmannahöfn, Lúxemborg, New York, Lausanne, Lundúnum, Genf og Færeyjum.

Í öllum meginatriðum hefur samruni bankanna gengið samkvæmt áætlun og gekk undirbúningsvinna vegna samrunans hraðar en áformað hafði verið. Fyrsti starfsdagur Kaupþings Búnaðarbanka hf. var 27. maí 2003. Stofnefnahagur sameinaðs banka miðast hins vegar við 1. janúar 2003.

Ákveðið hefur verið að flytja meginhluta starfsemi Kaupþings Búnaðarbanka hf. í nýjar höfuðstöðvar við Borgartún 19 í Reykjavík. Unnið er að innréttingu húsnæðisins og er áformað að það verði tekið í notkun um næstu áramót.

Kaupþing Búnaðarbanki hf. hefur skilgreint þau meginsvið þar sem einkum er hægt að ná fram samlegðaráhrifum vegna samrunans. Einkum er búist við að samlegð felist í lægri fjármagnskostnaði bankans og lægri almennum rekstrarkostnaði, svo sem launakostnaði, markaðs- og sölukostnaði og kostnaði við rekstur tölvu- og upplýsingakerfa. Áætluð samlegðaráhrif eru á bilinu 1.000-1.200 milljónir króna á ári frá og með ársbyrjun 2004. Ekki hafa verið gerðar áætlanir um aukningu eða lækkun tekna í tengslum við samrunann.

Stjórnendur bankans hafa áætlað að kostnaður vegna samrunans verði um 200 milljónir króna. Tæpur helmingur hans hafði fallið til í lok júní 2003 og verið gjaldfærður.

Í lok júní 2003 voru 1.282 stöðugildi hjá bankanum og dótturfélögum hans. Stöðugildum hjá bankanum hefur fækkað um 78 frá áramótum eða sem nemur 5,7%. Ástæður fækkunar starfsfólks eru uppsagnir í tengslum við samruna bankanna, sala á dótturfélagi bankans, Bunadarbanki International S.A., og að ekki hefur verið ráðið í hluta þeirra starfa sem hafa losnað hjá bankanum.

Horfur í rekstri bankans

Horfur í rekstri bankans eru góðar. Staða íslensks efnahagslífs er traust um þessar mundir og efnahagshorfur á Íslandi, stærsta einstaka markaðssvæðis bankans, eru góðar. Verkefnastaða á sviði fyrirtækjaráðgjafar er góð. Starfsemi bankans utan Íslands gengur í heildina litið ágætlega og eru horfur viðundandi. Viðsnúningur er að eiga sér stað í rekstri bankans í Svíþjóð, stærsta dótturfélagi bankans, en áfram er unnið að endurskipulagningu rekstrarins þar. Stjórnendur bankans stefna að áframhaldandi örum vexti hjá bankanum en þó ekki á kostnað arðsemi. Stefnt er að bæði innri vexti og ytri vexti, þ.e. yfirtökum á öðrum félögum, ef góð tækifæri gefast.

Reksturinn hefur gengið vel og gera stjórnendur ráð fyrir því að bankinn geti áfram náð markmiði sínu sem er að skila 15% arðsemi eiginfjár í nánustu framtíð. Hafa verður þó í huga að rekstur banka eins og Kaupþings Búnaðarbanka hf. er háður óvissu, svo sem um þróun fjármálamarkaða og ýmsum öðrum þáttum sem ekki eru á valdi bankans.

Ágrip af sögu Kaupþings Búnaðarbanka hf.

Kaupþing Búnaðarbanki hf. á rætur sínar að rekja til ársins 1929 þegar Alþingi Íslendinga samþykkti lög um Búnaðarbanka Íslands. Bankinn var að fullu í eigu ríkisins og hóf formlega starfsemi þann 1. júlí 1930. Næstu áratugina óx bankinn og dafnaði með aukinni hagsæld í landinu.

Stórstígar breytingar urðu á rekstrinum á sjöunda áratugnum þegar bankinn hóf að hasla sér völl á landsbyggðinni með stofnun útibúa. Næstu árin og áratugina losnaði um ýmis höft á fjármagnsmarkaði og naut Búnaðarbanki Íslands sem og aðrir góðs af því. Má þar nefna að árið 1982 veitti viðskiptaráðuneytið bankanum langþráða heimild til gjaldeyrisviðskipta og árið 1986 tóku gildi ný lög um Seðlabanka Íslands, en með þeim fengu viðskiptabankarnir nær endanlegt vaxtafrelsi. Árið 1992 urðu miklar breytingar á skipan gjaldeyris mála þegar gjaldeyrisviðskipti vegna inn- og útflutnings og annarra fjármagnshreyfinga voru gerð frjálts og óheft og upphaf ársins 1995 markar svo endalok áratuga stjórnunar opinberra aðila á fjármagnsflutningum til og frá Íslandi.

Búnaðarbanki Íslands hf. gerðist aðili að ýmsum fyrirtækjum og má þar nefna Reiknistofu bankanna, Greiðslumiðlun hf. (VISA-Ísland), Lýsing hf. og um tíma aðili að Kaupþingi hf.

Í ársbyrjun 1998 var Búnaðarbanki Íslands gerður að hlutafélagi og hófst um leið undirbúningur að einkavæðingu bankans sem framkvæmd var í áföngum og lauk í upphafi ársins 2003. Búnaðarbankinn var skráður á Aðallista Verðbréfaþings Íslands hf. (nú Kauphöll Íslands hf.) 17. desember 1998.

Kaupþing banki hf. var stofnaður af átta Íslendingum í febrúar 1982, eða í árdaga frelsisvæðingar íslensks fjármálamarkaðar. Kaupþing banki hf. (þá Kaupþing hf.) var smár í sniðum fyrstu árin en óx og dafnaði með hinum íslenska fjármálamarkaði. Árið 1986 seldu stofnfélagarnir 49 af hundraði hlutabréfa sinna til sparisjóðanna. Sama ár hóf Verðbréfaþing Íslands hf. (nú Kauphöll Íslands hf.) starfsemi sína og var Kaupþing banki hf. einn fimm stofnaðila. Fjórum árum síðar, árið 1990, eignaðist Búnaðarbanki Íslands 50% hluta í Kaupþingi banka hf. og átti þá hlut til jafns við sparisjóðina, sem á sama tíma juku eignaraðild sína um 1%. Árið 1996 eignuðust sparisjóðirnir hlut Búnaðarbanka Íslands og var Kaupþing banki hf. þá alfarið í eigu sparisjóðanna. Eignarhald á bankanum hélst nánast óbreytt þar til í september 2000 þegar Kaupþing banki hf. var skráður á Verðbréfaþing Íslands. Í kjölfar skráningarinnar drógu sparisjóðirnir úr eignaraðild sinni, en einstaklingar og fagfjárfestar juku hlutdeild sína að sama skapi.

Vöxtur Kaupþings banka hf. hefur verið ör frá árinu 1995 en síðan þá hefur bankinn gegnt lykhillutverki í fjárfestingarbankastarfsemi á Íslandi. Bankinn stofnaði fyrsta alþjóðlega verðbréfasjóðinn á Íslandi og var fyrsta íslenska fjármálastofnunin til að opna fjármálafyrirtæki erlendis og var það í Lúxemborg. Bankinn fékk fjárfestingarbankaleyfi árið 1997 og öðlaðist viðskiptabankaleyfi í janúar 2002.

Síðustu ár hefur bankinn aukið starfsemi sína verulega á erlendri grundu með yfirtökum á fjármálafyrirtækjum og með stofnun dótturfélaga. Ber þar hæst yfirtakan á sænska bankanum JP Nordiska árið 2002 (nú Kaupþing Bank Sverige), en við það gerbreyttist staða Kaupþings banka hf. á Norðurlöndum, heimamarkaði bankans.

Kaupþing Búnaðarbanki hf. er myndaður úr tveimur öflugum bönkum. Hinn sameinaði banki er nú stærsti banki landsins og leiðandi afl á nær öllum sviðum íslensks fjármálamarkaðar. Kaupþing Búnaðarbanki hf. er í hópi 10 stærstu banka á Norðurlöndum og starfar nú í níu löndum, það er á Íslandi, í Svíþjóð, Færeyjum, Sviss, Finnlandi, Danmörku, Englandi, Lúxemborg og Bandaríkjunum.

Meginsvið Kaupþings Búnaðarbanka hf.

Meginsvið Kaupþings Búnaðarbanka hf. eru ellefu og stýra þeim jafnmargir framkvæmdastjórar. Auk þessa rekur bankinn sex stoðsvið. Af ellefu meginsviðum bankans eru sex tekjusvið. Framkvæmdastjórar meginsviða bankans bera ábyrgð á rekstri sinna sviða innan allra dótturfélaga bankans.

Meginsvið Kaupþings Búnaðarbanka hf.

Fyrirtækjaráðgjöf
Markaðsviðskipti
Alþjóðasvið
Fjárstýring
Fyrirtækjasvið
Viðskiptabankasvið
Eignastýring sérbankajónusta
Lífeyris- og tryggingasvið
Fjármálasvið
Upplýsinga- og tæknisvið
Áhættustýring og útlánaeftirlit

Fyrirtækjaráðgjöf

Fyrirtækjaráðgjöf er starfrækt í flestum starfsstöðvum Kaupþings Búnaðarbanka hf. og er starfseminni stýrt frá Lundúnum. Undanfarin misseri höfðu bæði Fyrirtækjajónusta Kaupþings banka hf. og Fyrirtækjaráðgjöf Búnaðarbanka Íslands hf. verið í leiðandi hlutverkum á sviði ráðgjafar á íslenskum fjármálamarkaði, bæði hvað varðar fjölda og stærð útboða og fjölda og stærð sameininga og yfirtöku verkefna. Þá hafði Fyrirtækjajónusta Kaupþings banka hf. lagt aukna áherslu á fyrirtækjaverkefni utan Íslands, einkum á Norðurlöndum, Bretlandi og í Bandaríkjunum með góðum árangri.

Stærsta hlutabréfaútboð á Íslandi fór fram í desember 2001 þegar hlutabréf í Bakkavör Group hf. að markaðsvirði 3,6 milljarðar króna voru seld í tengslum við kaup Bakkavarar Group hf. á breska matvælaframleiðslufyrirtækinu Katsouris Fresh Foods (KFF). Kaupþing banki hf. var umsjónaraðili útboðsins auk þess að veita Bakkavör Group hf. ráðgjöf við kaupin. Þessi fyrirtækjakaup, sem námu um 102

milljónum sterlingspunda, eru þau stærstu sem íslenskt fyrirtæki hefur gert. Útboðið fór fram á Íslandi, í Svíþjóð og Danmörku og var eftirspurn töluvert umfram framboð.

Stærsta verkefni Fyrirtækjaþjónustu Kaupþings banka á árinu 2002 var ráðgjöf til Baugs Group hf. í tengslum við sölu rúmlega 20% hlutfjár bresku verslanakeðjunnar Arcadia til Philips Green. Í þessum viðskiptum nam söluhagnaður Baugs Group hf. rúmum átta milljörðum króna eftir skatta, sem er mesti hagnaður sem íslenskt fyrirtæki hefur skapað í einstökum viðskiptum. Kaupþing banki hf. var einnig ráðgjafi Baugs Group hf. við kaupin á hlutunum í Arcadia árið 2001.

Meðal verkefna Fyrirtækjaráðgjafar Búnaðarbanka Íslands hf. á árinu 2002 má nefna sameiningu Delta hf. og Pharmaco hf. en andvirði hlutfjár Delta var 17 milljarðar króna við samrunann, yfirtöku Eignarhaldsfélags Húsasmiðjunnar ehf. á Húsasmiðjunni hf. og afskráningu félagsins af Aðal-lista Kauphallar Íslands í kjölfarið, sölu á Ölgerð Egils Skallagrímssonar ehf. til Danól ehf. og umsjón með útboði á nýju hlutafé í flugfélaginu Atlanta hf. Meðal annarra verka Fyrirtækjaþjónustu Kaupþings banka síðustu misseri má nefna ráðgjöf til Flögu hf. í tengslum við yfirtöku félagsins á bandaríska svefntækjaframleiðandanum MedCare og ráðgjöf vegna afskráningar eignarhaldsfélagsins Kers hf. úr Kauphöll Íslands, en meðal þess sem Ker hf. rekur er Olúfélagið hf., umboðsaðili ESSO á Íslandi, ráðgjöf vegna afskráningar Baugs Group hf. úr Kauphöll Íslands og milligöngu um sölu á sjávarútvegsstarfsemi Bakkavarar Group til Fram Foods hf. og fleiri.

Framlegð Fyrirtækjaráðgjafar var 1.212 milljónir króna á fyrri helmingi ársins 2003 fyrir þátttöku í sameiginlegum kostnaði bankans. Nokkrum stórum verkefnum var lokið á fyrstu sex mánuðum ársins og skýrir það að mestu auknar tekjur á milli ársfjórðunga. Lækkun gengishagnaðar og arðs á milli ársfjórðunga skýrist af afskriftum á óskráðum hlutabréfum í eigu bankans. Framkvæmdastjóri Fyrirtækjaráðgjafar er Ármann Þorvaldsson.

Afkoma Fyrirtækjaráðgjafar

(milljónir króna)	2003/2.ársfj.	2003/1.ársfj.	2003/6mán.
Hreinar vaxtatekjur	(160)	(186)	(346)
Hreinar þóknatekjur	560	376	936
Gengishagnaður	84	893	977
Aðrar tekjur	47	31	78
Heildartekjur	531	1.114	1.645
Rekstrargjöld	230	203	433
Framlag í afskriftareikning	0	0	0
Heildargjöld	230	203	433
Framlegð	301	911	1.212

Markaðsviðskipti

Markaðsviðskipti Kaupþings Búnaðarbanka hf. annast viðskipti með hlutabréf og skuldabréf á alþjóðlegum mörkuðum. Viðskiptavinir Markaðsviðskipta eru fyrst og fremst fagfjárfestar á borð við fjármálastofnanir, lífeyrissjóði, verð-

bréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Verkefni Markaðsviðskipta felast meðal annars í miðlun verðbréfa milli viðskiptavina bankans, auk þess sem sérstök deild starfar innan Markaðsviðskipta sem annast viðskipti fyrir eigin reikning bankans.

Bankinn býður viðskipti á öllum helstu fjármálamörkuðum heims. Samanlögð verðbréfavelta Kaupþings banka hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. á árinu 2002, nam um 7.400 milljörðum króna.

Síðustu ár hafa bæði Kaupþing banki hf. og Búnaðarbanki Íslands hf. verið umsvifamiklir í viðskiptum með hlutabréf og skuldabréf í Kauphöll Íslands hf. Árið 2002 var samanlögð markaðshlutdeild bankanna 48,2% hf. í hlutabréfaviðskiptum og 43,3% í skuldabréfum og víxlum. Samanlögð markaðshlutdeild bankanna á fyrstu þremur mánuðum ársins 2003 í Kauphöll Íslands hf. var 45,6% í hlutabréfaviðskiptum og 42,9% í skuldabréfum og víxlum. Í þessum flokkum voru innbyrðis viðskipti á milli bankanna og að teknu tilliti til þess lækkar markaðshlutdeildin um 2-4% í viðkomandi flokkum. Kaupþing Búnaðarbanki hf. annast viðskiptavakt fyrir Lánasýslu ríkisins og Íbúðalánasjóð með því að kaupa og selja tiltekna flokka ríkisskuldabréfa og húsbréfa samkvæmt fyrirfram ákveðnum reglum.

Kaupþing Búnaðarbanki hf. er aðili að Kauphöll Íslands og að kauphöllunum í Stokkhólmi og Kaupmannahöfn í gegnum dótturfélag sín. Þessar kauphallir eru aðilar að NOREX, en þær styðjast við sameiginlegt viðskiptakerfi og samræmdar reglur. Bankinn er einnig aðili að kauphöllunum í Helsinki og Tallin í Eistlandi fyrir milligöngu dótturfélags bankans í Helsinki og jafnframt aðili að Landssamtökum verðbréfamiðlara í Bandaríkjunum (NASD) í gegnum dótturfélag bankans í New York, en það gerir bankanum kleift að eiga bein viðskipti á Nasdaq-hlutabréfamarkaðinum. Loks hefur Kaupþing Búnaðarbanki hf. starfsleyfi frá Kauphöllinni í Lúxemborg til að annast skráningu verðbréfa, svo sem skuldabréfa, hlutabréfa og annarra bréfa, með milligöngu dótturfélagsins Kaupþing Bank Luxembourg.

Í Markaðsviðskiptum starfar breiður hópur fagfólks með fjölbreytta reynslu af verðbréfamörkuðum. Bankinn getur því boðið viðskiptavinum sínum þjónustu í fremstu röð á sviði verðbréfaviðskipta á alþjóðlegum verðbréfamörkuðum. Framlegð Markaðsviðskipta á fyrri helmingi ársins 2003 var 2.230 milljónir króna fyrir þátttöku í sameiginlegum kostnaði bankans. Góða afkomu Markaðsviðskipta má að mestu rekja til gengishagnaðar í veltubók og vaxtar í tekjum sem endurspeglar betra árferði á helstu hlutabréfamörkuðum. Framkvæmdastjóri Markaðsviðskipta er Ingólfur Helgason.

Afkoma Markaðsviðskipta

(milljónir króna)	2003/2.ársfj.	2003/1.ársfj.	2003/6 mán.
Hreinar vaxtatekjur	(348)	(227)	(575)
Hreinar þóknatekjur	460	561	1.021
Gengishagnaður	1.749	906	2.655
Aðrar tekjur	39	158	197
Heildartekjur	1.900	1.398	3.299
Rekstrargjöld	583	486	1.069
Framlag í afskriftareikning	0	0	0
Heildargjöld	583	486	1.069
Framlegð	1.317	912	2.230

Alþjóðasvið

Alþjóðasvið sinnir ábyrgðum, erlendum innheimtum og greiðslustreymi milli móðurfélags og erlendra samskiptaaðila. Vöxtur bankans á fyrirtækjamarkaði hefur verið mikill á undanförunum árum og hafa mörg stór og fjárhagslega sterk fyrirtæki hafið viðskipti við bankann. Fjármögnun útlána bankans hefur um leið í auknum mæli byggst á erlendu lánsfé og hefur Alþjóðasvið haft milli-göngu um slíkar lánveitingar í samvinnu við önnur svið bankans. Framkvæmdastjóri Alþjóðasviðs er Guðmundur Gíslason.

Fjárstýring

Starfsemi Fjárstýringar Kaupþings Búnaðarbanka hf. skiptist í þrjá meginþætti: Millibankaviðskipti, viðskipti með afleiður og gjaldeyri og eigin fjármögnun bankans. Í millibankaviðskiptum er höfð umsjón með gjaldmiðla- og vaxtaáhættu bankans og þar með öllum viðskiptum bankans við aðra banka í íslenskum krónum og erlendum gjaldeyri. Í viðskiptum með afleiður og gjaldeyri er stærri fjárfestum, fagfjárfestum og fyrirtækjum boðið upp á hefðbundin gjaldeyrisviðskipti auk margvíslegra vaxta- og gjaldeyrisafurða til stöðutöku og áhættustýringar. Kaupþing Búnaðarbanki hf. sérhæfir sig í að sníða þessar afurðir að þörfum viðskiptavina.

Fjármögnun Kaupþings Búnaðarbanka hf. er í höndum Fjárstýringar. Þar með eru talin innlán, lántökur á íslenskum peninga- og skuldabréfamarkaði, alþjóðlegum peningamarkaði og skuldabréfamarkaði og alþjóðlegum sambankalánamarkaði. Síðastliðin misseri hefur umfang fjármögnunar á vegum Kaupþings Búnaðarbanka hf. aukist verulega samhliða örurum vexti, auknum fjárhagslegum styrk og aukinni starfsemi erlendis.

Framlegð Fjárstýringar var 1.224 milljónir króna á fyrri helmingi ársins 2003 fyrir þátttöku í sameiginlegum kostnaði bankans. Ágæt afkoma Fjárstýringar skýrist meðal annars af sterkri stöðu bankans í viðskiptum með afleiður og gjaldeyri sem og eigin stöðutöku í gjaldeyri. Framkvæmdastjóri Fjárstýringar er Kristín Pétursdóttir.

Afkoma Fjárstýringar

(milljónir króna)	2003/2.ársfj.	2003/1.ársfj.	2003/6 mán.
Hreinar vaxtatekjur	608	405	1.013
Hreinar þóknatekjur	96	94	190
Gengishagnaður	206	258	464
Aðrar tekjur	43	30	73
Heildartekjur	953	787	1.740
Rekstrargjöld	199	198	397
Framlag í afskriftareikning	36	82	119
Heildargjöld	236	280	516
Framlegð	717	507	1.224

Fyrirtækjasvið

Fyrirtækjasvið Kaupþings Búnaðarbanka hf. býður fyrirtækjum upp á fjölbætta þjónustu sem einkum felst í ráðgjöf og aðstoð við fjármögnun. Fyrirtækjum er útvegað lánsfé til skemmri og lengri tíma og leitast er við að laga útlánaform að þörfum þeirra. Meðal stærstu lánveitinga á árinu 2002 voru margs konar fjármögnunarverkefni sem bankinn stóð að, ýmist einn eða í samstarfi við erlenda banka, svo sem Hamburgische Landesbank og Norræna fjárfestingabankann. Einnig tók bankinn þátt í lánveitingum í félagi við aðra íslenska banka.

Þjónusta bankans er í sífellndri þróun og markvisst er unnið að því að bæta þjónustuframboð á þann hátt að hægt sé að koma til móts við sfbreytilegar þarfir viðskiptavinanna, sem einkum eru íslensk fyrirtæki. Viðskiptavinahópurinn er margbreytilegur og á bankinn viðskiptavinum í flestum atvinnugreinum. Mikið er lagt upp úr því að finna hverju fyrirtæki þann farveg sem því hentar best og vinnur starfsfólk Fyrirtækjasviðs og útibúa bankans á Íslandi þar náið saman. Í útibúum eru tengiliðir við fyrirtæki sem veita alla almenna bankaþjónustu. Á Fyrirtækjasviði er aftur á móti boðið upp á sérhæfðari valkosti í fjármögnun og þjónustu við stærstu viðskiptaaðilana. Þar eru starfandi sérfræðingar með þekkingu á öllum sviðum atvinnulífsins sem þekkja jafnframt hagkvæmstu kosti sem bjóðast á fjármálamarkaði hverju sinni.

Kaupþing Búnaðarbanki hf. er í fararbroddi á Íslandi með tækninýjungar í bankaþjónustu til fyrirtækja. Bankalínan er öflugur fyrirtækjabanki á netinu. Þar er hægt að inna af hendi margvíslegar fjárhagslegar aðgerðir og fá upplýsingar um fjármál fyrirtækja á fljótleigan og einfaldan hátt. Bankalína býður upp á aðgangsstýringu sem veitir notendum aukna möguleika og aukid öryggi. Helsta nýjung Bankalínu er nýtt og öflugt gjaldeyrisviðskiptakerfi sem er eina kerfi sinnar tegundar á íslenska markaðnum. Þar geta fyrirtæki sjálf annast greiðslur til erlendra birgja inn á reikninga í erlendum bönkum, fengið greiðslukvittun samstundis á raungengi og fært hana beint í bókhaldið.

Innheimtuþjónusta fyrir fyrirtæki hefur vaxið mjög ört þar sem bankinn tekur að sér að innheimta viðskipta-kröfur og í samstarfi við milliinnheimtufyrirtæki eru í boði enn frekari möguleikar hvað þessa innheimtu varðar. Áhersla er lögð á sjálfvirkni og að kröfueigendurnir geti sent kröfur rafrænt úr eigin bókhaldskerfi inn í bankakerfið og sótt greiddar kröfur og fært þær á sama hátt inn í bókhaldskerfið. Íslenskum inn- og útflutningsfyrirtækjum er veitt alhliða þjónusta hvað varðar opnun ábyrgða og greiðslutrygginga, innheimtur innanlands fyrir erlenda aðila og erlenda greiðslumiðlun.

Framlegð Fyrirtækjasviðs var 1.044 milljónir króna á fyrri helmingi ársins 2003 fyrir þátttöku í sameiginlegum kostnaði bankans. Lægri vaxtamunur og aukid framlag í afskriftareikning skýra lækkun framlegðar á milli árshluta. Framkvæmdastjóri Fyrirtækjasviðs er Karl Þorsteins.

Afkoma Fyrirtækjasviðs

(milljónir króna)	2003/2.ársfj.	2003/1.ársfj.	2003/6 mán.
Hreinar vaxtatekjur	818	961	1.779
Hreinar þóknatekjur	48	71	119
Gengishagnaður	10	12	22
Aðrar tekjur	30	0	30
Heildartekjur	907	1.044	1.950
Rekstrargjöld	111	111	222
Framlag í afskriftareikning	368	316	684
Heildargjöld	480	427	906
Framlegð	427	617	1.044

Viðskiptabankasvið

Hefðbundin viðskiptabankastarfsemi hefur breyst úr því að vera miðlun innlána og útlána, auk greiðslumiðlunar, yfir í það að nútíma banki veitir heildstæða lausn á öllum fjármálum viðskiptavina sinna. Þannig hefur bæst inn í þjónustuframboð bankanna sala og ráðgjöf varðandi tryggingamál, hvort sem um skaða- eða persónutryggingar er að ræða. Samkeppni og val um sparnaðarleidir hefur stóruaust og hefur þáttur lífeyrissparnaðar þar farið vaxandi.

Samanlögð innlán Kaupþings banka hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. námu 165 milljörðum króna í árslok 2002. Samanlögð hlutdeild bankanna af heildarinnlánum innlendra banka og sparisjóða var 24% á árinu 2002. Í lok fyrri ársheilmings 2003 námu innlán Kaupþings Búnaðarbanka hf. 183 milljörðum króna.

Bankinn býður fjölbreytt úrval innlánsforma sem hafa verið þróuð til að mæta þörfum viðskiptamanna. Stærsti einstaki innlánsreikningur bankans á árinu 2002 var Markaðsreikningur, lausafjárreikningur með 10 daga binditíma og vaxtakjör sem taka mið af ávöxtun ríkisvixla. Innstæður Markaðsreiknings voru 26 milljarðar króna í árslok 2002.

Samanlögð útlán Kaupþings banka hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. til viðskiptamanna í árslok 2002 voru 250 milljarðar króna sem er 33% aukning frá árslokum 2001. Aukningin er í samræmi við aukningu bankanna í fyrirtækjaviðskiptum, en fjölmörg fyrirtæki bættust í viðskiptamannahópinn á árinu. Í lok fyrri ársheilmings 2003 námu útlán til viðskiptamanna 270 milljörðum króna og höfðu aukist um 8% frá áramótum. Stærsta einstaka útlánsform Kaupþings Búnaðarbanka hf. eru skuldabréfalán. Í lok fyrstu sex mánaða ársins 2003 námu þau 49% af útlánum til viðskiptamanna. Samanlögð markaðshlutdeild Kaupþings banka hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. af útlánum banka og sparisjóða var 30% í árslok 2002.


Útlán til einstaklinga námu 26% af heildarútlánum í lok fyrstu sex mánaða ársins 2003 og var dreifing útlána milli atvinnugreina mjög mikil á tímabilinu. Þjónustugreinar áttu stærstan hlut eða 44%, næst kom iðnaður með 10%, verslun með 8,6%, sjávarútvegur með 7,5%, landbúnaður með 2,8% og opinberir aðilar með 1,2%.

Markmið Viðskiptabankasviðs er að veita viðskiptavinum

alhliða fjármálaþjónustu og er þeim skipt niður í hópa svo auðveldara sé að mæta mismunandi þörfum hvers hóps með sérsniðnum þjónustulínum. Þeim er skipt upp eftir aldursbilum til að gera bankanum betur kleift að uppfylla þarfir og væntingar hvers hóps fyrir sig. Rík áhersla er lögð á ráðgjöf og fjármálafræðslu fyrir viðskiptavinum þjónustulínanna.

Bankinn hefur lagt mikla áherslu á að auka þátt sjálfsafgreiðsluþjónustu í starfsemi sinni og er Heimilisbankinn á Internetinu einn öflugasti netbankinn sem í boði er á Íslandi. Þróun í greiðslumiðlun hefur verið mjög ör og hefur sjálfvirkni aukist verulega með fjölgun sjálfsafgreiðslutækja, eflingu Heimilisbanka á Internetinu og beingreiðslum. Bankinn var fyrstur banka, árið 1993, til að bjóða fyrirtækjum að senda kröfur beint í bankann með rafrænum hætti í stað þess að senda gíróseðla heim til greiðenda. Þessi þjónusta er nú orðin þekkt undir heitinu Beingreiðslur og nýtur vaxandi vinsælda. Jafnframt var bankinn fyrstur til að bjóða einstaklingum greiðsluþjónustu, þar sem hægt er að dreifa föstum útgjöldum á allt árið og láta bankann annast greiðslu reikninganna.

Afgreiðslustaðir Búnaðarbankans



Framlegð Viðskiptabankasviðs á fyrri helmingi ársins 2003 fyrir þátttöku í sameiginlegum kostnaði var 1.295 milljónir króna. Lægri vaxtamunur og aukið framlag í afskriftareikning skýra lækkingu framlegðar á milli árs- hluta. Framkvæmdastjóri Viðskiptabankasviðs er Friðrik S. Halldórsson.

Afkoma Viðskiptabankasviðs

(milljónir króna)	2003/2.ársfj.	2003/1.ársfj.	2003/6 mán.
Hreinar vaxtatekjur	1.274	1.423	2.697
Hreinar þóknatekjur	448	352	801
Gengishagnaður	16	10	26
Aðrar tekjur	18	12	29
Heildartekjur	1.755	1.798	3.553
Rekstrargjöld	903	780	1.683
Framlag í afskriftareikning	346	230	575
Heildargjöld	1.249	1.009	2.258
Framlegð	506	788	1.295

Eignastýring sérbankaþjónusta

Eignastýring sérbankaþjónusta Kaupþings Búnaðarbanka hf. skiptist í fjögur svið: Sjóðastýringu, eignastýringu fyrir fagfjárfesta, þjónustu við fagfjárfesta og alþjóðlega einkabankaþjónustu. Kaupþing Búnaðarbanki hf. rekur eignastýringu sína í Reykjavík, Stokkhólmi, Lúxemborg, Helsinki, Þórshöfn í Færeyjum, Kaupmannahöfn og Genf. Meginhluti eigna- og sjóðastýringar fer fram í Reykjavík og í Stokkhólmi. Fjármunir í vörslu bankans þann 30. júní 2003 námu 531,5 milljörðum króna og höfðu aukist um 25,3% frá áramótum. Eignir í stýringu hjá bankanum námu 313,3 milljörðum króna þann 30. júní 2003 og höfðu þær aukist um 1,8% frá áramótum.

Bankarnir sem nú mynda Kaupþing Búnaðarbanka hf. höfðu hvor um sig víðtæka reynslu af sjóðastýringu og ráku fjölbreytta verðbréfasjóði. Kaupþing Búnaðarbanki hf. rekur verðbréfasjóði sem skráðir eru á Íslandi, í Svíþjóð, í Lúxemborg, á Írlandi og í Danmörku. Alls eru nú rúmlega 50 almennir sjóðir undir stjórn Kaupþings Búnaðarbanka hf. Að auki rekur Kaupþing Búnaðarbanki hf. átta svonefnda sjóðasjóði. Á sviði sérhæfðar sjóðastýringar rekur eignastýring Kaupþings Búnaðarbanka hf. tvo vögunarsjóði og fimm aðra sérhæfða sjóði. Þessum sjóðum er stýrt frá Reykjavík, Stokkhólmi, Kaupmannahöfn, Þórshöfn og Genf.

Kaupþing Búnaðarbanki hf. rekur tvo almenna íslenska lífeyrissjóði, Séreignarlífeyrissjóðinn og Frjálsa lífeyrissjóðinn. Frjálsi lífeyrissjóðurinn er stærsti sjóður sinnar tegundar á Íslandi og er með tvær tryggingarleiðir. Þá rekur bankinn nokkrar séreignardeildir almennra íslenskra lífeyrissjóða.

Kaupþing Búnaðarbanki hf. hefur gert fjölmarga fjárvörslu- og eignastýringarsamninga við stofnanir og lífeyrissjóði af öllu tagi sem aðallega starfa í Finnlandi, í Svíþjóð, á Íslandi og í Færeyjum. Meðal þeirra eru samningar um eignastýringu á skuldabréfum, hlutabréfum og blönduðum verðbréfasöfnum, en einnig mikið úrval alþjóðlegra og sérhæfðra eignastýringarsamninga. Í því alþjóðlega samkeppnisumhverfi sem Kaupþing Búnaðarbanki hf. starfar hefur bankinn lagt áherslu á að tryggja sér hæft starfsfólk og skilvirk upplýsingakerfi og stuðla að náinni samvinnu milli alþjóðlegra starfsmanna bankans á sviði eignastýringar, rannsókna og greiningar. Með því móti stefnir bankinn að því að ná sem bestum árangri fyrir viðskiptavinum og tryggja að þeim standi til boða hágæða þjónusta og traust ávöxtun.

Starfsemi einkabankaþjónustu Kaupþings Búnaðarbanka hf. skiptist í tvo hluta, viðskiptamannatengsl og eignastýringu. Meginhlutverk viðskiptastjóra er að laga ráðgjöf og þjónustu Kaupþings Búnaðarbanka hf. að aðstæðum hvers viðskiptavinar og leggja til breytingar í safni hans og þjónustu að teknu tilliti til aðstæðna. Við ávöxtun fjármuna fyrir einstaklinga þarf að taka tillit til margra ólíkra þátta sem geta breyst eftir því sem tíminn líður. Ákvarðanir um ávöxtun fjármuna fyrir einstaklinga ná jafnframt út fyrir það land sem viðkomandi hefur aðsetur í þar sem í mörgum tilvikum getur verið skynsamlegt að nýta sér kosti fjármála- og lagaumhverfis annarra landa.

Kaupþing Búnaðarbanki hf. býður einkabankaþjónustu í starfsstöðvum sínum á Íslandi, í Svíþjóð, Lúxemborg, Danmörku og Finnlandi. Innan Kaupþings Búnaðarbanka hf. vinna starfsmenn náið saman milli landa að þróun vörum og þjónustu til að mæta krefjandi og breytilegum þörfum viðskiptavina. Framkvæmdastjóri Eignastýringar sérbankaþjónustu er Guðbjörn Maronsson.

Afkoma Eignastýringar sérbankaþjónustu

(milljónir króna)	2003/2. ársfj.	2003/1. ársfj.	2003/6 mán.
Hreinar vaxtatekjur	11	22	33
Hreinar þóknatekjur	447	440	887
Gengishagnaður	0	0	0
Aðrar tekjur	0	6	6
Heildartekjur	457	469	926
Rekstrargjöld	371	399	770
Framlag í afskriftareikning	0	0	0
Heildargjöld	371	399	770
Framlegð	86	69	156

Lífeyris- og tryggingasvið

Lífeyris- og tryggingasvið hefur það hlutverk að sjá viðskiptavinum Kaupþings Búnaðarbanka hf. fyrir lífeyrissparnaði og líftryggingum. Lífeyrissparnaður skiptist í lífeyrisréttindi og séreign og viðskiptavinum býðst að leggja lífeyrissparnað sinn í lífeyrissjóði, séreignarsjóði, innlánsreikninga og í verðbréfasjóði. Helstu lífeyrisafurðir bankans eru Frjálsi lífeyrissjóðurinn, Séreignarlífeyrissjóðurinn, Séreignarsjóður Kaupþings, Lífeyrisauki Búnaðarbankans og Vista.

Kaupþing Búnaðarbanki hf. á meirihlutann í Alþjóða líftryggingarfélaginu og býður afurðir félagsins til sölu í útibúaneti sínu. Félagið er nú annað stærsta líftryggingarfélag landsins. Helstu afurðir félagsins eru líftryggingar, sjúkdómatryggingar og örorkutryggingar. Kaupþing Búnaðarbanki hf. stefnir að samvinnu við félag sem býður upp á ábyrgðartryggingar, en með því ætti bankinn að vera í stakk búinn til að veita viðskiptavinum sínum alla fjármálaþjónustu á einum stað. Framkvæmdastjóri Lífeyris- og tryggingasviðs er Hafliði Kristjánsson.

Fjármálasvið

Fjármálasvið hefur með höndum fjárhagsuppgjör samstæðunnar og áætlanagerð, auk þess að sjá um bókhald móðurfélags og samstæðu. Sviðið annast einnig skýrslugerð til yfirstjórnenda og til opinberra aðila. Framkvæmdastjóri Fjármálasviðs er Guðný Arna Sveinsdóttir.

Upplýsinga- og tæknisvið

Upplýsinga- og tæknisvið hefur yfirumsjón með upplýsinga- og tæknimálum samstæðunnar. Sviðið annast rekstur tölvukerfa og tölvubúnaðar fyrir útibú og starfsstöðvar á Íslandi, hugbúnaðarþróun, rekstur síma-kerfa, innkaup á búnaði og utanaðkomandi tölvukerfum, innlendum sem erlendum, auk þess að veita aðstoð til notenda upplýsingakerfa bankans. Framkvæmdastjóri Upplýsinga- og tæknisviðs er Ingi Örn Geirsson.

Áhættustýring og útlánaeftirlit

Áhættustýring greinir, mælir, stýrir og fylgist með allri þeirri áhættu sem er samfara starfsemi bankans. Lögð er áhersla á að Áhættustýring vinni náðið með öllum sviðum fyrirtækisins til að lágmarka áhættu bankans. Framkvæmdastjóri Áhættustýringar og útlánaeftirlits er dr. Steingrímur P. Kárason.


Stoðsvið Kaupþings Búnaðarbanka hf.


Til að styðja við tekjusvið bankans er Kaupþing Búnaðarbanki hf. með hefðbundin stoðsvið, svo sem Lögfræðisvið, Markaðssvið, Eignaumsýslu, Miðvinnslu og Greiningardeild.

Samskipti við hluthafa Kaupþings Búnaðarbanka hf. annast Hreiðar Már Sigurðsson forstjóri Kaupþings Búnaðarbanka hf. og Jónas Sigurgeirsson forstöðumaður Fjárfestatengsla.

Innri endurskoðun

Innri endurskoðun er óháð og ráðgefandi og ætlað að bæta rekstur bankans með hlutlausu staðfestingarferli. Með kerfisbundnum og öguðum vinnubrögðum leggur innri endurskoðun mat á og bætir virkni áhættustýringar, eftirlits og stjórnunaraðferða og styður þannig bankann í því að ná sínum markmiðum. Innri endurskoðun móðurfélagsins hefur aðgang að allri starfsemi samstæðunnar, þar á meðal dótturfélögum og útibúum. Innri endurskoðun móðurfélagsins styðst við vinnu innri endurskoðunardeilda dótturfélaga við mat á innra eftirliti hvers dótturfélags fyrir sig. Innri endurskoðun móðurfélagsins annast innri endurskoðun í dótturfélögum þar sem innri endurskoðunardeild er ekki til að deifa og slíkt telst við hæfi. Innri endurskoðandi bankans er Guðjón Jóhannesson.





Erlend dótturfélög

Bæði Kaupþing banki hf. og Búnaðarbanki Íslands hf. höfðu unnið að eflingu starfsemi sinnar utan Íslands fyrir samrunann. Kaupþing banki hf. varð fyrst íslenskra bankastofnana til að stofna dótturbanka erlendis, en það var Kaupþing Bank Luxembourg. Á árinu 2000 stofnaði Kaupþing banki hf. fjögur dótturfélög til viðbótar utan Íslands. Það eru Kaupthing Bank A/S í Danmörku, Kaupthing Føroyar Virðisbrævameklarafelag P/F í Færeyjum, Kaupthing Services S.A. í Lausanne í Sviss og Kaupthing New York Inc. í Bandaríkjunum. Þá var einnig stofnað útibú í Stokkhólmi. Sama ár stofnaði Búnaðarbanki Íslands hf. dótturfélag í Lúxemborg, Búnaðarbanki International S.A. Í kjölfar samruna Kaupþings banka hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. og í ljósi þess að starfsemi Búnaðarbanka International S.A. í Lúxemborg og starfsemi Kaupthing Bank Luxembourg var algerlega hliðstæð, taldi Búnaðarbanki Íslands hf. heppilegast að selja starfsemina. Fór salan fram þann 28. apríl síðastliðinn, með fyrirvara um sameiningu Búnaðarbanka Íslands hf. og Kaupþings banka hf.

Á árinu 2001 hélt Kaupþing banki hf. áfram að efla starfsemi sína erlendis, en þá yfirtók bankinn finnska verðbréfafyrirtækið Sofi Financial Services Oyj. og svissneska eignastýringarfyrirtækið Handsal Asset Management S.A.R.L. Í febrúar 2002 keypti Kaupþing banki hf. öll bréf í sænska verðbréfafyrirtækinu Aragon Holding AB. Í kjölfar þess var útibúi Kaupþings banka hf. í Stokkhólmi lokað. Í júní 2002 eignaðist Kaupþing banki hf. svo 28% hlut í JP Nordiska í Svíþjóð við sameiningu

þess við Aragon og í árslok 2002 átti Kaupþing banki hf. 86% hlut í JP Nordiska. Í lok júní 2003 var eignarhlutur bankans kominn í 93,42%, en nafni félagsins hefur nú verið breytt í Kaupthing Bank Sverige. Í febrúar 2003 keypti Kaupþing banki hf. svo BMY Corporate Finance Limited í Lundúnum og hóf þar með formlega starfsemi í Lundúnum undir heitinu Kaupthing Limited.

Kaupthing Bank Sverige AB

Stærsta dótturfélag Kaupþings Búnaðarbanka hf. er Kaupthing Bank Sverige AB (áður Bankaktiebolaget JP Nordiska AB). JP Nordiska varð til við samruna banka og verðbréfafyrirtækja. Árið 2001 yfirtók Nordiska fjármálafyrirtækið Matteus og JP Nordiska varð til. Ári síðar rann verðbréfafyrirtækið Aragon, sem þá var í eigu Kaupþings banka hf., inn í JP Nordiska. Í kjölfar þess gerði Kaupþing banki hf. yfirtökutilboð í JP Nordiska. JP Nordiska var skráð á O-lista kauphallarinnar í Stokkhólmi (Stockholmsbörsen) þar til 14. mars 2003, en þá var það afskráð að beiðni stjórnar Kaupthing Bank Sverige AB, enda var eignarhlutur Kaupþings banka hf. kominn vel yfir 90% og því uppfyllti hinn sænski banki ekki lengur skilyrði um skráningu á hlutabréfamarkað.

Kaupthing Bank Sverige AB veitir fjölbreytta fjármálaþjónustu með sérstaka áherslu á hlutabréfaviðskipti, fyrirtækjaráðgjöf og eignastýringu. Þessari starfsemi er beint bæði að stofnunum og einstaklingum og skiptist niður á þrjú svið, einkabankaþjónustu, fjárfestingarbankaþjónustu og eignastýringu. Að auki er fjórða sviðið, eigin verðbréfavíðskipti. Þá eru útlán með

veðum í fasteignum á Stokkhólmssvæðinu einnig hluti af starfseminni. Kaupthing Bank Sverige er í hópi stærstu markaðsaðila í kauphöllinni í Stokkhólmi hvað varðar veltu í hlutabréfaviðskiptum og var markaðshlutdeild bankans á árinu 2002 um 6% og um 4,3% á fyrstu sex mánuðum ársins 2003.

Hlutfé Kaupthing Bank Sverige AB er 61 milljón sænskra króna. Bókfært verð hluta í bankanum hjá Kaupþingi Búnaðarbanka hf. þann 30. júní 2003 var 6.456 milljónir króna. Ekki var greiddur arður á síðasta ári. Starfsmenn Kaupthing Bank Sverige AB voru 206 þann 30. júní 2003. Kaupthing Bank Sverige AB er með starfsemi sína í þremur sænskum borgum, Stokkhólmi, Gautaborg og Malmö. Forstjóri Kaupthing Bank Sverige AB er Christer Willard. Skráð aðsetur Kaupthing Bank Sverige er 107 81 Stockholm, Stureplan 19, Sverige. Kaupþing banki hf. á 93,42% hlutfjár í Kaupthing Bank Sverige AB.

Kaupþing Búnaðarbanki hf. og Kaupthing Bank Sverige AB eiga viðskipti sín á milli. Ekki er um nein óvenjuleg lánaviðskipti að ræða.

Kaupthing Bank Luxembourg S.A.

Snemma á árinu 1998 hóf Kaupþing banki hf. rekstur verðbréfafyrirtækis í Lúxemborg, Kaupthing Luxembourg S.A. Í ársbyrjun 2000 var nafninu breytt í Kaupthing Bank Luxembourg S.A. eftir að þarlend yfirvöld höfðu veitt félaginu almennt bankaleyfi. Kaupthing Bank Luxembourg S.A. var fyrsti erlendi bankinn í eigu íslensks aðila. Frá stofnun hefur starfsemin aukist jafnt og þétt.

Meginstarfsemi Kaupthing Bank Luxembourg S.A. er einkabankaþjónusta og sérhæfð fyrirtækjaþjónusta. Viðskiptavinum í einkabankaþjónustu býðst eignastýring, verðbréfamíðlun, útgáfa greiðslukorta og þjónusta við stofnun eignarhaldsfélaga auk almennrar innlána- og útlánastarfsemi. Kaupthing Bank Luxembourg sérhæfir sig enn fremur í útvegum sambankalána og annarri fjármögnun Kaupþings Búnaðarbanka hf.

Hlutfé félagsins er 9 milljónir evra. Bókfært verð hluta í félaginu hjá Kaupþingi Búnaðarbanka hf. þann 30. júní 2003 var 1.506 milljónir króna. Ekki var greiddur arður á síðasta ári. Starfsmenn Kaupthing Bank Luxembourg voru 52 þann 30. júní 2003. Bankastjórar Kaupthing Bank Luxembourg eru Magnús Guðmundsson og Johnie Wilson Brøgger. Skráð aðsetur Kaupthing Bank Luxembourg er 12, Rue Guillaume Schneider, L-2522 Luxembourg. Kaupþing Búnaðarbanki hf. á 100,00% hlutfjár í félaginu. Íslensk kennitala Kaupthing Bank Luxembourg er 440598-9009.

Kaupþing Búnaðarbanki hf. og Kaupthing Bank Luxembourg S.A. eiga viðskipti sín á milli. Ekki er um nein óvenjuleg lánaviðskipti að ræða.

Kaupthing New York Inc., Bandaríkjunum

Kaupþing banki hf. hóf starfsemi í Bandaríkjunum á árinu 2000 undir nafni Kaupthing New York Inc. Starfsemi hans er skipt í þrjú svið: Verðbréfamíðlun, eignastýringu og fyrirtækjaþjónustu. Miðlun hlutabréfa og skuldabréfa

fer fram gegnum dótturfélagið Kaupthing Securities Inc. sem er aðili að NASD (samtökum verðbréfamíðlara í Bandaríkjunum) og fékk leyfi til verðbréfamíðlunar í apríl 2001. Félagið hefur beinan aðgang að kauphöllinni í New York og Nasdaq-markaðnum.

Fyrirtækjaþjónusta Kaupthing New York sinnir ýmsum verkefnum fyrir bandarísk og norræn félög. Þann 30. júní 2003 voru tíu starfsmenn hjá Kaupthing New York. Hlutfé félagsins er 1 milljón bandaríkjadala. Bókfært verð hluta í félaginu hjá Kaupþingi Búnaðarbanka hf. þann 30. júní 2003 var 28 milljónir króna. Ekki var greiddur arður á síðasta ári. Framkvæmdastjóri Kaupthing New York er Robert Gibbons. Skráð aðsetur Kaupthing New York er að 230 Park Avenue, Suit 1528, New York, NY 10169, USA. Kaupþing Búnaðarbanki hf. á 100,00% hlutfjár í félaginu. Íslensk kennitala félagsins er 520500-9010.

Kaupþing Búnaðarbanki hf. og Kaupthing New York Inc. eiga viðskipti sín á milli. Ekki er um nein óvenjuleg lánaviðskipti að ræða.

Kaupthing Sofi Oyj., Finnlandi

Kaupthing Sofi Oyj. er finnskt verðbréfafyrirtæki í Helsinki. Kaupthing Sofi Oyj. sérhæfir sig í eignastýringu og verðbréfamíðlun fyrir fyrirtæki, stofnanafjórðing og efnaða einstaklinga. Kaupþing banki hf. keypti Sofi seint á árinu 2001 og færðist þannig nær því takmarki að verða öflugur norrænn banki.

Kaupthing Sofi Oyj. er einn eigenda kauphallarinnar í Helsinki. Markaðshlutdeild Sofi Oyj. á finnska markaðnum hefur aukist stöðugt á síðustu árum og er nú rétt yfir 6%. Hlutfé félagsins er 45 milljónir evra. Bókfært verð hluta í félaginu hjá Kaupþingi Búnaðarbanka hf. þann 30. júní 2003 var 784 milljónir króna. Ekki var greiddur arður á síðasta ári. Þann 30. júní 2003 voru 36 starfsmenn hjá félaginu. Framkvæmdastjóri Kaupthing Sofi Oyj. er Mika Matti Severi Lehto. Skráð aðsetur Kaupthing Sofi Oyj. er að Pohjoisesplanadi 21, FIN-00100 Helsinki, Finland. Kaupþing Búnaðarbanki hf. á 100,00% hlutfjár í félaginu.

Kaupþing Búnaðarbanki hf. og Kaupthing Sofi Oyj. eiga viðskipti sín á milli. Ekki er um nein óvenjuleg lánaviðskipti að ræða.

Kaupthing Føroyar Virðisbrævameklarafelag P/F, Færeyjum

Kaupthing Føroyar Virðisbrævameklarafelag P/F er leiðandi í eignastýringu fyrir stofnanafjórðing og einstaklinga í Færeyjum. Félagið starfrækir einnig verðbréfasjóðina Nordic Equity og Danish Bonds. Félagið var fyrsta verðbréfafyrirtækið í Færeyjum og er ætlunin að taka þátt í stofnun og þróun kauphallar í Færeyjum. Að auki býður Kaupthing Føroyar Virðisbrævameklarafelag P/F hefðbundna fjárfestingarbankastarfsemi.

Hlutfé Kaupthing Føroyar Virðisbrævameklarafelag P/F er 10 milljónir danskra króna. Bókfært verð hluta í félaginu hjá Kaupþingi Búnaðarbanka hf. þann 30. júní 2003 var 69 milljónir króna. Ekki var greiddur arður á

síðasta ári. Kaupþing Búnaðarbanki hf. á 51,00% hlutafjár í félaginu á móti 49,00% sem er í eigu Føroya Sparikassi. Þann 30. júní 2003 störfuðu 7 manns hjá félaginu. Framkvæmdastjóri Kaupþing Føroyar Virðisbrævameklarafelag P/F er Peter Holm. Skráð aðsetur félagsins er að Tinghúsvegur 14, Postboks 3090, FO-110 Tórshavn, Føroyar. Íslensk kennitala félagsins er 450402-9070.

Kaupþing Búnaðarbanki hf. og Kaupþing Føroyar Virðisbrævameklarafelag P/F eiga viðskipti sín á milli. Ekki er um nein óvenjuleg lánaviðskipti að ræða.

Kaupthing Bank A/S, Danmörku

Undirbúningur að stofnun Kaupthing Bank A/S í Danmörku hófst haustið 2000 og var leyfið veitt í lok júní 2001. Meginstarfsemi Kaupthing Bank A/S í Danmörku er alþjóðleg einkabankþjónusta, miðlun, eignastýring og fyrirtækjaþjónusta. Stofnaður hefur verið verðbréfasjóður sem fjárfestir í íslenskum skuldabréfum, en hann er skráður í dönskum krónum. Kaupthing Bank A/S er aðili að kauphöllinni í Kaupmannahöfn.

Í lok árs 2001 stofnaði Kaupthing Bank A/S fyrirtækið TEMA Kapital Management A/S til að starfrækja verðbréfasjóði, og á árinu 2002 Geysir Investment Company A/S sem kaupir og selur húsbref. Hlutfé Kaupthing Bank A/S er 42 milljónir danskra króna. Bókfært verð hluta í félaginu hjá Kaupþingi Búnaðarbanka hf. þann 30. júní 2003 var 629 milljónir króna. Ekki var greiddur arður á síðasta ári. Kaupþing Búnaðarbanki á 75,00% hlutafjár í Kaupthing Bank A/S á móti 25,00% í eigu Føroya Sparikassi. Þann 30. júní 2003 störfuðu 26 hjá félaginu. Framkvæmdastjóri Kaupthing Bank A/S er Brian Toft. Skráð aðsetur félagsins er að Nørre Farimagsgade 15, DK-1364 Copenhagen K, Danmark. Íslensk kennitala félagsins er 550102-9190.

Kaupþing Búnaðarbanki hf. og Kaupthing Bank A/S eiga viðskipti sín á milli. Ekki er um nein óvenjuleg lánaviðskipti að ræða.

Kaupthing Services S.A., Sviss

Kaupthing Services S.A. hefur sérhæft sig í rekstri alþjóðlegra lífeyrissjóða. Sjóðirnir eru settir á stofn fyrir starfsmenn alþjóðlegra fyrirtækja sem starfa utan síns heimalands og eru afurðirnar sérsniðnar fyrir einstaklinga og fyrirtæki, allt eftir þörfum hvers og eins. Í júlí 2002 veitti fjármálaeftirlit Lúxemborgar Kaupþingi banka hf. og dótturfyrirtæki þess í Lausanne leyfi til að starfrækja fjölpætta lífeyrisþjónustu sem kallast K-Bridge ASSEP (Association d'Épargne Pension). Þessi nýja þjónusta, sú fyrsta sinnar tegundar til að öðlast starfsleyfi í Evrópu, beinist að starfsmönnum stórra alþjóðlegra fyrirtækja.

Hlutfé Kaupthing Services S.A. er 100 þúsund svissneskir frankar. Bókfært verð hluta í félaginu hjá Kaupþingi Búnaðarbanka hf. þann 30. júní 2003 var neikvætt um 202 milljónir króna. Ekki var greiddur út arður á síðasta ári. Þann 30. júní 2003 störfuðu 7 manns hjá Kaupthing Services S.A. Framkvæmdastjóri félagsins er Ólafur Ásgeirsson. Skráð aðsetur félagsins er að Rue du

Lion d'Or 2, CH-1003, Lausanne, Switzerland. Kaupþing Búnaðarbanki hf. áformar að flytja fyrirtækið til Genf í Sviss á næstu misserum. Kaupþing Búnaðarbanki hf. á 100,00% hlutafjár í félaginu.

Kaupþing Búnaðarbanki hf. og Kaupthing Services S.A. eiga viðskipti sín á milli. Ekki er um nein óvenjuleg lánaviðskipti að ræða.

Handsal Asset Management S.A.R.L., Sviss

Handsal Asset Management S.A.R.L. bættist í hóp fyrirtækja Kaupþings banka hf. snemma á árinu 2002. Hjá fyrirtækinu, sem býður einstaklingum og fyrirtækjum sérhæfða eignastýringarþjónustu, starfa tveir starfsmenn, en framkvæmdastjóri er Michelle Valfells. Hlutfé Handsal Asset Management S.A.R.L. er 1 milljón svissneskra franka. Bókfært verð hluta í félaginu hjá Kaupþingi Búnaðarbanka hf. þann 30. júní 2003 var 106 milljónir króna. Íslensk kennitala félagsins er 691101-9080. Ekki var greiddur út arður á síðasta ári. Skráð aðsetur félagsins er að 28 Rue du Marche, CH-1204, Genf, Sviss. Kaupþing Búnaðarbanki hf. á 100,00% hlutafjár í félaginu.

Kaupþing Búnaðarbanki hf. og Handsal Asset Management S.A.R.L. eiga viðskipti sín á milli. Ekki er um nein óvenjuleg lánaviðskipti að ræða.

Global Arbitrage & Trading S.A., Sviss

Global Arbitrage & Trading (GAT) er dótturfyrirtæki Kaupþings Búnaðarbanka hf. (fyrrum dótturfyrirtæki Kaupthing Sofi Oyj.) og er starfsemi þess viðskipti, fyrir eigin reikning, innan dags með auðseljanleg hlutabréf í kauphöllum í Helsinki, Frankfurt og New York.

Global Arbitrage & Trading S.A. var gert að dótturfélagi Kaupþings banka hf. í ágúst 2002. Hlutfé félagsins er 5 milljónir svissneskra franka. Bókfært verð hluta í félaginu hjá Kaupþingi Búnaðarbanka hf. þann 30. júní 2003 var 150 milljónir króna. Skráð aðsetur félagsins er að 28 Rue du Marché, 1204 í Genf. Ekki var greiddur arður á síðastliðnu ári. Kaupþing Búnaðarbanki hf. á 100,00% hlutafjár í félaginu. Alls starfa þrjú verðbréfamiðlarar hjá félaginu. Framkvæmdastjóri Global Arbitrage & Trading S.A. er Claude Finckenberg. Félagið miðlar einkum Nokia-hlutabréfum í kauphöllinni í Helsinki og hefur mesta markaðshlutdeild í kauphöllinni í Helsinki í viðskiptum með Nokia-bréf á árinu 2002.

Kaupþing Búnaðarbanki hf. og Global Arbitrage & Trading S.A. eiga viðskipti sín á milli. Ekki er um nein óvenjuleg lánaviðskipti að ræða.

Kaupthing Management Company S.A., Lúxemborg

Kaupthing Management Company S.A. er rekstrarfélag Kaupthing Fund, verðbréfasjóðs sem skipt er í sex deildir og eru 99,26% af hlutfé félagsins í eigu Kaupþings Búnaðarbanka hf. Hlutfé Kaupthing Management Company S.A. er 136 þúsund evrur. Bókfært verð hluta í félaginu hjá Kaupþingi Búnaðarbanka hf. þann 30. júní 2003 var 1.008 milljónir króna. Ekki var greiddur

arður á síðasta ári. Íslensk kennitala félagsins er 530897-9909 og skráð aðsetur er 12, Rue Guillaume Schneider, L-2522 Luxembourg.

Kaupþing Búnaðarbanki hf. og Kaupthing Management Company S.A eiga viðskipti sín á milli. Ekki er um nein óvenjuleg lánaviðskipti að ræða.

Alpha Venture Capital Fund Management S.A., Lúxemborg

Alpha Venture Capital Fund Management S.A. er eignastýringarfyrirtæki skráð í Lúxemborg og stýrir framtaksfjárfestingarsjóðnum Alpha I – Venture Capital Fund. 99,00% hlutafjár eru í eigu Kaupþings Búnaðarbanka hf. Hlutfé Alpha Venture Capital Fund Management S.A. er 125 þúsund evrur. Bókfært verð hluta í félaginu hjá Kaupþingi Búnaðarbanka hf. þann 30. júní 2003 var 9 milljónir króna. Ekki var greiddur arður á síðasta ári. Íslensk kennitala félagsins er 650701-9410 og skráð aðsetur er 12, Rue Guillaume Schneider, L-2522 Luxembourg.

Kaupþing Búnaðarbanki hf. og Alpha Venture Capital Fund Management S.A. eiga viðskipti sín á milli. Ekki er um nein óvenjuleg lánaviðskipti að ræða.

Kaupthing Limited, Englandi

Kaupthing Limited er fjármálafyrirtæki í Lundúnum, sem hefur leyfi breska fjármálaeftirlitsins (FSA) til fyrirtækjaþjónustu. Kaupþing banki hf. keypti breska fjármálafyrirtækið BMY Corporate Finance Limited í febrúar 2003 og breytti heiti þess í Kaupthing Limited. Starfsmenn Kaupthing Limited eru sex og er framkvæmdastjóri þess Ármann Þorvaldsson. Hlutfé Kaupthing Limited er 3 milljónir punda. Kaupþing Búnaðarbanki hf. á 100,00% hlutafjár í félaginu og bókfært verð hluta í félaginu hjá Kaupþingi Búnaðarbanka hf. þann 30. júní 2003 var 69 milljónir króna. Skráð aðsetur þess er 135-137 New Bond Street, London W1S 2TG, UK.

Kaupþing Búnaðarbanki hf. og Kaupthing Limited eiga viðskipti sín á milli. Ekki er um nein óvenjuleg lánaviðskipti að ræða.

Innlend dótturfélag

Arion verðbréfavarsla hf.

Arion verðbréfavarsla hf. („Arion“) er alþjóðlegur vörsluaðili sem býður stofnanafjárfestum vörslu og greiðslumiðlun með innlend og erlend verðbréf. Arion hefur fengið leyfi frá viðskiptaráðuneytinu til að sinna verðbréfavíðskiptum og starfar samkvæmt reglum Fjármálaeftirlitsins. Hlutfé Arion verðbréfavörslu hf. er 65 milljónir króna. Bókfært verð hluta í félaginu hjá Kaupþingi Búnaðarbanka hf. þann 30. júní 2003 var 94 milljónir króna. Félagið greiddi ekki út arð á síðasta ári. 99,98% hlutafjár er í eigu Kaupþings Búnaðarbanka hf.

Arion var stofnað í maí 2002 sem miðstýrð eining fyrir Kaupþing banka hf. til að sjá um uppgjör verðbréfavíðskipta, greiðslur og vörslu. Fyrirtækið

hefur m.a. tekið yfir alla vörslu eigna sem áður var í höndum Kaupþings Búnaðarbanka hf. og eru flestir af 38 starfsmönnum fyrirtækisins fyrrum starfsmenn bakvinnslu, vörslu og eignastýringar Kaupþings banka hf. sem starfað hafði sem vörsluaðili fyrir fjölda sjóða síðan 1985. Arion býður einnig bókhald fyrir ýmsar tegundir sjóða og hefur fjöldi sjóða nýtt sér þjónustu þess á því sviði. Markmið Arion er að nýta stærðarhagkvæmni til að fá betra verð og lægri miðlunar- og vörslukostnað fyrir Kaupþing Búnaðarbanka hf. og að auka við starfsemi sína með því að bjóða stórum stofnanafjárfestum vörsluþjónustu. Framkvæmdastjóri félagsins er Guðrún Blöndal. Skráð aðsetur Arion er í Sóltúni 26, Reykjavík. Kennitala félagsins er 470502-4520.

Kaupþing Búnaðarbanki hf. og Arion verðbréfavarsla hf. eiga viðskipti sín á milli. Ekki er um nein óvenjuleg lánaviðskipti að ræða.

Ráðgjöf Kaupþings ehf.

Ráðgjöf Kaupþings ehf., kt. 670290-1159, sér um ráðgjafarverkefni önnur en þau sem falla undir önnur svið fyrirtækisins. Hlutfé Ráðgjafar Kaupþings ehf. er 100 þúsund krónur. Bókfært verð hluta í félaginu hjá Kaupþingi Búnaðarbanka hf. þann 30. júní 2003 var 18 milljónir króna. Ekki var greiddur arður á síðasta ári. 100,00% hlutafjár félagsins er í eigu Kaupþings Búnaðarbanka hf. Félagið hefur aðsetur að Ármúla 13, 108 Reykjavík. Framkvæmdastjóri Ráðgjafar Kaupþings ehf. er Hreiðar Már Sigurðsson.

Kaupþing Búnaðarbanki hf. og Ráðgjöf Kaupþings ehf. eiga viðskipti sín á milli. Ekki er um nein óvenjuleg lánaviðskipti að ræða.

Kirna ehf.

Kirna ehf., kt. 670290-1079, er einkahlutafélag sem var stofnað árið 1990. 100,00% hlutafjár er í eigu Kaupþings Búnaðarbanka hf. Hlutfé Kirnu ehf. er 20 milljónir króna. Bókfært verð hluta í félaginu hjá Kaupþingi Búnaðarbanka hf. þann 30. júní 2003 var 385 milljónir króna. Ekki var greiddur arður á síðasta ári. Félagið hefur aðsetur að Ármúla 13, 108 Reykjavík. Tilgangur félagsins er að kaupa og selja verðbréf. Fjárfestingarfélagið Vogar ehf. var sameinað Kirnu ehf. 2002. Framkvæmdastjóri Kirnu ehf. er Hreiðar Már Sigurðsson.

Kaupþing Búnaðarbanki hf. og Kirna ehf. eiga viðskipti sín á milli. Ekki er um nein óvenjuleg lánaviðskipti að ræða.

Sparisjóður Kaupþings hf.

Sparisjóður Kaupþings hf., kt. 520402-2170, starfar eftir lögum um fjármálafyrirtæki. Kaupþing banki hf. keypti 99,84% af stofnfé Sparisjóðs Öndarfjarðar þann 23. ágúst 2001. Nafni sparisjóðsins var breytt í Sparisjóð Kaupþings í kjölfarið og í apríl 2003 var sparisjóðnum breytt í hlutafélag. Hlutfé félagsins er 100 milljónir króna og er 99,84% hlutafjár í eigu Kaupþings Búnaðarbanka hf. Félagið greiddi út arð á árinu 2002 og komu 7,8 milljónir króna í hlut Kaupþings Búnaðarbanka hf. Bókfært verð hlutabréfa Kaupþings Búnaðarbanka hf. í félaginu þann 30. júní 2003 var 550 milljónir króna. Skráð aðsetur Sparisjóðs Kaupþings hf. er Ármúli 13, 108 Reykjavík og framkvæmdastjóri er Vilhjálmur Vilhjálmsson. Starfsemi

sjóðsins felst fyrst og fremst í greiðslumiðlun í tengslum við starfsemi Kaupþings Búnaðarbanka hf. og að taka við innlánum frá viðskiptavinum Kaupþings Búnaðarbanka hf. og fyrirtækjum.

Kaupþing Búnaðarbanks hf. og Sparisjóður Kaupþings hf. eiga viðskipti sín á milli. Ekki er um nein óvenjuleg lánaviðskipti að ræða.

Alþjóða líftryggingarfélagið hf.

Alþjóða líftryggingarfélagið hf., kt. 620166-0229. Félagið starfar eftir lögum um váttryggingastarfsemi nr. 60 frá 1994. Þann 6. desember 2002 eignaðist Kaupþing banki hf. meirihluta í félaginu og á Kaupþing Búnaðarbanks hf. nú 58,00% prósent hlutfjár í Alþjóða líftryggingarfélaginu hf. Hlutfé Alþjóða líftryggingarfélagsins hf. er 14 milljónir króna. Bókfært verð hluta í félaginu hjá Kaupþingi Búnaðarbanks hf. þann 30. júní 2003 var 320 milljónir króna. Ekki var greiddur út arður á síðasta ári. Félagið hefur aðsetur að Sóltúni 26, 105 Reykjavík. Það stundar líftryggingastarfsemi og selur dánaráhættutryggingar, sjúkdómatryggingar, sparnaðartryggingar og slysa- og sjúkratryggingar. Forstjóri félagsins er Örn Gústafsson.

Kaupþing Búnaðarbanks hf. og Alþjóða líftryggingarfélagið hf. eiga viðskipti sín á milli. Ekki er um nein óvenjuleg lánaviðskipti að ræða.

Sóltún fasteignafélag ehf.

Sóltún fasteignafélag ehf., kt. 650697-2359, er einka-hlutfélag sem var stofnað árið 1997 og hét áður Lögfang ehf. 100,00% hlutfjár er í eigu Kaupþings Búnaðarbanks hf. og er tilgangur þess að eiga og reka fasteignina að Sóltúni 26. Hlutfé Sóltúns fasteignafélags ehf. er 500 þúsund krónur. Bókfært verð hluta í félaginu hjá Kaupþingi Búnaðarbanks hf. þann 30. júní 2003 var 72 milljónir króna. Ekki var greiddur út arður á síðasta ári. Félagið hefur aðsetur í Sóltúni 26, 105 Reykjavík. Framkvæmdastjóri Sóltúns er Hreiðar Már Sigurðsson.

Kaupþing Búnaðarbanks hf. og Sóltún fasteignafélag ehf. eiga viðskipti sín á milli. Ekki er um nein óvenjuleg lánaviðskipti að ræða.

Sjávarútvegssjóðurinn ehf.

Sjávarútvegssjóðurinn ehf., kt. 410800-2410, er einka-hlutfélag sem var stofnað árið 2000. 100,00% hlutfjár félagsins er í eigu Kaupþings Búnaðarbanks hf. Hlutfé Sjávarútvegssjóðsins ehf. er 500 þúsund krónur. Bókfært verð hluta í félaginu hjá Kaupþingi Búnaðarbanks hf. þann 30. júní 2003 var 1 milljón króna. Ekki var greiddur arður á síðasta ári. Félagið hefur aðsetur að Ármúla 13, 108 Reykjavík. Tilgangur félagsins er kaup og sala verðbréfa og önnur skyld starfsemi.

Kaupþing Búnaðarbanks hf. og Sjávarútvegssjóðurinn ehf. eiga viðskipti sín á milli. Ekki er um nein óvenjuleg lánaviðskipti að ræða.

Urður ehf.

Urður ehf., kt. 681290-1689, á íbúðarhúsnæði sem

tengist útibúum bankans og leigir það út til Kaupþings Búnaðarbanks hf. Hlutfé félagsins er 400 þúsund krónur og er 100,00% hlutfjár í eigu Kaupþings Búnaðarbanks hf. Framkvæmdastjóri þess er Jóhannes Þór Ingvarsson. Bókfært verð hluta í félaginu hjá Kaupþingi Búnaðarbanks hf. var 12 milljónir króna í lok júní 2003. Félagið greiddi ekki arð á síðasta ári. Félagið hefur aðsetur í Austurstræti 5, 155 Reykjavík.

Kaupþing Búnaðarbanks hf. og Urður ehf. eiga viðskipti sín á milli. Ekki er um nein óvenjuleg lánaviðskipti að ræða.

Lýsing hf.

Lýsing hf. er sérhæft í fjármögnun atvinnutækja og atvinnuhúsnæðis með eignarleigusamningum og lánum. Félagið hefur verið leiðandi á sviði eignarleigu atvinnutækja fyrir fyrirtæki og einstaklinga í rekstri, auk þess sem það hefur hin síðari ár fjármagnað kaup einstaklinga á bílum. Lýsing hf., kt. 621101-2420, var stofnað 1. október 2001 á grunni félags með sama nafn sem stofnað var 1986 og sameinaðist Búnaðarbanks Íslands hf. Félagið hefur með höndum sömu starfsemi og eldra félag hafði áður og er 100,00% hlutfjár Lýsingar hf. í eigu Kaupþings Búnaðarbanks hf.

Hlutfé Lýsingar hf. er 101 milljón króna. Bókfært verð hluta hjá Kaupþingi Búnaðarbanks hf. var 2.282 milljónir króna í lok júní 2003. Greiddur var arður til eigenda á árinu 2003 vegna ársins 2002 að fjárhæð 100 milljónir króna. Lýsing hf. er til húsa að Suðurlandsbraut 22, 108 Reykjavík. Framkvæmdastjóri Lýsingar hf. er Ólafur Helgi Ólafsson og starfsmenn eru 33.

Kaupþing Búnaðarbanks hf. og Lýsing hf. eiga viðskipti sín á milli. Ekki er um nein óeðlileg lánaviðskipti að ræða á milli félaganna.

Goði ehf.

Búnaðarbanks Íslands hf. eignaðist Goða ehf., kt. 580169-7249, við sameiningu bankans og Gildingar í lok ársins 2001. 100,00% hlutfjár er í eigu Kaupþings Búnaðarbanks hf. en það hefur enga starfsemi með höndum. Hlutfé þess er 495 þúsund krónur. Bókfært verð hluta Goða ehf. í reikningum Kaupþings Búnaðarbanks hf. í lok júní 2003 var 42 milljónir króna. Félagið greiddi ekki út arð á árinu 2002. Goði ehf. hefur aðsetur að Köllunarklettsvegi 2, 104 Reykjavík og framkvæmdastjóri félagsins er Heimir V. Haraldsson.

Ekki er um að ræða nein óvenjuleg lánaviðskipti á milli Goða ehf. og Kaupþings Búnaðarbanks hf.

Gen hf.

Gen hf., kt. 520400-3970, var stofnað árið 2000 af Búnaðarbanks Íslands hf. Hlutfé félagsins er 4 milljónir króna og er 100,00% hlutfjár í eigu Kaupþings Búnaðarbanks hf. Félagið heldur m.a. utan um eignarhluti Kaupþings Búnaðarbanks hf. í Intrum á Íslandi ehf. og Lánstrausti hf. Bókfært verð hluta Gens hf. í reikningum Kaupþings Búnaðarbanks hf. í lok júní 2003 var 27 milljónir króna. Félagið greiddi ekki út arð á síðasta ári. Félagið hefur aðsetur í Austurstræti 5, 155 Reykjavík og

framkvæmdastjóri þess er Þórður Örylgsson. Kaupþing Búnaðarbanki hf. og Gen hf. eiga viðskipti sín á milli. Ekki er um að ræða nein óvenjuleg lánaviðskipti á milli félaganna.

Vesturvík sf.

Vesturvík sf., kt. 421085-0999, er sameignarfélag sem á fasteignina Tryggvagötu 26 og leigir hana út til Kaupþings Búnaðarbanka hf. og fleiri aðila. Kaupþing Búnaðarbanki hf. á 100,00% eignarhlut í félaginu. Framkvæmdastjóri þess er Unnar Jónsson. Bókfært verð eignarhluts Kaupþings Búnaðarbanka hf. í félaginu voru 220 milljónir króna í lok júní 2003. Ekki var greitt út úr félaginu á síðasta ári. Aðsetur félagsins er að Austurstræti 5, 101 Reykjavík.

Ekki er um að ræða nein óeðlileg lánaviðskipti á milli Kaupþings Búnaðarbanka hf. og Vesturvíkur sf.

Rekstrarfélag Kaupþings Búnaðarbanka hf.

Rekstrarfélag Kaupþings Búnaðarbanka hf., kt. 700996-2479, var stofnað í september 1996 og hét þá Rekstrarfélag Verðbréfasjóðs Búnaðarbankans hf. Félagið annast daglegan rekstur Verðbréfasjóðs Búnaðarbankans hf. og Vísitölusjóðs BÍ hf. ásamt því að sjá um umsýslu verðbréfasjóðanna og fjárfestingar þeirra í samræmi við fjárfestingarstefnu. Hlutfélag Rekstrarfélags Kaupþings Búnaðarbanka hf. var 4 milljónir króna í lok júní 2003. Kaupþing Búnaðarbanki hf. á 99,00% hlutfjár í félaginu. Framkvæmdastjóri þess er Hrafn Árnason. Bókfært verð hluta í félaginu hjá Kaupþingi Búnaðarbanka hf. var 5 milljónir króna í lok júní 2003. Ekki var greiddur út arður á síðasta ári. Aðsetur félagsins er í Austurstræti 5, 155 Reykjavík.

Kaupþing Búnaðarbanki hf. og Rekstrarfélag Verðbréfasjóðs Búnaðarbankans hf. eiga viðskipti sín á milli. Ekki er um nein óvenjuleg lánaviðskipti að ræða.

Stjórnir Rekstrarfélags Kaupþings Búnaðarbanka hf., Kaupþings eignastýringar ehf., Hávöxtunarfélagsins hf., Ævisjóðsins hf., Verðbréfasjóðs Búnaðarbankans hf. Vísitölusjóðs BÍ hf. og Fjárfestingasjóðs Búnaðarbankans hf. skrifuðu þann 22. ágúst 2003 undir samrunaáætlun sem felur í sér sameiningu félaganna undir kennitölu Rekstrarfélags Kaupþings Búnaðarbanka hf. Samkvæmt áætluninni er samruninn miðaður við 30. júní 2003. Tilgangur samrunans er að aðlaga rekstur félaganna að breyttum skilyrðum laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingasjóði, og laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Auk þess er það yfirlýstur tilgangur samrunans að starfrækja öflugt rekstrarfélag verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu sem getur veitt viðskiptavinum víðtæka og samkeppnishæfa þjónustu á Íslandi sem og á alþjóðlegum mörkuðum. Það er mat stjórna félaganna að með samrunanum verði unnt að ná fram aukinni hagkvæmni í rekstri félaganna með sameiginlegri stjórn og einfaldara skipulagi. Hlutfélag Rekstrarfélags Kaupþings Búnaðarbanka hf. hefur verið hækkað í 16 milljónir króna.

Verðbréfasjóður Búnaðarbankans hf.

Verðbréfasjóður Búnaðarbankans hf., kt. 700996-2639, er verðbréfasjóður sem rekinn er í 5 sjóðdeildum. Kaupþing

Búnaðarbanki hf. á 99,00% af hlutfélagins. Bókfært verð þess hjá Kaupþingi Búnaðarbanka hf. þann 30. júní 2003 var 6 milljónir króna og nafnverð hlutfjár var 4 milljónir króna. Félagið greiddi ekki út arð á síðasta ári. Verðbréfasjóður Búnaðarbankans hf. er til húsa að Austurstræti 5, 155 Reykjavík. Rekstrarfélag Verðbréfasjóðs Búnaðarbankans hf. annast framkvæmdastjórn sjóðsins. Verðbréfasjóður Búnaðarbankans hf. er gerður upp sem hlutdeildarfélag í reikningum samstæðunnar.

Vísitölusjóður BÍ hf.

Vísitölusjóður BÍ hf., kt. 491001-9090, er verðbréfasjóður sem rekinn er í einni sjóðdeild sem ber heitið Úrvals-vísitölusjóður BÍ. Kaupþing Búnaðarbanki hf. á 99,00% af hlutfélagins. Bókfært verð þess hjá Kaupþingi Búnaðarbanka hf. þann 30. júní 2003 var 4 milljónir króna og nafnverð hlutfjár var 4 milljónir króna. Félagið greiddi ekki út arð á síðasta ári. Vísitölusjóður BÍ hf. er til húsa að Austurstræti 5, 155 Reykjavík. Rekstrarfélag Verðbréfasjóðs Búnaðarbankans hf. annast framkvæmdastjórn sjóðsins. Vísitölusjóður BÍ hf. er gerður upp sem hlutdeildarfélag í reikningum samstæðunnar.

Fjárfestingasjóður Búnaðarbankans hf.

Fjárfestingasjóður Búnaðarbankans hf., kt. 611299-4949, er verðbréfasjóður. Kaupþing Búnaðarbanki hf. á 99,00% af hlutfélagins. Bókfært verð þess hjá Kaupþingi Búnaðarbanka hf. þann 30. júní 2003 var 4 milljónir króna og nafnverð hlutfjár var 4 milljónir króna. Félagið greiddi ekki út arð á síðasta ári. Aðsetur Fjárfestingasjóðs Búnaðarbankans hf. er að Austurstræti 5, 155 Reykjavík. Framkvæmdastjóri hans er Sigurður Óli Hákonarson. Fjárfestingasjóður Búnaðarbankans hf. er gerður upp sem hlutdeildarfélag í reikningum samstæðunnar.

Kaupþing eignastýring ehf.

Kaupþing eignastýring ehf., kt. 440195-2539, er rekstrarfélag Hávöxtunarfélagsins hf. og Ævisjóðsins hf., auk þess að vera rekstrarráðgjafi Kaupþing Management Company S.A. Hlutfélag Kaupþings eignastýringar ehf. er 1 milljón króna. Bókfært verð hluta í félaginu hjá Kaupþingi Búnaðarbanka hf. þann 30. júní 2003 var 65 milljónir króna. Ekki var greiddur arður á síðasta ári. 100,00% hlutfjár félagsins er í eigu Kaupþings Búnaðarbanka hf. Aðsetur þess er að Ármúla 13, 108 Reykjavík. Framkvæmdastjóri Kaupþings eignastýringar ehf. er Hrafn Árnason.

Kaupþing Búnaðarbanki hf. og Kaupþing eignastýring ehf. eiga viðskipti sín á milli. Ekki er um nein óvenjuleg lánaviðskipti að ræða.

Hávöxtunarfélagið hf.

Hávöxtunarfélagið hf., kt. 611284-0479, er verðbréfasjóður sem skiptist í tuttugu sjóðdeildir, þar á meðal Einingabréfasjóðina. Kaupþing Búnaðarbanki hf. á 99,19% af hlutfélagins. Hlutfélag Hávöxtunarfélagsins hf. er 10,5 milljónir króna. Bókfært verð hluta í félaginu hjá Kaupþingi Búnaðarbanka hf. þann 30. júní 2003 var 28 milljónir króna. Ekki var greiddur út arður á síðasta ári. Félagið hefur aðsetur að Ármúla 13, 108 Reykjavík. Kaupþing eignastýring ehf. sér um framkvæmdastjórn félagsins. Hávöxtunarfélagið hf. er gert upp sem hlutdeildarfélag í reikningum samstæðunnar.

Ævisjóðurinn hf.

Ævisjóðurinn hf., kt. 601097-2579, er verðbréfasjóður sem eingöngu er heimilt að markaðssetja á Íslandi. Kaupþing Búnaðarbanki hf. á 100,00% hlutafjár félagsins. Hlutfélaginu hjá Kaupþingi Búnaðarbanka hf. þann 30. júní 2003 var 5 milljónir króna. Ekki var greiddur arður á síðasta ári. Félagið hefur aðsetur að Ármúla 13, 108 Reykjavík. Kaupþing eignastýring ehf. sér um framkvæmdastjórn félagsins. Ævisjóðurinn hf. er gerður upp sem hlutdeildarfélag í reikningum samstæðunnar.

Hlutfélag allra dótturfélaga Kaupþings Búnaðarbanka hf. er allt að fullu greitt.

Hlutdeildarfélag**Scandinavian Holding S.A.**

Kaupþing Búnaðarbanki hf. átti 55,40% eignarhlut í Scandinavian Holding S.A. þann 30. júní 2003. Félagið var sameinað Meiði ehf. þann 12. ágúst síðastliðinn og er það því ekki lengur hlutdeildarfélag bankans. Aðrir eigendur Scandinavian Holding S.A. voru Sparisjóðabanki Íslands hf. og sparisjóðir. Hlutfélaginu var 113 milljónir evra. Bókfært verð Scandinavian Holding S.A. hjá Kaupþingi Búnaðarbanka hf. þann 30. júní 2003 var 1.168 milljónir króna. Félagið greiddi ekki út arð á árinu 2002.

DSK A/S

Kaupþing Búnaðarbanki hf. á 42,50% í danska fjárfestingarfélaginu DSK A/S. Heildarhlutfélaginu er 171 milljón danskra króna. Félagið greiddi ekki út arð á árinu 2002. Skráð aðsetur DSK A/S er Baneskelet 1, Hammershøj, Tjele, Danmörku. Framkvæmdastjóri félagsins er Jørgen Kjældgaard. Bókfært verð hlutabréfa Kaupþings Búnaðarbanka hf. í félaginu þann 30. júní 2003 var 194 milljónir króna.

Greiðslumiðlun hf.

Greiðslumiðlun hf., kt. 500683-0589, rekur greiðslukortþjónustu og gefur út VISA kreditkort og VISA ELECTRON debetkort fyrir hönd og á ábyrgð banka og sparisjóða. Hlutfélaginu er 400 milljónir króna og er eignarhlutur Kaupþings Búnaðarbanka hf. 21,00%. Bókfært verð hlutafjár Kaupþings Búnaðarbanka hf. í Greiðslumiðlun hf. var 272 milljónir króna í lok júní 2003. Félagið greiddi út arð á síðasta ári og komu 6,3 milljónir króna í hlut Kaupþings Búnaðarbanka hf. (þá Búnaðarbanka Íslands hf.) Félagið er til húsa að Álfabakka 16, 108 Reykjavík og framkvæmdastjóri þess er Halldór Guðbjarnason.

Kreditkort hf.

Kreditkort hf., kt. 440686-1259, rekur greiðslukortþjónustu og er umboðsaðili MasterCard og Maestro greiðslukorta á Íslandi. Hlutfélaginu er 47 milljónir króna og er eignarhlutur Kaupþings Búnaðarbanka hf. 20,00%. Bókfært verð hlutafjár Kaupþings Búnaðarbanka hf. í Kreditkort hf. var 194 milljónir króna í lok júní 2003. Félagið greiddi út arð á síðasta ári og komu 4,8 milljónir króna í hlut Kaupþings Búnaðarbanka hf. (þá

Búnaðarbanka Íslands hf.) Félagið er til húsa að Ármúla 28, 108 Reykjavík og framkvæmdastjóri þess er Ragnar Öundurson.

Reiknistofa bankanna

Reiknistofa bankanna, kt. 551073-0339, er sameignarfélag í eigu viðskiptabanka og sparisjóða, Seðlabanka Íslands, Greiðslumiðlunar hf. og Kreditkorta hf. Eignarhlutur Kaupþings Búnaðarbanka hf. er 16,90%. Tilgangur Reiknistofu bankanna er að reka sameiginlegt greiðslumiðlunarkerfi og tölvukerfi fyrir aðildarfélögin. Bókfært verð Reiknistofu bankanna í reikningum Kaupþings Búnaðarbanka hf. var 214 milljónir króna í lok júní 2003. Ekki var greitt út úr félaginu á síðasta ári. Félagið er til húsa að Kalkofnsvegi 1, 150 Reykjavík og forstjóri þess er Helgi H. Steingrímsson.

Helstu hlutabréfaeignir

Skráð hlutabréf í eigu bankans þann 30. júní 2003 voru bókfærð á 22,5 milljarða króna eða sem nemur 4,6% af heildareignum bankans. Taflan hér að neðan sýnir þá hlutabréfaeign Kaupþings Búnaðarbanka hf. í skráðum félögum, sem metin var á yfir 500 milljónir króna þann 30. júní 2003.

Félag	Bókfært verð	Eignarhlutur
Skeljungur hf.	3.997	35%
Vátryggingafélag Íslands hf.	3.802	27%
Kaldbakur hf.	907	14%
Fjárfestingarfélagið Straumur hf.	895	8%
Pharmaco hf.	698	1%
Og fjarskipti hf.	678	9%
Össur hf.	550	3%
Bakkvör Group hf.	520	2%
Íslandsbanki hf.	501	1%

(milljónir króna)

Óskráð hlutabréf í eigu bankans þann 30. júní 2003 voru bókfærð á 9,9 milljarða króna eða sem jafngildir 2,0% af heildareignum hans. Taflan hér fyrir neðan sýnir þá hlutabréfaeign Kaupþings Búnaðarbanka hf. þann 30. júní 2003 í óskráðum félögum, sem metin er á yfir 500 milljónir króna.

Félag	Atvinnugrein	Eignarhlutur
Mundur ehf.	Eignarhaldsfélag	20%
Stoðir hf.	Fasteignafélag	20%
Karen Millen	Tískuverslanakeðja	12%
Vífilfell hf.	Gosdrykkjarframleiðandi	25%

Stefna Kaupþings Búnaðarbanka hf. er að fjárfesta í óskráðum félögum sem eru talin fýsileg til umbreytingar innan 1-3 ára frá kaupum. Í tengslum við slíkar

fjárfestingar hefur Kaupþing Búnaðarbanki hf. stutt við félögin með ráðgjöf við fjárhagslega endurskipulagningu, sameiningu eða yfirtöku, skráningu á markað eða afskráningu. Bankinn lítur ekki á slík kaup sem fjárfestingu

til langs tíma, heldur stefnir að því að selja hlut sinn í viðkomandi fyrirtæki samfara umbreytingu eða í kjölfar hennar.

Yfirlit fjárfestinga Kaupþings Búnaðarbanka hf. og dótturfélaga síðustu þrjú ár

Félag	Land	Hluttur	Ár	Fjármögnun
Frjálsi fjárfestingabankinn	Ísland	99,5%	2001	Greitt með hlutum í Kaupþingi banka hf. - Hlutfjárfesting / Frá rekstri
Handsall Asset Management*	Sviss	100,0%	2001	Frá rekstri
Sofi Oyj.	Finnland	100,0%	2001	Greitt með hlutum í Kaupþingi banka hf. - Hlutfjárfesting
Lýsing hf.	Ísland	60,0%	2001	Greitt með hlutum í Búnaðarbanka Íslands hf. - Hlutfjárfesting
Gilding fjárfestingafélag ehf.	Ísland	100,0%	2001	Greitt með hlutum í Búnaðarbanka Íslands hf. - Hlutfjárfesting
Lánstraust hf.	Ísland	33,0%	2001	Frá rekstri
Intrum á Íslandi ehf.	Ísland	55,0%	2001	Frá rekstri
Aragon**	Svíþjóð	96,9%	2002	Greitt með hlutum í Kaupþingi banka hf. - Frá rekstri
Hlutabréfasjóðurinn Auðlind	Ísland	100,0%	2002	Greitt með hlutum í Kaupþingi banka hf. - Hlutfjárfesting
JP Nordiska	Svíþjóð	97,2%	2002	Greitt með hlutum í Kaupþingi banka hf. - Hlutfjárfesting
BMV Corporate Finance Ltd.	England	100,0%	2003	Frá rekstri

*Hefur verið selt frá Kaupþingi banka hf. **Hefur verið sameinað JP Nordiska

Starfsfólk

Stjórnendum Kaupþings Búnaðarbanka hf. er ljóst að helsti styrkur bankans felst í starfsmönnum hans. Þeir eru meginástæða þess mikla vaxtar sem einkennt hefur bæði Kaupþing banka hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. á undanförunum árum. Kaupþing Búnaðarbanki hf. leggur áherslu á að skapa vinnuumhverfi sem hvetur til hárra siðferðilegra staðla, gagnkvæmrar virðingar, fagmennsku, sköpunarkrafts og hópvinnu.

Eitt það mikilvægasta í starfsemi Kaupþings Búnaðarbanka hf. er að halda í hæfa starfsmenn og laða að nýtt og hæft starfsfólk. Kaupþing Búnaðarbanki hf. leggur ríka áherslu á að ráða, mennta og halda í gott starfsfólk.

Síðustu ár einkenndust af örum vexti hjá bæði Kaupþingi banka hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. Þannig jókst meðalfjöldi starfsmanna Kaupþings banka hf. úr 81 árið 1997 í 355 árið 2002. Hjá Búnaðarbanka Íslands hf. fjölgaði starfsmönnum bankans úr 590 í árslok 1997 í 849 í árslok 2003. Stöðugildi hjá Kaupþingi Búnaðarbanka hf. voru 1.282 í lok júní 2003.

Starfsmannafjöldi	2000	2001	2002
Búnaðarbanki Íslands hf.	736	804	846
Kaupþing banki hf.	205	381	355
	941	1.185	1.201

Meðalfjöldi starfsmanna á tímabilinu umreiknaður í heilsársstörf

Skipt eftir fjölmennustu sviðum þá starfa 380 starfsmenn í útibúum bankans, 146 í Eignastýringu sérbankaþjónustu, 63 í Markaðsviðskiptum, 39 á Fyrirtækjasviði, 38 í Fyrirtækjaráðgjöf og 23 í Fjárfestingu. Starfsmenn

Lýsingar eru 33 og starfsmenn Arion eru 38. Um 350 manns starfa hjá erlendum dótturfélögum bankans eða um 27% af heildarstarfsmannafjölda hans.

Hjá Kaupþingi banka hf. var starfsmannavelta bankans að meðaltali undir 5% á ári frá 1996 til 2000 og 11% á árunum 2001 og 2002. Hjá Búnaðarbanka Íslands hf. var starfsmannavelta bankans að meðaltali 11% á árunum 2000-2002 að báðum árum meðtöldum. Dregið hefur úr starfsmannaveltu á tímabilinu og var hún 8% árið 2002. Talsverður hluti starfsmanna Kaupþings Búnaðarbanka hf. er nú hluthafar í bankanum og telur bankinn að slíkt hvetji til ábyrgðar og áhuga á vexti og viðgangi bankans.

Kaupþing Búnaðarbanki hf. leggur mikið upp úr símenntun starfsmanna sinna og hvetur þá til þátttöku í hvers kyns námskeiðum, bæði á vegum bankans og annarra aðila. Á árinu 2002 var hlutfall námskeiðakostnaðar af heildarlaunakostnaði 0,7% hjá Kaupþingi banka hf. og 0,9% hjá Búnaðarbanka Íslands hf.

Stjórn, yfirstjórn og endurskoðendur

Lög um hlutfélög nr. 2/1995 kveða á um að stjórn hvers íslensks hlutfélags stýri almennum málum félagsins og sjái til þess að skipulag og starfsemi þess sé jafnan í réttu og góðu horfi. Samkvæmt samþykktum Kaupþings Búnaðarbanka hf. skal stjórn bankans skipuð níu mönnum kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Jafnframt skulu kjörnir níu menn til vara. Stjórnin kys sér formann úr sínum hópi. Stjórnin starfar samkvæmt fyrirfram ákveðinni starfslýsingu sem kveður á um störf og skyldur stjórnar og forstjóra. Samkvæmt vinnuferlinu eru

boðaðir stjórnarfundir eftir þörfum, en þó ekki sjaldnar en annan hvern mánuð. Stjórnarmaður eða forstjórar geta óskað eftir stjórnarfundum og er formanni stjórnar þá skylt að boða stjórnarfund. Starfsreglur stjórnar kveða á um málefni sem ræða skal á stjórnarfundum sem og reglur um vanhæfi stjórnarmanns eða stjórnarmanna. Stjórnin kys forstjóra og úrskurðar um laun þeirra og önnur fríðindi. Stjórn bankans er heimilt að fela stjórnarformanni tiltekin verkefni í þágu bankans. Stjórnin setur reglur um verkaskiptingu stjórnar og framkvæmdastjóra þar sem fram koma mörk lánaheimilda forstjóra svo og reglur varðandi ákvarðanir um fjárfestingar samanber 1. málsgrein 54. greinar laga nr. 161/2002.

Stjórn hefur ákveðið að stjórnarformaður sinni áframhaldandi uppbyggingu Kaupþings Búnaðarbanka hf. á alþjóðlegum markaði og er hann í fullu starfi hjá bankanum. Forstjórar annast daglegan rekstur bankans og skulu í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn hefur gefið. Forstjórar skulu sjá um að bókhald og fjárreiður séu í samræmi við lög og góðar venjur og að meðferð eigna bankans sé með tryggilegum hætti. Aðsetur stjórnar og forstjóra er að Austurstræti 5, 155 Reykjavík.

Stjórn Kaupþings Búnaðarbanka hf.

Sigurður Einarsson

Kt. 190960-2269
Heimili: Valhúsabraut 20, 170 Seltjarnarnes
Formaður stjórnar
Kjörinn 2003
Kaupréttur: 838.296 hlutir Söluréttur: 800.000 hlutir
Eign í Kaupþingi Búnaðarbanka hf.,
ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila: 988.005 hlutir

Hjörleifur Þór Jakobsson

Kt. 070457-2029
Heimili: Heiðarás 25, 110 Reykjavík
Varaformaður stjórnar, forstjóri Olúfélagsins ehf.
Kjörinn 2003
Kaupréttur: 0 hlutir
Eign í Kaupþingi Búnaðarbanka hf.,
ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila: 17.140 hlutir

Ásgeir Thoroddsen

Kt. 070242-2739
Heimili: Flókagata 19, 105 Reykjavík
Hæstaréttarlögmaður
Kjörinn 2003
Kaupréttur: 0 hlutir
Eign í Kaupþingi Búnaðarbanka hf.,
ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila: 850 hlutir

Bjarnfreður H. Ólafsson

Kt. 171167-5079
Heimili: Flétturimi 31, 112 Reykjavík
Héraðsdómslögmaður
Kjörinn 2003
Kaupréttur: 0 hlutir
Eign í Kaupþingi Búnaðarbanka hf.,
ásamt eign tengdra aðila: 280 hlutir

Finnur Ingólfsson

Kt. 080854-3829
Heimili: Jökklafold 15, 112 Reykjavík
Forstjóri Vátryggingafélags Íslands hf.
Kjörinn 2003
Kaupréttur: 0 hlutir
Eign í Kaupþingi Búnaðarbanka hf.,
ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila: 0 hlutir

Gunnar Páll Pálsson

Kt. 051061-7999
Heimili: Jökklafold 8, 112 Reykjavík
Formaður Verzlunarmannafélags Reykjavíkur
Kjörinn 2001
Kaupréttur: 0 hlutir
Eign í Kaupþingi Búnaðarbanka hf.,
ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila: 12.346 hlutir

Jón Helgi Guðmundsson

Kt. 200547-3149
Heimili: Mávanes 20, 210 Garðabær
Forstjóri BYKO hf.
Kjörinn 2002
Kaupréttur: 0 hlutir
Eign í Kaupþingi Búnaðarbanka hf.,
ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila: 719.672 hlutir

Peter Gatti

Heimili: Þýskalaland
Framkvæmdastjóri Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KGaA.
Kjörinn 2003
Kaupréttur: 0 hlutir
Eign í Kaupþingi Búnaðarbanka hf.,
ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila: 0 hlutir

Tommy Christer Persson

Heimili: Svíþjóð
Forstjóri Länsförsäkringar AB
Kjörinn 2002
Kaupréttur: 0 hlutir
Eign í Kaupþingi Búnaðarbanka hf.,
ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila: 0 hlutir

Yfirstjórn Kaupþings Búnaðarbanka hf.

Hreiðar Már Sigurðsson

Kt. 191170-5719
Heimili: Hlyngerði 6, 108 Reykjavík
Forstjóri
Hóf störf hjá Kaupþingi banka hf. 1994
Kaupréttur: 394.148 hlutir Söluréttur: 500.000 hlutir
Eign í Kaupþingi Búnaðarbanka hf.,
ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila: 581.523 hlutir

Sólun R. Sigurðsson

Kt. 010342-3099
Heimili: Kórsalir 5, 201 Kópavogur
Forstjóri
Hóf störf hjá Búnaðarbanka Íslands hf. 1983
Kaupréttur: 558.304 hlutir
Eign í Kaupþingi Búnaðarbanka hf.,
ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila: 19.657 hlutir

Ármann Þorvaldsson

Kt. 151268-3239
 Heimili: Bretland
 Framkvæmdastjóri Fyrirtækjaráðgjafar
 Hóf störf hjá Kaupþingi banka hf. 1994
 Kaupréttur: 90.000 hlutir Söluéttur: 400.000 hlutir
 Eign í Kaupþingi Búnaðarbanka hf.,
 ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila: 454.148 hlutir

Friðrik S. Halldórsson

Kt. 270559-3369
 Heimili: Þverás 7a, 110 Reykjavík
 Framkvæmdastjóri Viðskiptabankasviðs
 Hóf störf hjá Búnaðarbanka Íslands hf. 1983
 Kaupréttur: 184.932 hlutir
 Eign í Kaupþingi Búnaðarbanka hf.,
 ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila: 1.850 hlutir

Guðbjörn Maronsson

Kt. 030963-5129
 Heimili: Fiskakvísl 34, 110 Reykjavík
 Framkvæmdastjóri Eignastýringar sérbankaþjónustu
 Hóf störf hjá Kaupþingi banka hf. 2001
 Kaupréttur: 367.600 hlutir
 Eign í Kaupþingi Búnaðarbanka hf.,
 ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila: 0 hlutir

Guðmundur Gíslason

Kt. 190141-4549
 Heimili: Stapasel 12, 109 Reykjavík
 Framkvæmdastjóri Alþjóðasviðs
 Hóf störf hjá Búnaðarbanka Íslands hf. 1990
 Kaupréttur: 188.441 hlutir
 Eign í Kaupþingi Búnaðarbanka hf.,
 ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila: 14.248 hlutir

Guðný Arna Sveinsdóttir

Kt. 090266-3069
 Heimili: Akrasel 16, 109 Reykjavík
 Framkvæmdastjóri Fjármálasviðs
 Hóf störf hjá Kaupþingi banka hf. 2001
 Kaupréttur: 6.000 hlutir
 Eign í Kaupþingi Búnaðarbanka hf.,
 ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila: 10.978

Hafliði Kristjánsson

Kt. 090962-2139
 Heimili: Lóuás 10, 220 Hafnarfjörður
 Framkvæmdastjóri Lífeyris-og tryggvingasviðs
 Hóf störf hjá Kaupþingi banka hf. 1997
 Kaupréttur: 88.296 hlutir Söluéttur: 300.000 hlutir
 Eign í Kaupþingi Búnaðarbanka hf.,
 ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila: 311.704 hlutir

Ingi Örn Geirsson

Kt. 291151-7369
 Heimili: Fífuhjalli 23, 200 Kópavogur
 Framkvæmdastjóri Upplýsinga- og tæknisviðs
 Hóf störf hjá Búnaðarbanka Íslands hf. 1985
 Kaupréttur: 3.509 hlutir
 Eign í Kaupþingi Búnaðarbanka hf.,
 ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila: 12.237 hlutir

Ingólfur Helgason

Kt. 041067-5279
 Heimili: Kópahlind 4, 200 Kópavogur
 Framkvæmdastjóri Markaðsviðskipta
 Hóf störf hjá Kaupþingi banka hf. 1993
 Kaupréttur: 138.296 hlutir Söluéttur: 400.000 hlutir
 Eign í Kaupþingi Búnaðarbanka hf.,
 ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila: 531.539 hlutir

Karl Þorsteins

Kt. 131064-4899
 Heimili: Selvogsgrunn 9, 104 Reykjavík
 Framkvæmdastjóri Fyrirtækjasviðs
 Hóf störf hjá Búnaðarbanka Íslands hf. 1990
 Kaupréttur: 95.975 hlutir
 Eign í Kaupþingi Búnaðarbanka hf.,
 ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila: 13.068 hlutir

Kristín Pétursdóttir

Kt. 091165-8059
 Heimili: Brekkugata 14, 220 Hafnarfjörður
 Framkvæmdastjóri Fjárstýringar
 Hóf störf hjá Kaupþingi banka hf. 1997
 Kaupréttur: 72.000 hlutir Söluéttur: 300.000 hlutir
 Eign í Kaupþingi Búnaðarbanka hf.,
 ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila: 300.000 hlutir

Dr. Steingrímur P. Káráson

Kt. 060168-4079
 Heimili: Fannafold 120, 112 Reykjavík
 Framkvæmdastjóri Áhættustýringar og útlánaeftirlits
 Hóf störf hjá Kaupþingi banka hf. 1997
 Kaupréttur: 120.000 hlutir Söluéttur: 400.000 hlutir
 Eign í Kaupþingi Búnaðarbanka hf.,
 ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila: 538.662 hlutir

Löggiltir endurskoðendur

Löggiltir endurskoðendur Kaupþings Búnaðarbanka hf. eru KPMG Endurskoðun hf. og Sigurður Jónsson og Hildur Árnadóttir fyrir þeirra hönd.

Sigurður Jónsson

Kt. 290256-5269
 Heimili: Þrúðvangur 6, 220 Hafnarfjörður
 Löggiltur endurskoðandi
 Endurskoðandi Kaupþings banka hf. frá 1991

Hildur Árnadóttir

Kt. 040866-3459
 Heimili: Fannafold 233, 112 Reykjavík
 Löggiltur endurskoðandi
 Endurskoðandi Kaupþings banka hf. frá 1994

Greiðslur til stjórnarmanna, forstjóra og lykilstarfsmanna

Samþykktir Kaupþings Búnaðarbanka hf. eru þær samþykktir sem giltu áður hjá Kaupþingi banka hf.

Laun stjórnarformanns Kaupþings banka hf. á árinu 2002 námu 2.580.000 krónum auk 6% í lífeyrissjóðsgreiðslur. Samanlögð stjórnarlaun á árinu 2002 voru 9.620.000 krónur. Laun til hvers stjórnarmanns á árinu 2002 námu 1.290.000 krónum auk 6% í lífeyrissjóðsgreiðslur. Á aðalfundi Kaupþings banka hf., sem haldinn var 12. mars 2003, voru laun stjórnarformanns fyrir næsta starfsár stjórnar samþykkt 300.000 krónur á mánuði og laun stjórnarmanna 150.000. Stjórn Kaupþings Búnaðarbanka hf. er heimilt að semja við stjórnarformann um launakjör vegna annarra verkefna sem hann tekur að sér í þágu bankans.

Greiðslur til forstjóra Kaupþings banka hf. fyrir árið 2002 námu samtals 70 milljónum króna, þar af voru 58 milljónir króna kaupauki vegna afkomutengingar, auk 6,5 milljóna króna greiddra í lífeyrissjóð. Greiðslur til tveggja bankastjóra Búnaðarbanka Íslands hf. fyrir árið 2002 námu annars vegar 18,5 milljónum króna auk 3,5 milljóna króna greiddra í lífeyrissjóð og hins vegar 15,5 milljónum króna auk 3 milljóna króna greiddra í lífeyrissjóð.

Við sameiningu Kaupþings banka hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. var ákveðið að forstjórar sameinaðs banka yrðu tveir, einnig var stjórnarmönnum fjölgað í níu úr sjö, frá því sem áður var hjá Kaupþingi banka hf. Stjórn Kaupþings Búnaðarbanka hf. hefur sett á laggirnar sérstaka nefnd til að ákvarða laun starfandi stjórnarformanns og forstjóra bankans. Þessi nefnd hefur ekki lokið störfum. Ákveðið hefur þó verið að laun starfandi stjórnarformanns og forstjóra muni taka mið af árangri í rekstri bankans.

Uppsagnarfrestur beggja forstjóra Kaupþings Búnaðarbanka hf. er sex mánuðir. Forstjórar eiga ekki rétt á biðlaunum.

Greiðslur til forstjóra, aðstoðarforstjóra og framkvæmdarstjóra Kaupþings banka hf. námu 223,5 milljónum króna á árinu 2002, en þar af voru greiðslur í lífeyrissjóði 22,0 milljónir. Uppsagnarfrestur lykilstarfsmanna annarra en forstjóra er þrjár til sex mánuðir. Í þremur tilvikum er uppsagnarfrestur bankans tólf mánuðir og sex mánuðir fyrir starfsmanninn.

Greiðsla til endurskoðenda Kaupþings banka hf. á árinu 2002 nam 14,5 milljónum króna fyrir endurskoðun og 6,3 milljónum fyrir ráðgjafarþjónustu. Endurskoðendur Kaupþings banka hf. eru nú endurskoðendur Kaupþings Búnaðarbanka hf.

Viðskipti stjórnarmanna og forstjóra

Ekki er um að ræða nein óeðlileg viðskipti milli stjórnarmanna og forstjóra við Kaupþing Búnaðarbanka hf. Heildarlán til stjórnarmanna nema samtals 107 milljónum króna og til forstjóra 67 milljónum króna. Kaupþing Búnaðarbanki hf. hefur engar ábyrgðir veitt til stjórnar eða forstjóra.

Hlutdeild starfsmanna í hagnaði

Til að hvetja og umbuna starfsmönnum hefur Kaupþing Búnaðarbanki hf. kaupaukakerfi þar sem kaupauki verður greiddur til lykilstarfsmanna með vísan til rekstrarhagnaðar bankans sem og þegar arðsemismarkmiðum er náð. Ennfremur mun Kaupþing Búnaðarbanki hf. greiða starfstengdar kaupaukagreiðslur fyrir árangur innan einstakra sviða, fyrir að ljúka sérstökum verkefnum, fjölgun viðskiptavina í eignastýringu og hluta af vexti eigna í stýringu og fleira. Þessar kaupaukagreiðslur verða ákvarðaðar af forstjórum Kaupþings Búnaðarbanka hf. og framkvæmdastjórum hvers sviðs fyrir sig. Kaupaukagreiðslur til forstjóra verða í hlutfalli við hagnað Kaupþings Búnaðarbanka hf.

Á árinu 2002 voru greiddar samtals 410 milljónir króna í kaupaukagreiðslur hjá Kaupþingi banka hf. Á árinu 2002 voru greiddar samtals 60 milljónir króna í kaupauka til starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. vegna ársins 2001 og á árinu 2003 voru greiddar 178 milljónir króna í kaupauka til starfsmanna vegna ársins 2002.

Lífeyrisgreiðslur

Farið er eftir lögum um lífeyrisgreiðslur til starfsmanna. Fyrir starfsmenn á Íslandi er greitt 6% framlag launagreiðanda í skyldulífeyri og umsamin 1% eða 2% í viðbótarsparnað. Að auki hefur í nokkrum tilvikum verið samið um hærri viðbótarlífeyrissparnað. Þeir starfsmenn Kaupþings Búnaðarbanka hf. sem eru aðilar að Sambandi íslenskra bankamanna eiga að auki rétt á 7% viðbótarlífeyrissparnaði eftir þriggja ára aðild að félaginu.

V Afkoma og efnahagur

Umfjöllun um sex mánaða uppgjör Kaupþings Búnaðarbanka hf. 2003

Rekstrarreikningur

Hagnaður Kaupþings Búnaðarbanka hf. fyrir skatta á fyrri helmingi ársins 2003 nam 3.735 milljónum króna samanborið við 2.399 milljóna króna samanlagðan hagnað Kaupþings banka hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. á fyrri helmingi ársins 2002.* Hagnaður Kaupþings Búnaðarbanka hf. eftir skatta á fyrri helmingi ársins 2003 nam 3.065 milljónum króna en samanlagður hagnaður beggja bankanna eftir skatta var 1.964 milljónir króna á sama tímabili árið 2002. Aukning hagnaðar eftir skatta milli ára nemur því 56,1%.

Hagnaður Kaupþings Búnaðarbanka hf. fyrir skatta á öðrum ársfjórðungi 2003 nam 1.962 milljónum króna en samanlagður hagnaður beggja bankanna fyrir skatta á sama tímabili 2002 var 963 milljónir króna. Hagnaður Kaupþings Búnaðarbanka hf. eftir skatta á öðrum ársfjórðungi 2003 nam 1.689 milljónum króna og var hann 111,4% meiri en samanlagður hagnaður beggja bankanna eftir skatta á sama tímabili árið 2002. Arðsemi eigin fjár fyrstu sex mánuði ársins 2003 var 19,4% en 18,7% á sama tímabili 2002.


Hagnaður á hlut var 7,5 krónur á fyrri helmingi ársins. Hagnaður á hlut hjá Kaupþingi banka hf. á fyrri hluta síðasta árs var 4,4 krónur og hjá Búnaðarbanka Íslands hf. 6,8 krónur.**

Meginstoðir tekna Kaupþings Búnaðarbanka hf. eru þrjár: vaxtatekjur, þóknánir og gengishagnaður.

Tekjur

Hreinar vaxtatekjur bankans á fyrri helmingi ársins námu 4.601 milljón króna samanborið við 3.354 milljónir króna samanlagt hjá bönkunum tveimur á fyrri helmingi ársins 2002 sem er 37,2% aukning milli ára. Hreinar vaxtatekjur bankans á öðrum ársfjórðungi námu 2.204 milljónum króna og jukust þær um 26,0% milli ára. Vaxtamunur, þ.e. vaxtatekjur að frádregnum vaxtagjöldum sem hlutfall af meðalstöðu heildarfjármagns, var 2,0% fyrstu sex mánuði ársins.

Tekjudreifing Kaupþings Búnaðarbanka hf. á fyrri helmingi ársins 2003



Hreinar þóknatekjur námu 4.260 milljónum króna á fyrstu sex mánuðum ársins en 2.824 milljónum króna á sama tímabili á síðasta ári. Aukning hreinna þóknatekna nemur því 50,8% milli ára. Aukning í hreinum þóknatekjum kemur meðal annars vegna stórra verkefna í Fyrirtækjaráðgjöf og vegna aukinna umsvifa í miðlun sem að hluta komu til vegna kaupa bankans á Bankaktiebolaget JP Nordiska, nú Kaupþing Bank Sverige. Hreinar þóknunartekjur á öðrum ársfjórðungi námu 2.251 milljón króna og jukust um 700 milljónir króna eða sem nemur 45,1%.

Gengishagnaður fyrstu sex mánuði ársins nam 4.725 milljónum króna, samanborið við 3.135 milljónir króna á fyrri hluta síðasta árs. Af gengishagnaði var um 37,0% innleystur hagnaður. Gengishagnaður á öðrum ársfjórðungi nam 2.433 milljónum króna og er það hækkun um 1.322 milljónir króna milli ára eða sem nemur 119,0%.

Hreinar rekstrartekjur á fyrri helmingi ársins námu samtals 14.190 milljónum króna samanborið við 9.517 milljónir króna á fyrri helmingi ársins 2002 og er það 49,1% aukning milli ára. Hreinar rekstrartekjur á öðrum ársfjórðungi námu samtals 7.404 milljónum króna og jukust um 63,7% milli ára.

Gjöld

Launakostnaður bankans nam 4.948 milljónum króna á fyrstu sex mánuðum ársins og jókst um 56,7% á milli ára. Launakostnaður á öðrum ársfjórðungi nam 2.612 milljónum króna og hækkaði um 66,5% milli ára. Þessa hækkun má meðal annars rekja til kaupa bankans á Kaupþing Bank Sverige, og kaupréttarsamninga sem nú eru gjaldfærðir.

Annar almennur rekstrarkostnaður nam 3.501 milljón króna á fyrri helmingi ársins og hækkaði hann um 40,3% á milli ára. Þessi hækkun stafar að mestu af kaupum bankans á Kaupþing Bank Sverige. Annar almennur rekstrarkostnaður á öðrum ársfjórðungi nam 1.789 milljónum króna og jókst hann um 528 milljónir króna milli ára eða sem nemur 41,9%.

Rekstrarkostnaður bankans á fyrri helmingi ársins nam samtals 9.077 milljónum króna samanborið við 6.042 milljónir króna á fyrri helmingi ársins 2002 og er það aukning um 50,2% milli ára. Hlutfall rekstrarkostnaðar af tekjum var um 64,0%. Rekstrarkostnaður bankans á öðrum ársfjórðungi nam 4.691 milljón króna og jókst um 1.661 milljón króna frá öðrum ársfjórðungi eða sem nemur 54,8%. Rekstrarkostnaður sem hlutfall af tekjum á öðrum ársfjórðungi var 63,4%.

Í afskriftareikning útlána voru færðar 1.378 milljónir króna fyrstu sex mánuði ársins. Af þeirri upphæð voru 317 milljónir króna framlag í almennan hluta af-

* Þegar vísað er í niðurstöðutölur bankans fyrir árið 2002 er átt við "pro forma" niðurstöðu, enda hóf sameinaður banki Kaupþings banka hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. ekki starfsemi fyrr en 27. maí 2003 þó svo að Kaupþing Búnaðarbanki sé gerður upp frá og með 1. janúar 2003.

** Hagnaður Búnaðarbanka Íslands hf. á hlut fyrir fyrstu sex mánuði ársins hefur verið leiðréttur með tilliti til skiptihlutfalls við sameiningu bankanna.

skriftareikningsins. Framlag í afskriftareikning útlána endurspeglar ekki endanlega töpuð útlán, heldur er um að ræða fjárhæð sem lögð er til hliðar til að mæta hugsanlegum útlánatöpum.


Reiknaður tekjuskattur á fyrri helmingi ársins nemur 668 milljónum króna og er það 55,1% hækkun milli ára.

Efnahagsreikningur

Eignir

Heildareignir Kaupþings Búnaðarbanka þann 30. júní 2003 voru 493 milljarðar króna og höfðu þær aukist um 60,3 milljarða króna frá áramótum eða um 13,9%.

Eignir Kaupþings Búnaðarbanka hf. 30. júní 2003



Útlán bankans þann 30. júní 2003 námu 293 milljörðum króna og höfðu aukist um 23,3 milljarða króna frá áramótum eða um 8,7%. Útlán voru um 59,4% af heildareignum bankans þann 30. júní. Verðmæti skuldabréfaeignar nam samtals 99,5 milljörðum króna. Á móti þessum eignum hefur bankinn gert afleiðusamninga að fjárhæð 57,7 milljarðar króna og ber bankinn því markaðsáhættu af 41,9 milljörðum króna. Hlutabréfaeign nam 32,4 milljörðum króna og hefur hún lækkað um 1,5% frá áramótum. Á móti hlutabréfaeign hefur bankinn gert afleiðusamninga að fjárhæð 5,0 milljarðar króna. Óskráð hlutabréf voru 9,9 milljarðar króna eða um 2,0% af heildareignum bankans. Skráð hlutabréf voru 22,5 milljarðar króna eða um 4,6% af heildareignum bankans. Öll verðbréf bankans eru færð á markaðsvirði nema óskráð bréf, sem færð eru á kaupverði eða ætluðu markaðsverði hvort heldur sem lægra reynist.

Þann 30. júní 2003 hafði bankinn fært 6.941 milljónir króna í afskriftareikning útlána til að mæta mögulegum útlánatöpum, en það svarar til 2,3% af útlánun og veittum ábyrgðum.


Skuldir og eigið fé

Skuldir við lánastofnanir námu 136,9 milljörðum króna og 42,6% þeirrar upphæðar var skuld við Seðlabanka Íslands vegna endurhverfra viðskipta (repo).

Innlán bankans námu 183,4 milljörðum króna í lok júní 2003 sem er aukning um 18,8 milljarða króna frá áramótum, eða sem nemur 11,4%. Innlán voru samtals 37,2% af fjármögnun bankans þann 30. júní 2003, samanborið við 38,1% um síðustu áramót.

Eigið fé bankans var 34,9 milljarðar króna þann 30. júní samanborið við 33,4 milljarða króna um síðustu áramót. Á tímabilinu voru greiddar út 1.244 milljónir króna í arð og keypt eigin bréf fyrir 585 m.kr.

Skuldir og eigið fé Kaupþings Búnaðarbanka hf. 30. júní 2003



Eiginfjárgrunnur bankans var 41,2 milljarðar króna í lok tímabilsins. Eiginfjárlutfall samkvæmt CAD reglum var 11,6% samanborið við 14,7% hjá Kaupþingi banka hf. og 10,9% hjá Búnaðarbanka Íslands hf. um áramót. Eiginfjárfáttur A var 9,0%, en var 11,5% hjá Kaupþingi Banka hf. og 8,1% hjá Búnaðarbanka Íslands hf. um síðustu áramót.

Hlutfé bankans var 4.127.741.090 krónur að nafnvirði sem skiptist í 412.774.109 hluti þann 30. júní 2003. Hluthafar við lok tímabilsins voru um 40 þúsund, þar af tæplega 10 þúsund í Svíþjóð. Einn hluthafi átti meira en 10% hlutfjár, Meiður ehf. sem átti 12,5%. Kaupþing Búnaðarbanki hf. átti 18,8% hlut í Meiði ehf. þann 30. júní 2003.

Reiknuð tekjuskattsskuldbinding bankans nam 1.424 milljónum króna þann 30. júní 2003.

Niðurstaða afkomusviða Kaupþings Búnaðarbanka hf. Kaupþing Búnaðarbanki, sem nú starfar í níu löndum, skiptir rekstri sínum í sex afkomusvið auk stoðsviða. Afkomusvið bankans eru: Eignastýring og sérbankaþjónusta, Fjárstýring, Fyrirtækjaráðgjöf, Fyrirtækjasvið, Markaðsviðskipti og Viðskiptabankasvið.

Jákvæð framlegð var af öllum afkomusviðum bankans á fyrsta og öðrum ársfjórðungi. Mesta framlegðin var hjá Markaðsviðskiptum 2.230 milljónir króna, Viðskiptabankasvið var með 1.295 milljónir króna, Fjárstýring með 1.224 milljónir króna, Fyrirtækjaráðgjöf með 1.212 milljónir króna, Fyrirtækjasvið með 1.044 milljónir króna og Eignastýring sérbankaþjónusta var með 155 milljóna króna framlegð.

Yfirlit afkomusviða Kaupþings Búnaðarbanka hf. fyrstu sex mánuði ársins 2003

(milljónir króna)	Markaðs- viðskipti	Viðskipta- bankasvið	Fyrirtækja- ráðgjöf	Fjárstýring	Fyrirtækja- svið	Eignastýring sérbankaþjón.	Samtals
Hreinar vaxtatekjur	(575)	2.697	(346)	1.013	1.779	33	4.601
Hreinar þóknatekjur	1.021	801	935	190	119	887	3.954
Gengishagnaður	2.655	26	977	464	22	0	4.145
Aðrar tekjur	197	29	78	73	30	6	413
Heildartekjur	3.299	3.553	1.645	1.740	1.951	926	13.113
Rekstrargjöld	1.069	1.683	433	397	222	770	4.574
Framlag í afskriftareikning	0	575	0	119	684	0	1.378
Heildargjöld	1.069	2.258	433	516	906	770	5.952
Framlegð	2.230	1.295	1.212	1.224	1.044	156	7.161

Rekstur bankans eftir svæðum

Kaupþing Búnaðarbanki skiptir rekstrinum upp í fjögur svæði: Ísland, Norðurlönd, önnur Evrópulönd og Bandaríkin.

Ísland

Rekstur bankans á Íslandi gekk vel og var 2.966 milljóna króna hagnaður af rekstrinum eftir skatta. Á Íslandi eru höfuðstöðvar bankans og er Ísland mikilvægasta einstaka markaðssvæði bankans.

Norðurlönd

Reksturinn á Norðurlöndum var erfiður á tímabilinu og var 399 milljóna króna tap á rekstrinum eftir skatta. Af því er 143 milljónir króna vegna óreglulegra liða, svo sem kostnaður vegna uppsagna starfsfólks. Hagræðing og samlegðaráhrif við önnur fyrirtæki innan samstæðunnar hafa leitt til þess að hagnaður er nú af starfsemi í Svíþjóð.

Önnur Evrópulönd

Viðunandi hagnaður var af rekstrinum á fyrstu sex mánuðum ársins í Lúxemborg, Sviss og Bretlandi og var 167 milljóna króna hagnaður eftir skatta á fyrstu sex mánuðum ársins.

Bandaríkin

Rekstur bankans í Bandaríkjunum gekk vel og var 331 milljón króna hagnaður eftir skatta á fyrstu sex mánuðum ársins.

Fjárhagsyfirlit Kaupþings Búnaðarbanka hf. 2000-2003

Fjárhagsyfirlit sýnir rekstrarreikninga, efnahagsreikninga og sjóðstreymi, sem og lykiltölur. Allar fjárhæðir eru í milljónum íslenskra króna.

Upplýsingar í fjárhagsyfirliti eru teknar úr árshlutareikningi Kaupþings Búnaðarbanka hf. fyrstu sex mánuði ársins 2003 sem er kannað af endurskoðendum bankans og endurskoðuðum ársreikningum Kaupþings banka hf. fyrir árin 2000-2002. Samanburðartölur rekstrarreiknings og

sjóðstreymi fyrstu sex mánuði ársins 2002 eru samanlagðar fjárhæðir Kaupþings banka hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. Þá er í yfirlitinu birtur samrunaefnahagsreikningur Kaupþings Búnaðarbanka hf. frá 1. janúar 2003.

Árshlutauppgjör Kaupþings Búnaðarbanka hf. fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2003 er að finna í heild sinni í viðauka skráningarlýsingarinnar, auk ársreikninga Kaupþings banka hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. fyrir árið 2002 og samrunaáætlunar sem m.a. hefur að geyma samrunaefnahagsreikning Kaupþings Búnaðarbanka hf. 1. janúar 2003.

Rekstrarreikningur samstæðu

	Kaupþing Búnaðarbanki hf.				Kaupþing banki hf.		
	Annar ársfjórðungur		Fyrri ársþriðjungur		2002 1.1.-31.12.	2001 1.1.-31.12.	2000 1.1.-31.12.
	2003 1.4.-30.6.	2002 1.4.-30.6.	2003 1.1.-30.6.	2002 1.1.-30.6.			
Vaxtatekjur							
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir	551	394	1.145	877	1.095	984	275
Vaxtatekjur af útlánum	5.117	5.154	10.798	10.266	2.845	1.707	1.303
Vaxtatekjur af markaðsbréfum	305	618	1.077	1.292	1.352	1.807	641
Aðrar vaxtatekjur	772	638	1.559	1.249	2.698	2.217	656
	6.745	6.804	14.579	13.684	7.990	6.715	2.875
Vaxtagjöld							
Vaxtagjöld til lánastofnana	1.506	2.144	3.265	3.715	4.220	3.375	1.318
Vaxtagjöld af innlánum	1.841	1.781	4.018	3.787	1.565	9	0
Vaxtagjöld af lántöku	1.026	1.020	2.214	2.402	1.137	2.699	1.518
Vaxtagjöld af vijkjandi lánum	144	73	409	272	331	400	102
Önnur vaxtagjöld	25	38	72	154	162	102	62
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga	0	0	0	0	0	317	30
	4.542	5.056	9.978	10.330	7.415	6.902	3.030
Hreinar vaxtatekjur	2.203	1.748	4.601	3.354	575	(187)	(155)
Aðrar rekstrartekjur							
Tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum	554	147	816	406	382	858	87
Þjónustutekjur	2.531	1.831	4.804	3.304	3.581	4.283	3.499
Þjónustugjöld	(281)	(280)	(545)	(480)	(468)	(331)	(178)
Gengishagnaður af annarri fjármálastarfsemi	1.879	964	3.909	2.729	4.172	725	420
Ýmsar rekstrartekjur	518	113	605	204	1.668	702	152
	5.201	2.775	9.589	6.163	9.335	6.237	3.980
Hreinar rekstrartekjur	7.404	4.523	14.190	9.517	9.910	6.050	3.825
Önnur rekstrargjöld							
Laun og launatengd gjöld	2.612	1.569	4.948	3.158	3.098	2.396	1.208
Annar rekstrarkostnaður	1.789	1.261	3.501	2.496	2.594	2.478	1.204
Afskriftir rekstrarfjármuna	290	200	628	388	259	168	90
	4.691	3.030	9.077	6.042	5.951	5.042	2.502
Framlag í afskriftareikning útlána	(751)	(530)	(1.378)	(1.076)	(582)	(415)	(182)
Hagnaður fyrir skatta	1.962	963	3.735	2.399	3.377	593	1.141
Tekjuskattur	(271)	(164)	(668)	(431)	(302)	260	(330)
Eignarskattur	(2)	0	(2)	(4)			
Hagnaður tímabilsins	1.689	799	3.065	1.964	3.075	853	811

Efnahagsreikningur samstæðu

Eignir

Kaupþing Búnaðarbanki hf.

Kaupþing banki hf.

30.6.2003 1.1.2003 31.12.2002 31.12.2001 31.12.2000

Samrunareikningur

Sjóður, ríkisvixlar og kröfur á lánastofnanir

Sjóður og óbundnar innistæður í Seðlabanka	1.737	763	1	0	2
Ríkisvixlar endurseljanlegir í Seðlabanka	1.074	802	0	0	0

Kröfur á lánastofnanir

Bundnar kröfur á Seðlabanka	3.696	5.832	2.321	464	231
Kröfur á aðrar lánastofnanir	36.683	31.122	18.172	7.740	5.800
	43.190	38.519	20.494	8.204	6.033

Útlán

Útlán til viðskiptamanna	270.158	250.278	82.453	48.884	16.936
Eignarleigusamningar	20.518	17.025	0	0	0
Fullnustueignir	2.005	2.030	0	36	0
	292.681	269.333	82.453	48.920	16.936

Markaðsverðbréf og eignarhlutar í félögum

Skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	99.548	69.298	49.095	29.431	18.556
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum	32.396	32.882	21.088	22.892	13.613
Hlutir í hlutdeildarfélögum	3.447	2.999	2.114	615	1.488
Hlutir í tengdum félögum	696	529	197	498	10
	136.087	105.708	72.494	53.436	33.667

Aðrar eignir

Viðskiptavild	2.998	3.002	3.002	365	0
Rekstrarfjármunir	5.228	5.377	1.377	897	709
Ýmsar eignir	10.520	6.223	5.194	2.619	2.406
Fyrirframgreidd gjöld og áfallnar tekjur	1.974	4.250	2.989	3.539	2.786
	20.720	18.852	12.562	7.420	5.901

Eignir samtals 492.678 432.412 188.003 117.980 62.537

Efnahagsreikningur samstæðu Skuldir og eigið fé	Kaupþing Búnaðarbanki hf.		Kaupþing banki hf.		
	30.6.2003	1.1.2003	31.12.2002	31.12.2001	31.12.2000
	Samrunareikningur				
Skuldir við lánastofnanir	136.893	109.865	75.457	67.295	33.349
Innlán					
Óbundin innlán	97.770	80.270	14.566	4.039	0
Bundin innlán	84.464	83.781	57.231	6.553	0
Sérstök innlán	1.128	519			
	183.362	164.570	71.797	10.592	0
Lántaka	105.024	102.029	9.269	24.474	17.230
Aðrar skuldir					
Ýmsar skuldir	16.667	5.925	4.869	1.851	3.803
Áfallin gjöld	2.361	4.109	2.514	1.086	517
	19.028	10.034	7.383	2.937	4.320
Tekjuskattsskuldbinding	1.424	411	204	317	626
Víkjandi lán	11.386	11.010	4.457	2.947	2.405
Hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaga	650	1.114	1.114	223	0
Eigið fé					
Hlutfé	4.060	4.092	2.124	1.626	965
Yfirverðsreikningur hlutfjár	17.090	17.508	9.996	4.302	1.641
Áfallinn kaupréttur	291	130	120	98	0
Óráðstafað eigið fé	13.470	11.649	6.082	3.169	2.001
	34.911	33.379	18.322	9.195	4.607
Skuldir og eigið fé samtals	492.678	432.412	188.003	117.980	62.537

Sjóðstreymi samstæðu	Kaupþing Búnaðarbanki hf.		Kaupþing banki hf.		
	2003 1.1.-30.6.	2002 1.1.-30.6.	2002 1.1.-31.12.	2001 1.1.-31.12.	2000 1.1.-31.12.
Rekstrarhreyfingar					
Hagnaður tímabilsins	3.065	1.964	3.075	853	811
Rekstarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi					
Verðbætur, gengismunur og verðleiðréttingar	(1.023)	(3.109)	165	233	(93)
Áhrif dótturfélaga og hlutdeildarfélaga	(618)	700	134	(79)	15
Framlag í afskriftareikning útlána	1.378	247	732	415	182
Tekjuskattur	1.013	395	224	(538)	250
Aðrir liðir	462	382	(1.213)	54	(3)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	502	1.610	1.400	(184)	(2.428)
Handbært fé frá rekstri	4.779	2.189	4.517	754	(1.266)
Fjárfestingarhreyfingar					
Bundnar kröfur á Seðlabanka, breyting	2.408	(9.416)	(2.101)	11	313
Kröfur á aðrar lánastofnanir, breyting	(690)	3.448	(2.868)	(222)	(1.998)
Útlán, breyting	(8.685)	(14.203)	(10.995)	(21.239)	(12.276)
Veltuskuldabréf, breyting	(33.589)	(31.352)	(28.804)	(6.119)	(12.854)
Fjárfestingarskuldabréf, breyting	3.123	3.699	6.372	(1.156)	1.444
Veltuhlutabréf, breyting	444	3.580	5.440	(9.122)	(6.987)
Fjárfestingarhlutabréf, breyting	42	(4)	0	(462)	0
Hlutir í hlutdeildarfélögum	(62)	(2.149)	9.426	137	(1.012)
Handbært fé nýrra samstæðufélaga	0	442			
Óefnislegar eignir	(101)	(66)	(2.105)	(362)	0
Keyptir rekstrarfjármunir	(531)	(365)	(250)	(245)	(234)
Seldir rekstrarfjármunir	0	30	16	500	194
Ýmsar eignir	(3.934)	(2.442)	306	(151)	(1.756)
Fjárfestingarhreyfingar	(41.575)	(48.798)	(25.563)	(38.430)	(35.166)
Fjármögnunarhreyfingar					
Skuldir við lánastofnanir, breyting	2.854	36.964	14.676	26.982	22.182
Innlán, breyting	12.451	7.953	22.402	10.592	0
Lántaka, breyting	3.105	5.398	(8.529)	458	9.815
Ýmsar skuldir, breyting	10.643	(1.562)	66	(1.993)	1.881
Víkjandi lán, breyting	58	597	1.394	320	1.700
Keypt og selt hlutafé	(450)	(772)	(285)	2.199	1.820
Greiddur arður af hlutafé	(1.244)	(705)	(162)	(97)	(18)
Fjármögnunarhreyfingar	27.417	47.873	29.562	38.461	37.380
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(9.379)	1.264	8.516	785	948
Handbært fé í upphafi árs	20.189	7.037	2.589	1.804	856
Handbært fé í lok tímabilsins	10.810	8.301	11.105	2.589	1.804

V Afkoma og efnahagur

Fimm ára yfirlit Kaupþings Búnaðarbanka hf.

Hér að neðan er að finna "pro forma" fimm ára yfirlit fyrir Kaupþing Búnaðarbanka hf. Yfirlitið sýnir lykiltölur úr

rekstri og efnahag Kaupþings banka hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. síðasliðin fimm ár ef bankarnir hefðu verið reknir sem ein eining á tímabilinu.

Pro forma fimm ára yfirlit Kaupþings Búnaðarbanka hf.

	2002	2001	2000	1999	1998
Rekstrarreikningur					
Hreinar vaxtatekjur	6.998	5.811	4.089	3.361	2.959
Aðrar rekstrartekjur	14.414	8.039	5.112	5.379	3.371
Hreinar rekstrartekjur	21.412	13.850	9.201	8.740	6.330
Önnur rekstrargjöld	(12.486)	(10.565)	(7.030)	(5.352)	(4.321)
Framlag í afskriftareikning	(2.794)	(1.691)	(815)	(846)	(678)
Skattar	(769)	321	(343)	(732)	(370)
Hagnaður eftir skatta	5.363	1.915	1.013	1.810	961
Efnahagsreikningur					
Eignir					
Kröfur á lánastofnanir	38.519	17.696	19.553	17.952	9.213
Útlán	269.333	204.552	126.823	85.846	68.862
Skuldabréf og verðbréf með föstum tekjum	69.298	57.599	35.223	25.505	22.768
Hlutabréf og verðbréf með breytilegum tekjum	36.410	24.005	15.112	7.127	3.001
Aðrar eignir	18.852	13.711	10.910	4.910	4.171
Eignir samtals	432.412	317.563	207.620	141.340	108.015
Skuldir og eigið fé					
Skuldir við lánastofnanir	109.865	88.166	47.731	18.177	18.057
Innlán	164.570	83.473	67.369	61.003	45.779
Lántaka	102.029	109.750	66.828	45.623	33.467
Aðrar skuldir	11.559	5.656	6.889	4.768	2.200
Vikjandi lán	11.010	8.364	6.187	2.761	1.374
Eigið fé	33.379	22.154	12.616	9.007	7.138
Skuldir og eigið fé samtals	432.412	317.563	207.620	141.339	108.015
Lykittölur					
Eiginfjárhlutfall	7,7%	7,0%	6,1%	6,4%	6,6%
Kostnaðarhlutfall	58,3%	76,3%	76,4%	61,2%	68,3%
Arðsemi eigin fjár	18,7%				
Arðsemi heildarfjármagns	6,7%	8,7%	7,7%	7,7%	6,6%
Framlag í afskriftareikning útlána í hlutfalli af útlánum og ábyrgðum í árslok ..	0,99%	0,78%	0,60%	0,92%	0,94%
Afskriftareikningur	2,1%	2,0%	1,7%	2,0%	2,3%

Fjárhagsyfirlit Búnaðarbanka Íslands hf.

Fjárhagsyfirlit sýnir rekstrarreikninga, efnahagsreikninga, sjóðstreymi og lykiltölur Búnaðarbanka Íslands hf. fyrir árin 2000-2002. Sameining Kaupþings banka hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. miðaðist við 1. janúar 2003 og eru reikningar félaganna sameiginlegir frá og með þeim tíma. Allar fjárhæðir eru í íslenskum krónum.

Upplýsingar í fjárhagsyfirliti eru teknar úr endurskoðuðum ársreikningum Búnaðarbanka Íslands hf. Bankinn hætti

verðbólguleiðréttnum reikningsskilum í upphafi ársins 2002. Við samanburð á milli ára ber að hafa í huga að samstæða Búnaðarbanka Íslands hf. hefur tekið miklum breytingum síðastliðin ár. Árið 2001 var fyrsta heila rekstrarár Búnaðarbanki International S.A. Samruni Búnaðarbanka Íslands hf. og Gildingar ehf. miðaðist við 30. nóvember 2001 og samruni bankans og Lýsingar hf. miðaðist við 30. júní 2001.

Ársreikning Búnaðarbanka Íslands hf. fyrir árið 2002 er að finna í heild sinni í viðauka skráningarlýsingarinnar.

Rekstrarreikningur samstæðu

	Búnaðarbanki Íslands hf.		
	1.1.-31.12.2002	1.1.-31.12.2001	1.1.-31.12.2000
Vaxtatekjur			
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir	998	1.402	1.084
Vaxtatekjur af útlánum	15.936	17.218	11.525
Vaxtatekjur af markaðsbréfum	1.246	1.828	682
Aðrar vaxtatekjur	15	14	11
	18.195	20.462	13.302
Vaxtagjöld			
Vaxtagjöld til lánastofnana	1.919	1.926	1.076
Vaxtagjöld af innlánum	5.246	6.794	5.256
Vaxtagjöld af lántöku.....	4.105	4.586	2.569
Vaxtagjöld af víkjandi lánum.....	476	689	
Önnur vaxtagjöld	26	79	43
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga	0	392	114
	11.772	14.465	9.058
Hreinar vaxtatekjur	6.423	5.997	4.244
Aðrar rekstrartekjur			
Tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum	125	18	124
Þóknunartekjur	3.508	2.709	2.373
Þóknunargjöld	(397)	(350)	(325)
Gengismunur af annarri fjármálastarfsemi.....	1.728	(667)	(1.119)
Ýmsar rekstrartekjur	115	92	80
	5.079	1.803	1.133
Hreinar rekstrartekjur	11.502	7.800	5.377
Önnur rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	3.407	2.885	2.383
Annar rekstrarkostnaður	2.592	2.189	1.830
Afskriftir rekstrarfjármuna	498	413	276
Ýmis rekstrargjöld	38	36	40
	6.535	5.522	4.529
Framlag í afskriftareikning útlána	2.212	1.276	633
Hagnaður fyrir skatta	2.755	1.001	215
Tekjuskattur	(462)	66	(11)
Eignarskattur	(5)	(5)	(2)
Hagnaður ársins	2.288	1.062	202

Efnahagsreikningur samstæðu

Búnaðarbanki Íslands hf.

Eignir	31.12.2002	31.12.2001	31.12.2000
Sjóður, ríkisvixlar og kröfur á lánastofnanir			
Sjóður og óbundnar innstæður í Seðlabanka	762	715	1.479
Ríkisvixlar endurseljanlegir í Seðlabanka	802	0	0
Kröfur á lánastofnanir			
Bundnar kröfur á Seðlabanka	3.511	494	3.685
Kröfur á aðrar lánastofnanir	14.352	8.283	8.356
	19.427	9.492	13.520
Útlán			
Útlán til viðskiptamanna	167.825	139.431	109.406
Eignarleigusamningar	17.025	15.203	0
Fullnustueignir	2.030	997	480
	186.880	155.631	109.887
Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum			
Markaðsbréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	20.203	14.833	10.020
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum	11.928	12.451	5.501
Hlutir í hlutdeildarfyrirtækjum og tengdum fyrirtækjum	1.217	884	1.147
	33.348	28.168	16.668
Aðrar eignir			
Rekstrarfjármunir	4.000	4.033	3.591
Ýmsar eignir	1.029	955	257
Tekjuskattsinneign	0	256	0
Fyrirfram greidd gjöld og áfallnar tekjur	1.261	1.048	1.160
	6.290	6.292	5.008
Eignir samtals	245.945	199.583	145.083

Efnahagsreikningur samstæðu

Búnaðarbanki Íslands hf.

Skuldir og eigið fé

	31.12.2002	31.12.2001	31.12.2000
Skuldir við lánastofnanir	35.809	20.871	14.383
Innlán			
Óbundin innlán	65.704	49.602	49.947
Bundin innlán.....	26.550	23.203	17.402
Sérstök innlán	519	76	20
	92.773	72.881	67.369
Lántaka	92.760	85.276	49.598
Aðrar skuldir			
Ýmsar skuldir	1.056	1.775	972
Áfallin gjöld og fyrirfram innheimtar tekjur	1.595	404	258
	2.651	2.179	1.231
Tekjuskattskuldbinding	207	0	711
Víkjandi lán	6.553	5.417	3.782
Skuldir	230.753	186.624	137.074
Eigið fé			
Hlutfé	5.351	5.233	4.222
Yfirverðsreikningur hlutafjár	3.915	3.546	1.714
Lögbundinn varasjóður	349	349	207
Endurmatsreikningur	0	1.597	736
Óráðstafað eigið fé	5.577	2.234	1.130
	15.192	12.959	8.009
Skuldir og eigið fé samtals	245.945	199.583	145.083

Sjóðstreymi samstæðu

Búnaðarbanki Íslands hf.

	1.1.-31.12.2002	1.1.-31.12.2001	1.1.-31.12.2000
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins	2.287	1.062	202
Rekstarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi			
Verðbætur, gengismunur og verðleiðréttingar.....	(3.593)	1.113	2.266
Framlag í afskriftareikning útlána	1.386	949	633
Breyting á tekjuskattsskuldbindingu	356	(21)	42
Hagnaður af dóttur- og hlutdeildarfélögum	(114)	(27)	(122)
Afskriftir og sölutap rekstrarfjármuna	506	405	278
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum	202	(412)	(147)
Handbært fé frá rekstri	1.030	3.069	3.153
Fjárfestingarhreyfingar			
Bundið fé í Seðlabanka Íslands, breyting	(3.020)	4.635	(781)
Aðrar bundnar kröfur á lánastofnanir	(2.263)	(1.992)	(3.397)
Útlán, breyting	(41.382)	(18.518)	(24.613)
Markaðsverðbréf, breyting	(5.134)	(4.261)	942
Hlutir í hlutdeildar- og tengdum félögum, breyting	(234)	(201)	(97)
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	(488)	(509)	(676)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir	35	45	90
Ýmsar eignir, breyting	178	(610)	0
Fjárfestingarhreyfingar	(52.308)	(21.411)	(28.532)
Fjármögnunarhreyfingar			
Skuldir við innlánastofnanir	16.805	(1.812)	6.697
Innlán, breyting	15.330	8.717	5.258
Lántaka, breyting	23.019	10.524	6.404
Ýmsar skuldir	(216)	841	(15)
Víkjandi lán	1.031	1.310	1.383
Greiddur arður	(542)	(169)	(408)
Nýtt og selt hlutfé	487	(731)	826
Fjármögnunarhreyfingar	55.914	18.680	20.145
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	4.636	338	(5.234)
Handbært fé í upphafi árs	4.448	4.110	9.344
Handbært fé í lok tímabilsins	9.084	4.448	4.110

Fimm ára yfirlit Búnaðarbanka Íslands hf.

	2002	2001	2000	1999	1998
Rekstrarreikningur					
Hreinar vaxtatekjur	6.423	5.997	4.244	3.469	2.909
Aðrar rekstrartekjur án gengishagnaðar/taps	3.351	2.470	2.252	1.849	1.345
Gengishagnaður/tap	1.728	(667)	(1.119)	1.297	685
Hreinar rekstrartekjur	11.502	7.800	5.377	6.615	4.939
Rekstrargjöld	6.535	5.522	4.529	4.064	3.385
Framlag í afskrifareikning útlána	2.212	1.276	633	846	678
Skattar	(467)	61	(13)	(486)	(227)
Hagnaður eftir skatta	2.288	1.062	202	1.218	649
Efnahagsreikningur					
Eignir					
Sjóður, ríkisvixlar og kröfur á lánastofnanir	19.427	9.491	13.520	14.552	6.623
Útlán	186.880	155.632	109.887	81.003	64.383
Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum	33.348	28.168	16.668	18.616	14.138
Aðrar eignir	6.290	6.291	5.008	3.489	3.393
Eignir samtals	245.945	199.582	145.083	117.660	88.536
Skuldir og eigið fé					
Skuldir við lánastofnanir	35.809	20.871	14.383	7.010	5.810
Innlán	92.773	72.881	67.369	61.003	45.779
Lántaka	92.760	85.276	49.598	38.369	28.786
Aðrar skuldir	2.651	2.179	1.231	1.331	924
Reiknaðar skuldbindingar	207	0	711	755	333
Víkjandi lán	6.553	5.417	3.782	2.119	767
Eigið fé	15.192	12.959	8.009	7.072	6.138
Skuldir og eigið fé samtals	245.945	199.583	145.083	117.660	88.536
Lykittölur					
Arðsemi eigin fjár fyrir skatta	21,9%	11,4%	3,0%	27,9%	19,6%
Arðsemi eigin fjár eftir skatta	18,2%	12,1%	2,8%	20,0%	14,6%
Hagnaður á hverja krónu nafnverðs hlutfjár*	0,43	0,25	0,05	0,30	0,18
Eiginfjárlutfall skv. CAD reglum	10,9%	10,5%	9,7%	9,1%	9,2%
Eiginfjárlutfall A	8,1%	8,1%	6,2%	6,7%	8,1%
Hlutfall rekstrarkostnaðar af hreinum rekstrartekjum	56,8%	70,8%	84,2%	61,4%	68,5%
Hlutfall rekstrarkostnaðar af meðalstöðu efnahags	2,9%	3,2%	3,5%	3,9%	4,3%
Vaxtamunur í hlutfalli af heildarfjármagni	2,88%	3,48%	3,23%	3,37%	3,73%
Framlag í afskrifareikning útlána í hlutfalli af útlánnum og ábyrgðum í árslok	1,18%	0,82%	0,58%	1,04%	0,99%

* Meðalstaða nafnverðs hlutfjár m.t.t. hlutfjárukninga á tímabilinu

Samþykktir Kaupþings Búnaðarbanka hf.

I. KAFLI

Nafn félagsins, heimili og tilgangur

1. gr.

Félagið er hlutafélag. Nafn þess er Kaupþing Búnaðarbanki hf. Enskt hjáheiti félagsins er Kaupþing Bank.

2. gr.

Heimili félagsins er að Austurstræti 5, 101 Reykjavík.

3. gr.

Félagið er viðskiptabanki og starfar skv. lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Tilgangur félagsins er fjármálaþjónusta og önnur sú starfsemi sem rekin verður í eðlilegum tengslum við hana.

II. KAFLI

Hlutafé félagsins

4. gr.

Hlutafé félagsins er 4.127.741.090 krónur að nafnvirði sem skiptist í 412.774.109 hluti.

Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé félagsins um allt að 40.861.000 krónur að nafnvirði með sölu allt að 4.086.100 nýrra hluta til starfsmanna. Útboðsgengi hlutanna og söluskilmálar skulu vera samkvæmt sérstökum samningum sem stjórn félagsins gerir við hlutaðeigandi starfsmenn. Hluthafar skulu ekki hafa forgangsrétt til áskriftar að þessum nýju hlutum. Hinir nýju hlutir skulu vera í sama flokki og með sömu réttindi og aðrir hlutir í félaginu. Heimild stjórnar félagsins til hlutafjárhækkunar samkvæmt þessari málsgrein fellur niður í maílok 2005 að því marki sem hún er þá enn ónotuð.

Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé félagsins um allt að 100.000.000 króna að nafnvirði með sölu allt að 10.000.000 nýrra hluta til starfsmanna félagsins eða aðila sem tengjast félaginu. Útboðsgengi hlutanna og söluskilmálar skulu vera samkvæmt sérstökum samningum sem stjórn félagsins eða forstjóri gerir við hlutaðeigandi starfsmenn. Hluthafar skulu ekki hafa forgangsrétt til áskriftar að þessum nýju hlutum. Hinir nýju hlutir skulu vera í sama flokki og með sömu réttindi og aðrir hlutir í félaginu. Heimild stjórnar félagsins til hlutafjárhækkunar samkvæmt þessari málsgrein fellur niður í febrúarlok 2006 að því marki sem hún er þá enn ónotuð.

Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé félagsins um allt að 100.000.000 króna að nafnvirði með áskrift allt að 10.000.000 nýrra hluta. Hluthafar skulu eiga forgangsrétt til að skrá sig fyrir nýjum hlutum í félaginu í réttu hlutfalli

við hlutaeign sína. Engar hömlur verða á viðskiptum með hina nýju hluti. Þeir skulu veita réttindi í félaginu frá skrásetningardegi þeirrar hækkunar sem þeir tilheyra. Stjórn félagsins skal ákveða útboðsgengi, greiðsluskilmála og í hvaða áföngum heimildin verður nýtt. Heimildin skal standa til 1. febrúar 2006, að því marki sem hún hefur ekki verið nýtt fyrir þann dag.

Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé félagsins um allt að 52.549.380 krónur að nafnvirði með útgáfu allt að 5.254.938 nýrra hluta. Núverandi hluthafar skulu ekki hafa forgangsrétt til þessara nýju hluta heldur skal þeim varið til efnda á samningum gerðum 28. nóvember 2001, við hluthafa í finnska verðbréfafyrirtækinu Sofi, um að skipta á hlutum í því félagi fyrir hluti í Kaupþingi banka hf. Þessir nýju hlutir skulu vera í sama flokki og með sömu réttindi og aðrir hlutir í félaginu. Þeir skulu veita réttindi í félaginu frá skrásetningardegi hlutafjárhækkunarinnar. Heimild stjórnar félagsins til hlutafjárhækkunar skv. þessari málsgrein fellur niður í nóvemberlok 2006 að því marki sem hún þá kann að vera ónýtt.

Stjórn félagsins er heimilt að auka hlutafé þess um allt að 500.000.000,- króna að nafnvirði, með áskrift allt að 50.000.000 nýrra hluta. Hluthafar falla frá forgangsrétti sínum skv. 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Þessir nýju hlutir skulu vera í sama flokki og með sömu réttindi og aðrir hlutir í félaginu. Þeir skulu veita réttindi í félaginu frá skrásetningardegi hlutafjárhækkunarinnar. Stjórn félagsins er falið að ákveða nánari útfærslu á hækkun þessari m.t.t. verðs og greiðsluskilmála. Heimild þessi gildir til 25. maí 2008. Stjórn félagsins er heimilt að ákveða að áskrifendur greiði fyrir hina nýju hluti að hluta eða öllu leyti með öðru en reiðufé.

Hver hlutur í félaginu er tíu krónur að nafnvirði.

Hluthafafundur getur ákveðið að auka hlutaféð, hvort heldur er með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhluta eftir sömu reglum og gilda um breytingar á samþykktum félagsins. Hluthafar hafa forgangsrétt til hlutafjárauka, að tiltölu við hlutafjáreign sína í félaginu og innan tímamarka sem greind verði í samþykkt um aukningu hlutafjár. Nú neyta eldri hluthafar ekki forkaupsréttar síns að fullu og eiga þá aðrir hluthafar aukinn rétt til áskriftar. Hluthafafundur getur með 2/3 hluta atkvæða ákveðið að víkja frá forgangi við hækkun hlutafjár, enda sé hluthöfum á engan hátt mismunað.

Greiði hluthafi ekki tilskilið hlutafé á gjalddaga skal hann greiða dráttarvexti af skuldinni frá þeim degi til greiðsludags, auk alls kostnaðar við innheimtu. Jafnframt er heimilt að grípa til annarra þeirra vanefndaúrræða sem lög heimila á hverjum tíma.

Hlutafé er allt jafn réthátt.

Samþykktir Kaupþings Búnaðarbanka hf.

5. gr.

Hlutabréf er heimilt samkvæmt ákvörðun stjórnar félagsins að gefa út með rafrænum hætti í verðbréfamiðstöð í samræmi við lög um rafræna skráningu verðbréfa. Þegar hluthafi hefur greitt hlut sinn að fullu til félagsins fær hann útgefið rafbréf í verðbréfamiðstöð og eignaréttindi skráð yfir því og veitir það honum full réttindi, þau er samþykktir félagsins mæla fyrir um.

6. gr.

Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá í samræmi við lög.

Hlutaskráin skal geymd á skrifstofu félagsins og eiga allir hluthafar aðgang að henni og mega kynna sér efni hennar.

Útskrift frá verðbréfaskráningu um eignarhald á hlutum í félaginu telst fullnægjandi grundvöllur að hlutaskrá.

7. gr.

Hluti í félaginu má selja og veðsetja nema annað leiði af lögum.

Eigendaskipti að hlut, hvort sem verður fyrir sölu, gjöf, erfð, búskipti eða aðför, skal ávallt tilkynna skrifstofu félagsins jafnskjótt og þau fara fram og skal þá breyta hlutaskrá til samræmis.

Sá sem eignast hlut í félaginu getur ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá eða hann hafi tilkynnt og fært sönnur á eign sína á hlutum.

Gagnvart félaginu skal hlutaskráin skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarétti að hlutum í félaginu, og skal arður á hverjum tíma, svo og jöfnunarhlutir, fundarboð og tilkynningar allar, sendar til þess aðila, sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hlutar í hlutaskrá félagsins. Ber félagið enga ábyrgð á því, ef greiðslur eða tilkynningar misfarast vegna þess að vanrækt hefur verið að tilkynna félaginu um eiganda- eða aðsetursskipti.

8. gr.

Hluthafar eru ekki skyldir að þola innlausn á hlutum sínum nema lög bjóði.

9. gr.

Félaginu er heimilt að kaupa eigin hluti að því marki sem lög leyfa.

10. gr.

Hver hluthafi er skyldur til, án sérstakrar skuldbindingar, að hlíta samþykktum félagsins, eins og þær eru nú, eða þeim síðar kann að verða breytt á löglegan hátt.

Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu nema þeir taki á sig frekari ábyrgð með sérstökum löggerningi. Á ákvæðum þessarar greinar getur engin breyting orðið.

III. KAFLI**Hluthafafundir****11. gr.**

Æðsta vald í málefnum félagsins, innan þeirra marka, sem samþykktir þessar og landslög setja, er í höndum lögmætra hluthafafunda.

Rétt til að sækja hluthafafundi félagsins hafa hluthafar, umboðsmenn þeirra og ráðgjafar, endurskoðandi félagsins og framkvæmdastjóri.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð. Sama umboð gildir aðeins fyrir einn fund.

Hluthafa er heimilt að sækja fund ásamt ráðgjafa. Ráðgjafi hefur hvorki málfrelsi, tillögurétt né atkvæðisrétt á hluthafafundum.

Endurskoðandi félagsins og framkvæmdastjóri hafa fullt málfrelsi og tillögurétt á hluthafafundum, þótt ekki séu þeir hluthafar.

Stjórn félagsins er heimilt að bjóða sérfræðingum setu á einstökum fundum, ef leita þarf álits þeirra eða aðstoðar.

12. gr.

Aðalfund skal halda fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Heimilt er að halda aðalfund annars staðar en á heimili félagsins.

Til aðalfundar skal boða með tilkynningu til hvers hluthafa í ábyrgðarbréfi, með símskeyti eða á annan sannanlegan hátt, þ.m.t. með auglýsingu í dagblaði. Fundarefnis skal getið í fundarboði. Ef taka á til meðferðar tillögu til breytinga á samþykktum félagsins, skal greina meginefni tillögunnar í fundarboði.

Aðalfund skal boða með minnst viku en lengst 4 vikna fyrirvara. Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað.

Samþykktir Kaupþings Búnaðarbanka hf.

13. gr.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

- 1) Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins sl. starfsár.
- 2) Endurskoðaður reikningur félagsins fyrir liði starfsár er hafi m.a. að geyma tillögu stjórnar um ráðstöfun tekjuafgangs.
- 3) Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins, ef borist hafa.
- 4) Ákvörðun um greiðslu arðs.
- 5) Kosning stjórnar.
- 6) Kosning lögglits endurskoðanda eða endurskoðunarstofu.
- 7) Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna félagsins fyrir störf þeirra.
- 8) Önnur mál.

Ef hluthafar sem ráða minnst 1/3 hlutfjárins, krefjast þess skriflega á aðalfundi, skal fresta ákvörðun um lið 2 til framhaldsaðalfundar, sem haldinn skal í fyrsta lagi einum mánuði og síðasta lagi tveimur mánuðum síðar. Frekari frests er ekki unnt að krefjast.

14. gr.

Aukafundi skal halda, þegar stjórn félagsins þykir við þurfa, samkvæmt fundarályktun, eða ef kjörinn endurskoðandi eða hluthafar sem ráða yfir minnst 1/10 hlutum hlutfjárins krefjast þess skriflega og greina fundarefni, enda skal þá boða til aukafundar innan 14 daga frá því að krafan kom stjórninni í hendur.

Til hluthafafunda skal boða með minnst viku fyrirvara og lengst fjögurra vikna fyrirvara. Séu allir hluthafar mættir, eða umboðsmenn þeirra, geta þeir gefið undanþágu frá þessu ákvæði. Boða skal hluthafafundi með sama hætti og boðað er til aðalfundar sbr. 2. mgr. 12. gr. Um lögmati aukafunda skulu gilda sömu reglur og um lögmati aðalfundar, sbr. 3. mgr. 12. gr.

Verði eigið fé samkvæmt bókum félagsins minna en helmingur af skráðu hlutfé ber stjórn félagsins að kalla saman hluthafafund innan sex mánaða. Á fundinum skal stjórnin gera grein fyrir fjárhagslegri stöðu félagsins og ef þörf krefur leggja fram tillögur um nauðsynlegar ráðstafanir.

15. gr.

Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundi, ef hann gerir skriflega kröfu um það til félagsstjórnar með það löngum fyrirvara, að unnt sé samkvæmt samþykktum þessum að taka málið á dagskrá fundarins.

Í fundarboði skal greina málefni þau, sem taka á til meðferðar á hluthafafundi. Viku fyrir hluthafafund hið skemmsta skal dagskrá, endanlegar tillögur, svo og ársreikningur og

skýrsla endurskoðanda, sé um aðalfund að ræða, lögð fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins.

Mál, sem ekki hafa verið greind á dagskrá er ekki unnt að taka til úrlausnar á hluthafafundi nema með samþykki allra hluthafa félagsins, en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir félagsstjórn. Þótt máls hafi ekki verið getið á dagskrá, kemur það ekki í veg fyrir, að ákveðið sé að boða til aukafundar til að fjalla um málið, auk þess sem aðalfundur getur ávallt afgreitt mál, sem skylt er að taka til meðferðar samkvæmt lögum eða félagssamþykktum.

Löglega frambornar viðauka- og breytingatillögur má bera upp á fundinum sjálfum, enda þótt þær hafi ekki legið frammi hluthöfum til sýnis.

16. gr.

Formaður stjórnar félagsins eða kjörinn fundarstjóri stjórnar hluthafafundum og kjöri fundarritara. Fundarstjóri athugar í upphafi fundarins, hvort löglega hafi verið til hans boðað, svo og hvort fundur sé lögmatgur að öðru leyti og lýsir yfir hvort svo sé. Hann stýrir öllum umræðum og atkvæðagreiðslum.

Þegar fundur hefur verið settur, skal gerð skrá yfir hluthafa og umboðsmenn hluthafa, sem fund sækja, til þess að ljóst sé, hversu mörgum hlutum og atkvæðum hver þeirra ræður yfir. Skrá þessi skal notuð þar til hluthafafundur kann að breyta henni.

17. gr.

Fundarritari heldur fundargerðabók. Í fundargerðabók skal skrá ákvarðanir hluthafafundar ásamt úrslitum atkvæðagreiðslna. Skrá yfir viðstadda hluthafa og umboðsmenn þeirra skal færð í fundargerðabók eða fylgja henni. Fundargerð skal lesa upphátt fyrir fundarlok og skrá þar athugasemdir ef fram koma. Fundarstjóri og fundarritari skulu undirrita fundargerðabók.

Í síðasta lagi fjórtán dögum eftir hluthafafund skulu hluthafar eiga aðgang að fundargerðabók eða staðfestu endurríti fundargerða á skrifstofu félagsins. Fundargerðabók skal varðveitt með tryggilegum hætti.

Skráðar fundargerðir skulu vera full sönnun þess sem gerst hefur á fundum.

18. gr.

Á hluthafafundi fylgir eitt atkvæði hverjum hlut.

Á hluthafafundum ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé fyrir mælt í samþykktum þessum eða landslögum. Nú verða atkvæði jöfn við kosningar í félaginu og ræður þá hlutkesti úrslitum.

Samþykktir Kaupþings Búnaðarbanka hf.

Samþykki allra hluthafa þarf til þess:

- a) Að skylda hluthafa til þess að leggja fram fé og annað í félagsþarfir fram yfir skuldbindingar sínar.
- b) Að skylda hluthafa til að þola lausn hluta sinna að einhverju leyti eða öllu umfram það sem mælt er fyrir í landslögum eða í 8. gr. samþykktu þessara, nema að félaginu sé slitið eða hlutaféð löglega fært niður.
- c) Að takmarka heimild manna til meðferðar á hlutum sínum

IV. KAFLI

Stjórn félagsins

19. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð 9 mönnum kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Jafnframt skulu kjörnir 9 menn til vara. Um hæfi stjórnarmanna fer að lögum. Stjórnarkjör skal jafnan vera skriflegt, ef tillögur koma fram um fleiri menn en kjósa skal.

Stjórnin kys sér formann úr sínum hópi og skiptir að öðru leyti með sér verkum eftir því sem þurfa þykir. Stjórn félagsins er heimilt að fela stjórnarformanni tiltekin verkefni í þágu félagsins

20. gr.

Formaður kveður stjórnina til funda og stýrir þeim. Fundi skal halda hvenær sem hann telur þess þörf. Formanni er auk þess skylt að boða stjórnarfund að kröfu eins stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra. Stjórnarfundir skulu boðaðir með minnst sólarhrings fyrirvara. Stjórnarfundir eru ályktunarbærir ef meirihluti stjórnarmanna er mættur eða varamenn þeirra. Til að ákvörðun stjórnarfundar teljist gild, þarf hún stuðning meirihluta stjórnarmanna.

Stjórnin skal halda gerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum og staðfesta hana með undirskrift sinni.

21. gr.

Stjórn félagsins hefur æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda. Hún fer með málefni félagsins og skal annast um að skipulag félagsins og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórnin skal annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins. Stjórn félagsins skal ekki hafa afskipti af ákvörðunum um einstök viðskipti, nema þau séu veruleg miðað við stærð félagsins. Einstakir stjórnarmenn skulu ekki hafa afskipti af ákvörðunum um einstök viðskipti

Stjórnin skal setja reglur um verkaskiptingu stjórnar og framkvæmdastjóra þar sem fram komi mörk lánaheimilda framkvæmdastjóra svo og reglur varðandi ákvarðanir um fjárfestingar sbr. 1. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002.

Stjórn félagsins ræður félaginu framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans.

Einungis félagsstjórn getur veitt prókúruumboð fyrir félagið.

Undirritun meirihluta stjórnar skuldbindur félagið.

Stjórn félagsins skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa stjórnarinnar. Í þeim skal fjallað sérstaklega um heimildir stjórnar til að taka ákvarðanir um einstök viðskipti, framkvæmd reglna um sérstakt hæfi stjórnarmanna meðferð stjórnar á upplýsingum um einstaka viðskiptamenn, setu stjórnarmanna í stjórnun dótturfyrirtækja og hlutdeildarféлага og framkvæmd reglna um meðferð viðskiptaerinda stjórnarmanna sbr. 2. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002.

Að öðru leyti fer um ábyrgð, vald og störf stjórnar samkvæmt lögum.

22. gr.

Framkvæmdastjóri og félagsstjórn fara saman með stjórn félagsins.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum, sem félagsstjórn hefur gefið. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana, sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá félagsstjórn, nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana félagsstjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi félagsins. Í slíkum tilvikum skal félagsstjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.

Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald og fjárreiður séu í samræmi við lög og góðar venjur og að meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.

Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn félagsins, en leita skal hann samþykkis stjórnar við ráðningu helstu starfsmanna. Hann segir og upp starfsmönnum og fjallar um launamál þeirra.

Framkvæmdastjóri skal fullnægja öllum þeim hæfisskilyrðum sem lög gera ráð fyrir á hverjum tíma.

Samþykktir Kaupþings Búnaðarbanka hf.

V. KAFLI**Reikningar og endurskoðun****23. gr.**

Á aðalfundi skal kjósa félaginu löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfélag til eins árs í senn. Skal hann rannsaka reikninga félagsins og öll reikningsgögn fyrir hvert starfsár og skal hafa aðgang að öllum bókum félagsins og skjölum í þeim tilgangi.

Endurskoðanda má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna félagsins eða starfsmanna. Um hæfi og hlutgengi við kosningu endurskoðanda fer að öðru leyti að lögum.

24. gr.

Starfsár félagsins og reikningsár er almanaksárið. Stjórn félagsins semur á hverju ári ársreikning og ársskýrslu. Ársreikningur og ársskýrsla mynda eina heild.

Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju, bæði að því er varðar mat á hinum ýmsu liðum, uppsetningu, sundurliðun, skýringar og heiti liða.

25. gr.

Senda skal Fjármálaeftirlitinu endurskoðaða ársreikninga í síðasta lagi 3 mánuðum eftir lok reikningsárs. Endurskoðandi skal gera endurskoðunar-skýrslu sem leggja skal fyrir aðalfund. Skýrslan skal vera komin í hendur stjórnarmanna í síðasta lagi tveimur vikum fyrir aðalfund og skal ársreikningurinn og endurskoðunarskýrslan liggja frammi a.m.k. vikutíma fyrir aðalfund hluthöfum til sýnis.

VI. KAFLI**Breytingar á samþykktum félagsins****26. gr.**

Samþykktum þessum má breyta á lögmætum aðalfundi eða aukafundi, enda hljóti breytingin samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða, enda taki hluthafar er ráða yfir a.m.k. 2/3 hlutum af því hlutfé sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum þátt í atkvæðagreiðslunni, sbr. þó 18. gr.

VII. KAFLI**Slit á félaginu****27. gr.**

Um slit á félaginu eða samruna við önnur félög skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og ákvæðum annarra laga eftir því sem við á.

VIII. KAFLI**Önnur ákvæði****28. gr.**

Þar sem ákvæði samþykkt þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið, skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, ákvæðum laga um hlutfélög, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

Þannig samþykkt á stofnfundi félagsins 22. febrúar 1982 með breytingum samþykktum á hluthafafundi 22. nóvember 1989, breytingum samþykktum á hluthafafundi 19. október 1990, breytingum samþykktum á aðalfundi 21. febrúar 1994, breytingum samþykktum á aðalfundi 17. febrúar 1995, breytingum samþykktum á hluthafafundi 20. september 1995, breytingum samþykktum á aðalfundi 29. apríl 1996, hluthafafundi 25. nóvember 1996, breytingum samþykktum á aðalfundi 20. mars 1997, breytingum samþykktum á aðalfundi 20. febrúar 1998, breytingum samþykktum á aðalfundi 19. apríl 1999, breytingar samþykktar á hluthafafundi 27. september 1999 og breytingar samþykktar á aðalfundi félagsins 9. mars 2000 og hluthafafundi 19. júní 2000, á hluthafafundi 29. ágúst 2000 og 23. október 2000, breytingar samþykktar á hluthafafundi 5. febrúar 2001, breytingar samþykktar á aðalfundi félagsins 22. mars 2001, breyting vegna nýtingar á hækkunarheimild stjórnar samþykkt 26. mars 2001, breytingar vegna nýtingar á hækkunarheimild stjórnar samþykkt 21. nóvember 2001, breytingar samþykktar á hluthafafundi félagsins 28. desember 2001, breytingar vegna nýtingar á hækkunarheimild stjórnar samþykkt 28. desember 2001, breytingar samþykktar á hluthafafundi félagsins 20. mars 2002, breytingar vegna nýtingar á hækkunarheimild stjórnar samþykktar 8. ágúst 2002, breytingar samþykktar á hluthafafundi félagsins 11. nóvember 2002, breytingar vegna nýtingar á hækkunarheimild stjórnar samþykktar 11. nóvember 2002, breytingar vegna nýtingar á hækkunarheimild stjórnar samþykktar 12. desember 2002, breytingar samþykktar á aðalfundi 12. mars 2003, breytingar samþykktar á hluthafafundi 26. maí 2003, breytingar vegna nýtingar á hækkunarheimild stjórnar samþykktar 26. maí 2003 og breytingar samþykktar á hluthafafundi 26. maí 2003.

Reykjavík, 26. maí 2003

F.h. Kaupþings Búnaðarbanka hf.

Hreiðar Már Sigurðsson
forstjóri

Sólon R. Sigurðsson
forstjóri

Árshlutareikningur Kaupþings Búnaðarbanka hf. 30. júní 2003

Áritun stjórnenda

Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Kaupþings Búnaðarbanka hf. og dótturfélaga hans. Reikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lánastofnana. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og á síðasta ári.

Þann 26. maí 2003 var Kaupþing banki hf. sameinaður Búnaðarbanka Íslands hf. undir nafninu Kaupþing Búnaðarbanki hf. og miðast sameiningin við 1. janúar 2003. Við samrunann eru einstaka liðir efnahagsreikningsins lagðir saman á bókfærðu verði, og eru samanburðarfjárhæðir því samanlagðar fjárhæðir beggja bankanna.

Samkvæmt rekstrarreikningi bankans nam hagnaður af rekstri á öðrum ársfjórðungi 1.689 millj. kr. og á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2003 3.065 millj. kr. Eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi nam 34.911 millj. kr. í lok tímabilsins að meðtöldu hlutafé að fjárhæð 4.060 millj. kr. Eiginfjárhlutfall bankans, sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki var 11,6%. Þetta hlutfall má lægst vera 8,0%.

Stjórn Kaupþings Búnaðarbanka hf. og forstjóri staðfesta hér með árshlutareikning bankans fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2003 með undirritun sinni.

Reykjavík, 8. ágúst 2003.

Stjórn bankans:

Sigurður Einarsson
formaður

Ásgeir Thoroddsen
Finnur Ingólfsson
Gunnar Páll Pálsson
Jón Helgi Guðmundsson

Bjarnfreður Ólafsson
Guðmundur Hjaltason
Hjörleifur Jakobsson
Tommy Persson

Forstjórar:

Sólon Sigurðsson
Hreiðar Már Sigurðsson

Árshlutareikningur Kaupþings Búnaðarbanka hf. 30. júní 2003

Áritun endurskoðenda

Stjórn Kaupþings Búnaðarbanka hf.

Við höfum kannað árshlutareikning Kaupþings Búnaðarbanka hf. fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2003. Reikningurinn hefur að geyma samstæðureikning bankans og dótturfélaga hans. Hann greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 39. Árshlutareikningurinn er byggður á gögnum bankans og upplýsingum frá stjórnendum hans.

Könnun okkar fól í sér fyrirspurnir til starfsmanna bankans og greiningu á helstu liðum árshlutareikningsins. Slík könnun felur ekki að öllu leyti í sér sömu aðgerðir og endurskoðun, sem unnin er eftir viðurkenndum endurskoðunarvenjum og hefur það að markmiði að láta í ljós álit á reikningsskilum í heild. Slíkt álit er því ekki látið í ljós.

Könnun okkar leiddi ekkert í ljós sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu bankans á tímabilinu, efnahag í lok þess og breytingu á handbæru fé í samræmi við góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 8. ágúst 2003.

Sigurður Jónsson

Hildur Árnadóttir

KPMG Endurskoðun hf.

Árshlutareikningur Kaupþings Búnaðarbanka hf. 30. júní 2003

Rekstrarreikningur 1. janúar til 30. júní 2003

Annar ársfjórðungur

Fyrri árshelmingur

1. apríl til 30. júní

1. janúar til 30. júní

Skýr.	2003	2002	2003	2002	
Vaxtatekjur:					
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir	551	394	1.145	877	
Vaxtatekjur af útlánum	5.117	5.154	10.798	10.266	
Vaxtatekjur af markaðsbréfum	305	618	1.077	1.292	
Aðrar vaxtatekjur	772	638	1.559	1.249	
6	<u>6.745</u>	<u>6.804</u>	<u>14.579</u>	<u>13.684</u>	
Vaxtagjöld:					
Vaxtagjöld til lánastofnana	1.506	2.144	3.265	3.715	
Vaxtagjöld af innlánum	1.841	1.781	4.018	3.787	
Vaxtagjöld af lántökum	1.026	1.020	2.214	2.402	
Vaxtagjöld af víkjandi lánum	144	73	409	272	
Önnur vaxtagjöld	25	38	72	154	
6	<u>4.542</u>	<u>5.056</u>	<u>9.978</u>	<u>10.330</u>	
Hreinar vaxtatekjur	2.203	1.748	4.601	3.354	
Aðrar rekstrartekjur:					
Tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum	8	554	147	406	
Þjónustutekjur	7	2.531	1.831	3.304	
Þjónustugjöld	(281)	(280)	
Gengishagnaður af annarri fjármálastarfsemi	(545)	(480)	
22	<u>1.879</u>	<u>964</u>	<u>3.909</u>	<u>2.729</u>	
Ýmsar rekstrartekjur	518	113	605	204	
	<u>5.201</u>	<u>2.775</u>	<u>9.589</u>	<u>6.163</u>	
Hreinar rekstrartekjur	7.404	4.523	14.190	9.517	
Önnur rekstrargjöld:					
Laun og launatengd gjöld	24	2.612	1.569	3.158	
Annar almennur rekstrarkostnaður	31	1.789	1.261	2.496	
Afskriftir	290	200	628	388	
	<u>4.691</u>	<u>3.030</u>	<u>9.077</u>	<u>6.042</u>	
Framlag í afskriftareikning útlána	11,28	(751)	(530)
		(1.378)	(1.076)
Hagnaður fyrir skatta	1.962	963	3.735	2.399	
Tekjuskattur	16	(271)	(164)
Eignarskattur	(2)	(0)	
		(668)	(431)
Hagnaður tímabilsins	34	<u>1.689</u>	<u>799</u>	<u>1.964</u>	
Hagnaðarhlutur:					
Hagnaður á hvern hlut	9	4,1	7,5		

Árshlutareikningur Kaupþings Búnaðarbanka hf. 30. júní 2003

Efnahagsreikningur 30. júní 2003

Eignir

	Skýr.	30.6.2003	31.12.2002
Sjóður, ríkisvixlar og kröfur á lánastofnanir:			
Sjóður og óbundnar innstæður í Seðlabanka		1.737	763
Ríkisvixlar endurseljanlegir í Seðlabanka		1.074	802
Kröfur á lánastofnanir:			
Bundnar kröfur á Seðlabanka		3.696	5.832
Kröfur á aðrar lánastofnanir		36.683	31.122
		<u>43.190</u>	<u>38.519</u>
Útlán:			
	10-12, 25-28		
Útlán til viðskiptamanna		270.158	250.278
Eignarleigusamningar		20.518	17.025
Fullnustueignir		2.005	2.030
		<u>292.681</u>	<u>269.333</u>
Markaðsverðbréf og eignarhlutar í félögum:			
	13, 29-30		
Skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum		99.548	69.298
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum		32.396	32.882
Hlutar í hlutdeildarfélögum		3.447	2.999
Hlutar í tengdum félögum		696	529
		<u>136.087</u>	<u>105.708</u>
Aðrar eignir:			
Viðskiptavild	14,31	2.998	3.002
Rekstrarfjármunir	15,31	5.228	5.377
Ýmsar eignir		10.520	6.223
Fyrirframgreidd gjöld og áfallnar tekjur		1.974	4.250
		<u>20.720</u>	<u>18.852</u>
	Eignir samtals	<u>492.678</u>	<u>432.412</u>

Árshlutareikningur Kaupþings Búnaðarbanka hf. 30. júní 2003

Efnahagsreikningur 30. júní 2003

Skuldir og eigið fé

	Skýr.	30.6.2003	31.12.2002
Skuldir við lánastofnanir		<u>136.893</u>	<u>109.865</u>
Innlán:			
Óbundin innlán		97.770	80.270
Bundin innlán		84.464	83.781
Sérstök innlán		<u>1.128</u>	<u>519</u>
		<u>183.362</u>	<u>164.570</u>
Lántaka		<u>105.024</u>	<u>102.029</u>
Aðrar skuldir:			
Ýmsar skuldir		16.667	5.925
Áfallin gjöld.....		<u>2.361</u>	<u>4.109</u>
		<u>19.028</u>	<u>10.034</u>
Tekjuskattskuldbinding	16	<u>1.424</u>	<u>411</u>
Víkjandi lán	17,33	<u>11.386</u>	<u>11.010</u>
Hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaga		<u>650</u>	<u>1.114</u>
Eigið fé:	34,35		
Hlutafé		4.060	4.092
Yfirverðsreikningur		17.090	17.508
Áfallinn kaupréttur		291	130
Óráðstafað eigið fé		<u>13.470</u>	<u>11.649</u>
Eigið fé samtals		<u>34.911</u>	<u>33.379</u>
Skuldir og eigið fé samtals		<u>492.678</u>	<u>432.412</u>
Után efnahagsreiknings:	20, 36,37		
Skuldbindingar			

Árshlutareikningur Kaupþings Búnaðarbanka hf. 30. júní 2003

Yfirlit um sjóðstreymi 1. janúar til 30. júní 2003

	Skýr.	2003 1.1.-30.6.	2002 1.1.-30.6.
Rekstrarhreyfingar:			
Hagnaður tímabilsins	34	3.065	1.964
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Verðbætur, gengismunur og verðleiðréttingar	(1.023)	(3.109)
Áhrif dótturfélaga og hlutdeildarfélaganna	(618)	700
Framlag í afskriftareikning útlána	28	1.378	247
Tekjuskattur		1.013	395
Aðrir liðir		462	382
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		502	1.610
		<u>4.779</u>	<u>2.189</u>
		Handbært fé frá rekstri	
Fjárfestingarhreyfingar:			
Bundnar kröfur á Seðlabanka, breyting		2.408	(9.416)
Kröfur á aðrar lánastofnanir, breyting	(690)	3.448
Útlán, breyting	(8.685)	(14.203)
Veltuskuldabréf, breyting	(33.589)	(31.352)
Fjárfestingarskuldabréf, breyting		3.123	3.699
Veltuhlutabréf, breyting		444	3.580
Fjárfestingarhlutabréf, breyting		42	(4)
Keyptir eignarhlutar í hlutdeildarfélagum	(62)	(2.149)
Handbært fé nýrra samstæðufélaga		0	442
Óefnislegar eignir	(101)	(66)
Keyptir rekstrarfjármunir	(531)	(365)
Seldir rekstrarfjármunir		0	30
Ýmsar eignir	(3.934)	(2.442)
		<u>41.575</u>	<u>48.798</u>
		Fjárfestingarhreyfingar	
Fjármögnunarhreyfingar:			
Skuldir við lánastofnanir, breyting		2.854	36.964
Innlán, breyting		12.451	7.953
Lántaka, breyting		3.105	5.398
Ýmsar skuldir, breyting		10.643	(1.562)
Víkjandi lán, breyting		58	597
Keypt hlutafé	34	(450)	(772)
Greiddur arður af hlutafé	34	(1.244)	(705)
		<u>27.417</u>	<u>47.873</u>
		Fjármögnunarhreyfingar	
(Lækkun) hækkun á handbæru fé	(9.379)	1.264
Handbært fé í ársbyrjun		<u>20.189</u>	<u>7.037</u>
Handbært fé í lok tímabilsins	19	<u>10.810</u>	<u>8.301</u>
Aðrir liðir:			
Arður frá hlutdeildar- og tengdum félögum		175	14

Árshlutareikningur Kaupþings Búnaðarbanka hf. 30. júní 2003

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

1. Árshlutareikningur Kaupþings Búnaðarbanka hf. hefur að geyma samstæðureikning bankans og dótturfélaga hans. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lánastofnana. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í milljónum.

Þann 26. maí 2003 var Kaupþing banki hf. sameinaður Búnaðarbanka Íslands hf. undir nafninu Kaupþing Búnaðarbanki hf. og miðast sameiningin við 1. janúar 2003. Við samrunann eru einstaka liðir efnahagsreikningsins lagðir saman á bókfærðu verði, og eru samanburðarfjárhæðir því samanlagðar fjárhæðir beggja bankanna.

2. Dótturfélög eru þau félög þar sem bankinn fer með yfirráð. Árshlutareikningar dótturfélaganna eru innifaldir í samstæðureikningi bankans frá því yfirráð hefjast og þar til þeim lýkur. Stöður milli samstæðufélaga, viðskipti og hagnaður sem myndast hefur af viðskiptum milli þeirra er felldur út í samstæðureikningnum. Sjö dótturfélög eru ekki með í samstæðureikningi bankans, þar sem rekstur þeirra er ólíkur rekstri hinna dótturfélaganna. Rekstur þessara félaga er færður með hlutdeildaraðferð í reikninginn.
3. Hlutdeildarfélög eru þau félög þar sem samstæðan hefur áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en hefur ekki yfirráð. Samstæðureikningurinn inniheldur hlutdeild samstæðunnar í afkomu hlutdeildarfélaga frá upphafi áhrifa til loka þeirra. Verði hlutdeild samstæðunnar í tapi hærri en bókfært verð hlutdeildarfélags er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps er hætt nema bankinn hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það.

Erlendir gjaldmiðlar

4. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í lok júní 2003. Rekstrartekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

Árshlutareikningar erlendra dótturfélaga

5. Starfsemi samstæðunnar erlendis er nátengd starfsemi móðurfélagsins. Í samræmi við það eru eignir og skuldir erlendu starfseminnar umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við gengi í lok tímabilsins. Tekjur og gjöld erlendu starfseminnar eru umreiknuð í íslenskar krónur miðað við meðalgengi tímabilsins. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í íslenskar krónur er færður á gengismun í rekstrarreikningi.

Vaxtatekjur og vaxtagjöld

6. Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við virka vexti. Vaxtatekjur reiknast af kröfum á aðrar lánastofnanir, útlánun, markaðsbréfum og afleiðum. Vaxtagjöld reiknast af skuldum við lánastofnanir, innlánun, lántöku og víkjandi lánun. Hafi útlán verið meira en þrjá mánuði í vanskilum eða metin í sérstakri tapshættu er hætt að tekjufæra vexti af þeim. Tekjur og gjöld sem jafna má til vaxta, svo sem lántökugjöld, eru færð með vaxtatekjum og gjöldum, eftir því sem þau falla til.

Þjónustutekjur

7. Bankinn veitir viðskiptamönnum sínum ýmsa þjónustu og hefur af því tekjur. Undir þjónustutekjur falla meðal annars þóknunartekjur af miðlun verðbréfa, eignastýringu og útlánastarfsemi. Þjónustutekjur eru færðar í rekstrarreikning bankans þegar þær verða til.

Tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum

8. Undir tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum fellur hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga, ásamt arði af hlutabréfum.

Hagnaðarhlutur

9. Hagnaðarhlutur er hlutfall hagnaðar og vegins meðaltals fjölda hluta á tímabilinu og sýnir hver hagnaðurinn er á hvern hlut. Hagnaður á tímabilinu nemur 3.065 millj. kr. og vegið meðaltal fjölda hluta var 409 millj. og er nafnverð hvers hlutar tíu krónur.

Árshlutareikningur Kaupþings Búnaðarbanka hf. 30. júní 2003

Útlán

10. Útlán eru færð til eignar með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun í lok júní. Verðtryggð útlán eru færð miðað við vísitölur sem tóku gildi í júlí 2003 og gengistryggð lán miðað við gengi viðkomandi gjaldmiðla í lok júní 2003.
11. Afskriftareikningur útlána er myndaður til að mæta áhættu sem fylgir útlánastarfseminni, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Bankinn leggur í þennan reikning með hliðsjón af metinni útlánaáhættu hverju sinni. Annars vegar er um að ræða framlag vegna skuldbindinga lánþega sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar framlag til að mæta almennri útlánaáhættu. Hafi útlán verið metin í sérstakri tapshættu er hætt að tekjufæra vexti af þeim. Afskriftareikningurinn er dreginn frá útlánum í efnahagsreikningi að undanskildu framlagi vegna veittra ábyrgða sem fært er meðal annarra skulda í efnahagsreikningi.
12. Bankinn hefur innleyst eignir vegna fullnustu krafna. Í nokkrum tilvikum hefur slík innlausn verið gerð af sérstökum rekstrarfélögum í eigu bankans og eru útlán til þeirra færð með fullnustueignum. Rekstrarfélögin, sem eru í eigu dótturfélaga bankans, eru öll færð í samstæðureikninginn. Fullnustueignir eru færðar á áætluðu markaðsverði í árshlutareikning bankans.

Markaðsverðbréf og eignarhlutar í félögum

13. Verðbréfum í eigu bankans er skipt í veltuverðbréf og fjárfestingarverðbréf. Til fjárfestingarverðbréfa teljast bréf sem tekin hefur verið formleg ákvörðun um að eiga til lengri tíma en eins árs, en önnur bréf eru flokkuð sem veltuverðbréf.

Fjárfestingarskuldabréf eru færð miðað við ávöxtunarkröfu við kaup. Fjárfestingarhlutabréf eru eignfærð á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði ef það er lægra. Skráð veltuverðbréf eru eignfærð á markaðsverði í lok tímabilsins. Óskráð veltuskuldabréf eru færð miðað við ávöxtunarkröfu við kaup, en óskráð veltuhlutabréf eru færð á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði ef það er lægra.

Viðskiptavild

14. Í þeim tilvikum sem bankinn hefur keypt eða yfirtekið eignarhluti í dótturfélögum á hærra verði en svarar til hlutdeildar í eigin fé félaganna er mismunurinn eignfærður sem viðskiptavild. Viðskiptavildin er gjaldfærð í rekstrarreikningi á fimm til tíu árum.

Rekstrarfjármunir

15. Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Húseignir	25-50 ár
Húsbúnaður	5 ár
Skrifstofuáhöld og tæki	3-5 ár
Bifreiðar	6 ár

Tekjuskattsskuldbinding

16. Tekjuskattsskuldbinding er reiknuð og færð í árshlutareikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og árshlutareikningi hins vegar að teknu tilliti til yfirfæranlegs skattalegs taps. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun á færslu tekna og gjalda í skattuppgjöri annars vegar og árshlutareikningi hins vegar.

Víkjandi lán

17. Bankinn hefur gefið út skuldabréf með víkjandi rétti. Bréfin hafa eiginleika eigin fjár að því leyti að þau víkja fyrir öðrum skuldum bankans og teljast til eigin fjár við útreikning á eiginfjárlutfalli, sbr. skýringu 35. Annars vegar er um að ræða skuldabréf sem eru án gjalldaga og óheimilt er að greiða upp fyrr en 2011 og þá aðeins með samþykki Fjármálaeftirlitsins. Bréfin teljast til eiginfjárbáttar A. Hins vegar skuldabréf sem endurgreiðast á næstu

Árshlutareikningur Kaupþings Búnaðarbanka hf. 30. júní 2003

11 árum. Lánin eru færð til skuldar með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun í lok tímabilsins. Verðtryggð lán eru færð miðað við vísitölur sem tóku gildi í byrjun júlí 2003 og gengistryggð lán miðað við gengi viðkomandi gjaldmiðla í lok júní 2003.

Kaupréttarsamningar

18. Kaupréttarsamningar gera starfsmönnum bankans kleift að eignast hlutabréf í honum. Kaupverð jafngildir markaðsverði hlutabréfanna á samningsdegi. Kostnaður bankans er metinn sem mismunur kaupréttargengis og markaðsverðs hlutabréfanna á uppgjörssdegi, að teknu tilliti til áunninna réttinda starfsmanna og er hann gjaldfærður með launum og launatengdum gjöldum í rekstrarreikningi.

Handbært fé

19. Til handbærs fjár í sjóðstreymi teljast sjóður og óbundnar innstæður í Seðlabanka, ríkisvixlar endurseljanlegir í Seðlabanka og gjaldkræfar kröfur á lánastofnanir.

Afleiðusamningar

20. Afleiður eru fjármálasamningar þar sem samnings- eða nafnverðsfjárhæðir eru ekki færðar í efnahagsreikning bankans, ýmist vegna þess að réttindi og skyldur myndast vegna eins og sama samningsins, samningarnir taka ekki gildi fyrr en eftir lok reikningstímabilsins eða nafnverðsfjárhæðirnar eru eingöngu notaðar sem breytur við útreikninga á öðrum stærðum. Nafnverðsfjárhæðir afleiðusamninga gefa ekki endilega til kynna fjárhæð greiðslna sem þeim tengjast eða markaðs- og útlánaáhættu þeirra. Sem dæmi um afleiðusamninga má nefna framvirka gjaldmiðlasamninga, valréttarsamninga, skiptasamninga, framtíðarsamninga og framvirka vaxtasamninga. Verðmæti þeirra geta meðal annars byggst á vaxtahlutföllum og verði gjaldmiðla, vöru, skuldabréfa og hlutabréfa.

Afleiðusamningum bankans er skipt í veltusamninga, sem færðir eru á markaðsvirði, og áhættuvarnarsamninga, sem notaðir eru til að verja bankann gegn vaxta- og gengisáhættu. Áhættuvarnarsamningar eru færðir með sama hætti og það sem varið er. Með afleiðusamningum bankans er almennt stefnt að því að draga úr verð-, gengis- og vaxtaáhættu bankans og viðskiptamanna hans. Afkoma afleiðusamninga er færð í rekstrar- og efnahagsreikning. Samningar með jákvæða stöðu eru færðir til eignar með kröfum á lánastofnanir og öðrum eignum, en samningar með neikvæða stöðu meðal annarra skulda og skulda við lánastofnanir.

Markaðsáhætta afleiðusamninga skapast vegna breytinga á verði þeirra þátta sem samningarnir byggja á, svo sem vaxtabreytingum eða breytingum á verði gjaldmiðla og skráðra verðbréfa. Útlánaáhætta endurspeglar tap sem bankinn yrði fyrir ef mótaðili í afleiðusamningi gæti ekki efnt sinn hluta hans.

Framvirkir samningar og framtíðarsamningar um gjaldmiðla, verðbréf og vexti eru færðir í árshlutareikning bankans á markaðsvirði í lok tímabilsins. Valréttarsamningar um hlutabréf eru færðir á markaðsvirði.

Árshlutareikningur Kaupþings Búnaðarbanka hf. 30. júní 2003

Ársfjórðungsyfirlit

21. Yfirlit um rekstur samstæðunnar eftir ársfjórðungum:

	2. árs- fjórðungur	1. árs- fjórðungur	4. árs- fjórðungur	3. árs- fjórðungur	2. árs- fjórðungur
	2003	2003	2002	2002	2002
Hreinar vaxtatekjur	2.203	2.398	1.884	1.760	1.748
Aðrar rekstrartekjur:					
Tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum	554	262	164 (62)	147
Þjónustutekjur og þjónustugjöld	2.250	2.009	1.519	1.881	1.551
Gengishagnaður af annarri fjármálastarfsemi	1.879	2.030	2.453	717	964
Ýmsar rekstrartekjur	518	87	65	1.514	113
	5.201	4.388	4.201	4.050	2.775
Hreinar rekstrartekjur	7.404	6.786	6.085	5.810	4.523
Önnur rekstrargjöld:					
Laun og launatengd gjöld	2.612	2.336	1.940	1.407	1.569
Annar almennur rekstrarkostnaður	1.789	1.712	1.514	1.215	1.261
Afskriftir	290	338	184	185	200
	4.691	4.386	3.638	2.807	3.030
Framlag í afskriftareikning útlána	(751)	(627)	(898)	(819)	(530)
Hagnaður fyrir skatta	1.962	1.773	1.549	2.184	963
Tekjuskattur og eignarskattur	(273)	(397)	(38)	(296)	(164)
Hagnaður tímabilsins	1.689	1.376	1.511	1.888	799

Aðrar rekstrartekjur

22. Gengishagnaður af annarri fjármálastarfsemi sundurliðast þannig:

	Annar ársfjórðungur 1. apríl – 30. júní		Fyrri árshelmingur 1. janúar – 30. júní	
	2003	2002	2003	2002
Veltuhlutabréf	(453)	363	454	1.571
Veltuskuldabréf	2.110	573	3.090	1.004
Gjaldeyrstengdar eignir og skuldir	222	28	365	154
Samtals	1.879	964	3.909	2.729

Innleystur gengishagnaður á tímabilinu er 37% og óinnleystur gengishagnaður er 63%.

Árshlutareikningur Kaupþings Búnaðarbanka hf. 30. júní 2003

Starfsmannamál

23. Starfsmannafjöldi er sem hér segir:

	30.6.2003	30.6.2002
Meðalfjöldi starfsmanna á tímabilinu umreiknaður í heilsársstörf	1.360	1.168
Stöðugildi í lok júní	1.282	1.162

24. Laun og launtengd gjöld greinast þannig:

Laun	3.599	2.556
Launatengd gjöld	1.349	602
Samtals	<u>4.948</u>	<u>3.158</u>

Útlán

25. Útlán til viðskiptavina sundurliðuð eftir útlánaformum:

	30.6.2003	31.12.2002
Yfirdráttarlán	34.590	31.625
Víxlar	2.657	2.862
Skuldabréf	132.337	115.039
Lánasamningar	<u>100.574</u>	<u>100.752</u>
Samtals	<u>270.158</u>	<u>250.278</u>

26. Útlán og eignarleigusamningar flokkast þannig eftir lántakendum:

Bæjar- og sveitarfélög	1,2%	1,5%
Atvinnugreinar:		
Landbúnaður	2,8%	2,4%
Sjávarútvegur	7,5%	9,5%
Verslun	8,6%	11,7%
Iðnaður	10,0%	13,0%
Þjónustustarfsemi	44,0%	32,7%
Einstaklingar	<u>25,9%</u>	<u>29,2%</u>
Samtals	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>

27. Heildarfjárhæð óvaxtaberandi útlána í lok tímabilsins greinist þannig:

Útlán sem sérstakar afskriftir hafa verið færðar fyrir	6.391	5.340
Sérstakur afskriftareikningur	(4.509)	(3.633)
Önnur vaxtafryst útlán	<u>3.499</u>	<u>2.761</u>
Óvaxtaberandi útlán samtals	<u>5.381</u>	<u>4.468</u>

Árshlutareikningur Kaupþings Búnaðarbanka hf. 30. júní 2003

28. Breyting á afskriftareikningi útlána greinist þannig:

Afskriftareikningur	30.6.2003		30.6.2002	
	Sérstakur	Almennur	Samtals	Samtals
Afskriftareikningur í byrjun tímabilsins	3.632	2.131	5.763	850
Framlag í afskriftareikning á tímabilinu	1.061	317	1.378	1.076
Gengismunur vegna þýðingar	5	1	6	
Endanlega töpuð útlán (.....	189)	17)	206)	396)
Yfirfært við samruna	0	0	0	3.460
Afskriftareikningur í lok tímabilsins	<u>4.509</u>	<u>2.432</u>	<u>6.941</u>	<u>4.990</u>
Afskriftareikningur útlána í hlutfalli af útlánnum og veittum ábyrgðum	1,5%	0,8%	2,3%	2,2%

Markaðsverðbréf og eignarhlutar í félögum

29. Skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

	Markaðsverð	Bókfært verð
Veltuskuldabréf:		
Skráð í Kauphöll Íslands	73.136	73.136
Önnur skráð bréf	16.921	16.921
Óskráð bréf		8.968
		<u>99.025</u>
Fjárfestingarskuldabréf:		
Skráð í Kauphöll Íslands	260	260
Óskráð bréf		263
		<u>523</u>
Skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum samtals		<u>99.548</u>

Bankinn hefur gert afleiðusamninga að fjárhæð 57.678 millj. kr. á móti skuldabréfaeign sinni. Samningarnir eru færðir á markaðsverði.

30. Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

	Markaðsverð	Bókfært verð
Veltuhlutabréf:		
Skráð í Kauphöll Íslands	16.866	16.866
Önnur skráð bréf	5.659	5.659
Óskráð hlutabréf		9.785
		<u>32.310</u>
Fjárfestingarhlutabréf:		
Önnur skráð bréf	4	4
Óskráð hlutabréf		82
		<u>86</u>
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum samtals		<u>32.396</u>

Bankinn hefur gert afleiðusamninga að fjárhæð 5.181 millj. kr. á móti hlutabréfaeign sinni. Samningarnir skiptast þannig að 4.097 millj. kr. eru vegna skráðra bréfa og 1.084 millj. kr. eru vegna óskráðra bréfa. Samningarnir eru færðir á markaðsverði.

Árshlutareikningur Kaupþings Búnaðarbanka hf. 30. júní 2003

Aðrar eignir

31. Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi greinast þannig:

	30.6.2003	30.6.2002
Afskrift rekstrarfjármuna	523	346
Afskrift viðskiptavildar	105	42
Fært í rekstrarreikning sem afskriftir	<u>628</u>	<u>388</u>

Eignir og skuldir háðar gengisáhættu

32. Heildarfjárhæð eigna samstæðunnar í erlendum gjaldmiðlum nam 330.952 millj. kr. í lok júní og heildarfjárhæð slíkra skulda nam á sama tíma 331.681 millj. kr. Með eignum og skuldum í þessu sambandi eru taldir framvirkir samningar og gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamningar sbr. skýringu 37.

Víkjandi lán

33. Víkjandi lán greinast þannig:

Lán sem teljast til A-hluta eigin fjár:

	Vextir í upphafi	Vextir breytast	Vextir eftir breytingu	Gjalddagi	Bókfært verð
Útgefið 2001	ISK	8,7%	2011	Án gjaldd.	1.143

Lán sem teljast til B-hluta eigin fjár:

Útgefið 1998	ISK	5,9%	2003	7,9%	2003	63
Útgefið 1998	ISK	6,0%	2003	7,5%	2008	979
Útgefið 1998	ISK	6,3%			2004	188
Útgefið 1999	ISK	5,5%	2004	7,0%	2009	1.514
Útgefið 2000	ISK	6,0%	2005	7,5%	2010	1.244
Útgefið 2000	ISK	6,0%	2005	7,5%	2010	228
Útgefið 2000	ISK	7,0%	2007	9,0%	2007	1.911
Útgefið 2001	ISK	6,0%	2006	7,5%	2011	118
Útgefið 2001	ISK	8,0%	2006	10,0%	2006	1.293
Útgefið 2002	ISK	6,0%	2007	7,5%	2012	876
Útgefið 2002	ISK	7,5%	2009	10,0%	2014	1.257
Útgefið 2002	EUR	3,3%			2012	438
						<u>10.109</u>

Víkjandi lán hjá móðurfélagi samtals						<u>11.252</u>
--	--	--	--	--	--	---------------

Víkjandi lán dótturfélaga	ISK	7,5%			Án gjaldd.	<u>134</u>
---------------------------------	-----	------	--	--	------------	------------

Samtals						<u>11.386</u>
---------	--	--	--	--	--	---------------

Árshlutareikningur Kaupþings Búnaðarbanka hf. 30. júní 2003

Eigið fé

34. Yfirlit um eigið fé:

	Hlutfé	Yfirverðs reikningur	Áfallinn kaupréttur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 31.12.2002	2.124	9.996	120	6.082	18.322
Yfirfært við samruna	1.968	7.512	10	5.567	15.057
Eigið fé 1.1.2003	4.092	17.508	130	11.649	33.379
Greiddur arður				(1.244)	(1.244)
Keypt eigin bréf	(32)	(418)			(450)
Gjaldfærður áfallinn kaupréttur			161		161
Hagnaður tímabilsins				3.065	3.065
Eigið fé 30.6.2003	4.060	17.090	291	13.470	34.911

35. Eigið fé samstæðunnar í lok júní nemur 34.911 millj. kr. Eiginfjárlutfall sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 11,6%. Samkvæmt lögnum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Hlutfallið reiknast þannig:

	Bókfærð staða	Vegin staða
Áhættugrunnur:		
Bókfærðar eignir	492.678	347.643
Eignir til frádráttar eigin fé		(5.626)
Ábyrgðir og aðrir liðir utan efnahagsreiknings		13.793
Áhættugrunnur samtals		355.810
Eigið fé:		
Eiginfjárbáttur A:		
Bókfært eigið fé		34.911
Hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaga		650
Viðskiptavild		(2.999)
Aðrar eignir til frádráttar eigin fé		(1.719)
Víkjandi lán		1.143
Eiginfjárbáttur B:		
Víkjandi lán		10.111
Eignarhlutar í fjármálastofnunum		(908)
Eigið fé samtals		41.189
Eiginfjárlutfall		11,6%
Þar af eiginfjárbáttur A		9,0%

Árshlutareikningur Kaupþings Búnaðarbanka hf. 30. júní 2003

Skuldbindingar

36. Kaupþing Búnaðarbanki hf. og dótturfélög þess hafa gengist í ábyrgðir fyrir viðskiptamenn sína og veitt þeim yfirdráttarheimildir sem greinast þannig:

	30.6.2003	31.12.2002
Veittar ábyrgðir	15.278	13.663
Ónotaðar yfirdráttarheimildir	11.628	11.184
Eignir viðskiptamanna í fjárvörslu	833.695	732.130

37. Afleiðusamningar, eftirstöðvatími höfuðstóls og bókfært verð greinast þannig:

	Höfuðstóll				Bókfært verð	
	Allt að 3 mánuðir	Yfir 3 mánuðir og allt að ári	Yfir 1 ár	Samtals	Eignir	Skuldir
Gjaldmiðla- og vaxtaafleiður						
Óskráðir samningar:						
Framvirkir gjaldmiðlasamningar	73.912	15.951	1.176	91.039	2.373	818
Vaxta- og gjaldmiðlaskiptasamningar ...	1.270	1.062	20.326	22.658	1.258	2.630
Gjaldmiðlavalréttir, keyptir	627	3.980	0	4.607	331	0
Gjaldmiðlavalréttir, seldir	876	3.917	229	5.022	0	373
Samtals	<u>76.685</u>	<u>24.910</u>	<u>21.731</u>	<u>123.326</u>	<u>3.962</u>	<u>3.821</u>
Hlutabréfaafleiður						
Óskráðir samningar:						
Skiptasamningar	4.764	2.485	0	7.249	1.619	558
Valréttir, keyptir	812	6.531	0	7.343	103	0
Valréttir, seldir	898	1.499	0	2.397	0	158
Samtals	<u>6.474</u>	<u>10.515</u>	<u>0</u>	<u>16.989</u>	<u>1.722</u>	<u>716</u>
Skuldabréfaafleiður						
Óskráðir samningar:						
Skiptasamningar	<u>74.365</u>	<u>87</u>	<u>0</u>	<u>74.452</u>	<u>1.366</u>	<u>2.397</u>
Afleiður samtals	<u>157.524</u>	<u>35.512</u>	<u>21.731</u>	<u>214.767</u>	<u>7.050</u>	<u>6.934</u>

Með framangreindum samningum er að því stefnt að stýra gengis- og vaxtaáhættu samstæðunnar. Áhættan í lok júní er jafngild útlánum að fjárhæð 9.169 millj. kr. við mat á eiginfjárlutfalli samstæðunnar samkvæmt gildandi reglum.

Árshlutareikningur Kaupþings Búnaðarbanka hf. 30. júní 2003

Sundurliðun tekna eftir löndum

38. Tekjur samstæðunnar samkvæmt löndum greinast þannig:

	Vaxtatekjur	Tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum	Þjónustutekjur	Gengishagnaður af fjármála- starfsemi	Ýmsar rekstrartekjur
Ísland	12.709	808	3.219	3.057	546
Svíþjóð	1.406	0	841	328	54
Önnur lönd	464	8	744	524	5
Samtals	<u>14.579</u>	<u>816</u>	<u>4.804</u>	<u>3.909</u>	<u>605</u>

Önnur mál

39. Hagnaður samkvæmt árshlutareikningi samanborið við hagnað samkvæmt sænskri reikningsskilavenju:

Hagnaður samkvæmt árshlutareikningi	3.065
Afskrift viðskiptavildar	(84)
Hagnaður samkvæmt sænskri reikningsskilavenju	<u>2.981</u>

Eigið fé í árshlutareikningi 30. júní 2003 hefði verið hærra um 1.326 millj. kr. vegna eignfærslu viðskiptavildar af kaupum á Sofi Financial Services Group hefði sænskri reikningsskilavenju verið beitt við gerð árshluta-reikningsins.

Ársreikningur Kaupþings banka hf. 2002

Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn

Ársreikningur Kaupþings banka hf. fyrir árið 2002 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um gerð ársreikninga viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Kaupþings banka hf. og dótturfélaga, auk ársreiknings móðurfélagsins. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og ársreikningur bankans árið á undan utan þess að nú er ekki beitt verðleiðréttum reikningsskilum og kostnaður vegna kaupréttarsamninga er færður í ársreikninginn. Nánari grein er gerð fyrir breytingum á reikningsskilaaðferðum í skýringum 21 og 22. Á árinu var samþykktum bankans breytt þannig að hver hlutur í bankanum er tíu krónur.

Í ársbyrjun 2002 gerði Kaupþing banki hf. samning um kaup á 96,9% hlutabréfa í Aragon Holding AB. Kaupin voru staðfest í maí og hafði Kaupþing banki hf. þá tryggt sér kaup á öllu hlutafé í Aragon Holding AB. Í júní 2002 undirrituðu stjórnir Kaupþings banka hf. og JP Nordiska AB samkomulag um að lagt yrði fyrir hluthafafund í JP Nordiska AB að félagið keypti öll hlutabréfin í Aragon Holding AB gegn því að Kaupþing banki hf. eignaðist 28% eignarhlut í JP Nordiska AB. Samningur um þetta var undirritaður í byrjun júlí 2002. Frá þeim tíma hefur Kaupþing banki hf. aukið hlut sinn í 85,8%, fyrst með kaupum á 4,9% hlut en síðan var gert yfirtökutilboð til annarra hluthafa. Í ársreikningnum er hlutdeild Kaupþings í tapi JP Nordiska færð samkvæmt hlutdeildaraðferð en hins vegar er JP Nordiska hluti af sams tæðuefnahagsreikningi. Vegna kaupa á JP Nordiska var hlutafé í Kaupþingi banka aukið um 260 millj. kr. að nafnverði. Í ársbyrjun 2003 jók Kaupþing banki eignarhlut sinn í JP Nordiska og á nú yfir 90% hlutfjár í bankanum. Gera má ráð fyrir að krafist verði innlausnar á því hlutafé sem Kaupþing á ekki nú þegar.

Í nóvember voru Kaupþing banki og Hlutabréfasjóðurinn Auðlind hf. sameinuð og fengu hluthafar í Auðlind hlutabréf í Kaupþingi sem gagnjald fyrir hlutabréf sín í Auðlind. Vegna sameiningarinnar var hlutafé Kaupþings banka aukið um 242 millj. kr. að nafnverði.

Í september seldi Kaupþing banki öll hlutabréf sín í einu dótturfélaganna, Frjálsa fjárfestingarbankanum hf. Hagnaður af sölnunni nemur 1.492 millj. kr. og er hann færður meðal annarra rekstrartekna í rekstrarreikningi.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður ársins 3.075 millj. kr. Hreinar rekstrartekjur samstæðunnar námu 9.910 millj. kr. á árinu. Stjórn bankans leggur til að á árinu 2003 verði greiddur arður, 2 krónur á hlut en það svarar til 20% arðs af nafnverði, en hagnaðinum verði að öðru leyti ráðstafað á þann hátt er fram kemur í yfirliti um breytingar á eigin fé í skýringum ársreikningsins. Eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi nam 18.322 millj. kr. í árslok að meðtöldu hlutafé að fjárhæð 2.124 millj. kr. Eiginfjárlutfall bankans, sem reiknað er samkvæmt lögum um viðskiptabanka og sparisjóði var 14,7% hjá samstæðunni en 24,2% hjá móðurfélaginu.

Heildareignir bankans samkvæmt samstæðureikningi í árslok námu 188.003 millj. kr. Jafnframt var bankinn með 529.079 millj. kr. í fjárvörslu fyrir viðskiptavinum sína og eru þá meðtaldir verðbréfasjóðir, en samtals námu eignir þeirra 110.497 millj. kr.

Á árinu störfuðu að meðaltali 355 starfsmenn hjá samstæðunni en 201 hjá móðurfélaginu. Launagreiðslur samstæðunnar námu 2.617 millj. kr. á árinu.

Í árslok 2002 er kaupréttur fastráðinna starfsmanna 5,3 millj. kr. að nafnverði á genginu 102,5. Kaupréttir eru nýtanlegir í október ár hvert næstu fjögur árin. Í október 2003 er nýtanlegur kaupréttur starfsmanna 2,3 millj. kr. að nafnverði. Bankinn mun nýta eigin hlutabréf og auka hlutafé sitt til að efna kauprétt starfsmanna. Þá hefur bankinn selt nokkrum starfsmönnum hlutafé í bankanum á markaðsverði. Starfsmenn hafa sölurétt á bréfunum eftir tvö ár á fyrirfram umsömdum kjörum. Kostnaður við samningana er færður á því tímabili þegar hann fellur til.

Í ársbyrjun 2003 festi Kaupþing banki kaup á fjármálafyrirtæki í Lundúnum, BMY Corporate Finance Limited, en nafni félagsins hefur verið breytt í Kaupthing Limited. Þessi kaup eru liður í að styrkja þjónustu Kaupþings banka, einkum á sviði fyrirtækjaþjónustu.

Framundan er frekari samþætting rekstrar Kaupþings banka á Norðurlöndum með það að markmiði að auka skilvirkni og draga úr rekstrarkostnaði. Verkefnastaða bankans er góð og því gert ráð fyrir að bankinn geti áfram skilað 15% arðsemi eigin fjár en hafa ber í huga að rekstur banka eins og Kaupþings banka er háður þróun helstu markaða.

Ársreikningur Kaupþings banka hf. 2002

Hlutfé bankans nam í árslok 2.124 millj. kr. og hefur það hækkað um 498 millj. kr. á árinu. Í árslok voru 17.936 aðilar skráðir hluthafar í bankanum. Einn hluthafi átti yfir 10,0% eignarhlut í bankanum, en það er Meiður ehf., sem átti 15,8% hlut, en Kaupþing banki á 18,8% hlutfjár í því félagi.

Stjórn Kaupþings banka hf. og forstjóri staðfesta hér með ársreikning bankans fyrir árið 2002 með undirritun sinni.

Stokkhólmi, 19. febrúar 2003.

Stjórn bankans:
Guðmundur Hauksson
formaður

Gísli Kjartansson
Tryggvi Jónsson
Dr. J. T. Bergqvist

Geirmundur Kristinsson
Gunnar Páll Pálsson
Tommy Persson

Forstjóri:
Sigurður Einarsson

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa Kaupþings banka hf.

Við höfum endurskoðað ársreikning Kaupþings banka hf. fyrir árið 2002. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning og ársreikning móðurfélags. Hann greinist í skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, skýringar nr. 1–69, og fimm ára yfirlit. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum bankans og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að leitt sé í ljós að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu bankans á árinu 2002, efnahag hans 31. desember 2002 og breytingu á handbæru fé á árinu 2002 í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Stokkhólmi, 19. febrúar 2003.

Sigurður Jónsson

Hildur Árnadóttir

Ársreikningur Kaupþings banka hf. 2002

Rekstrarreikningur ársins 2002

	Skýr.	Samstæða		Móðurfélag		
		2002	2001	2002	2001	
Vaxtatekjur:	7					
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir		1.095	984	1.117	767	
Vaxtatekjur af útlánnum		2.845	1.707	1.239	1.045	
Vaxtatekjur af markaðsbréfum		1.352	1.807	1.232	1.790	
Aðrar vaxtatekjur		2.698	2.217	2.256	2.021	
		<u>7.990</u>	<u>6.715</u>	<u>5.844</u>	<u>5.623</u>	
Vaxtagjöld:	7					
Vaxtagjöld til lánastofnana		4.220	3.375	4.245	3.338	
Vaxtagjöld af innlánnum		1.565	9	687	0	
Vaxtagjöld af lántökum	24	1.137	2.699	905	2.149	
Vaxtagjöld af víkjandi lánnum		331	400	331	400	
Önnur vaxtagjöld		162	102	134	17	
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga	21	0	317	0	153	
		<u>7.415</u>	<u>6.902</u>	<u>6.302</u>	<u>6.057</u>	
		Hreinar vaxtatekjur	575 (187)	(458) (434)		
Aðrar rekstrartekjur:	9					
Tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum	42,43	382	858	440	1.009	
Þjónustutekjur	8	3.581	4.283	2.145	3.171	
Þjónustugjöld		(468)	(331)	(321)	(298)	
Gengishagnaður af annarri fjármálastarfsemi	25	4.172	725	3.645	255	
Ýmsar rekstrartekjur	26	1.668	702	1.539	264	
		<u>9.335</u>	<u>6.237</u>	<u>7.448</u>	<u>4.401</u>	
		Hreinar rekstrartekjur	9.910	6.050	6.990	3.967
Önnur rekstrargjöld:						
Laun og launatengd gjöld	28-31	3.098	2.396	1.626	1.367	
Annar almennur rekstrarkostnaður		2.594	2.478	1.567	1.577	
Afskriftir rekstrarfjármuna.....	14,15,45	259	168	105	70	
		<u>5.951</u>	<u>5.042</u>	<u>3.298</u>	<u>3.014</u>	
Framlag í afskriftareikning útlána	12,38	(582)	(415)	(406)	(367)	
		Hagnaður fyrir skatta	3.377	593	3.286	586
Tekjuskattur	16,57	(302)	260	(211)	267	
Hagnaður ársins	60	<u>3.075</u>	<u>853</u>	<u>3.075</u>	<u>853</u>	
Hagnaðarhlutur:						
Hagnaður á hvern hlut	10	18,6	8,1	18,6	8,1	

Ársreikningur Kaupþings banka hf. 2002

Efnahagsreikningur 31. desember 2002
Eignir

	Skýr.	Samstæða		Móðurfélag	
		2002	2001	2002	2001
Kröfur á lánastofnanir:	32,33				
Óbundnar innstæður í Seðlabanka		1	0	1	0
Kröfur á lánastofnanir:					
Bundnar kröfur á Seðlabanka		2.321	464	1.901	220
Kröfur á aðrar lánastofnanir		18.172	7.740	13.706	10.646
		<u>20.494</u>	<u>8.204</u>	<u>15.608</u>	<u>10.866</u>
Útlán:	11,12, 34-38				
Útlán til viðskiptamanna		82.453	48.884	31.303	25.654
Fullnustueignir		0	36	0	0
		<u>82.453</u>	<u>48.920</u>	<u>31.303</u>	<u>25.654</u>
Markaðsverðbréf og eignarhlutar í félögum:	13, 39-43				
Skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum		49.095	29.431	48.860	25.307
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum		21.088	22.892	11.520	21.273
Hlutar í hlutdeildarfélögum		2.114	615	1.305	615
Hlutar í tengdum félögum		197	498	11.509	6.533
		<u>72.494</u>	<u>53.436</u>	<u>73.194</u>	<u>53.728</u>
Aðrar eignir:					
Viðskiptavild	14,44	3.002	365	284	0
Rekstrarfjármunir	15,45	1.377	897	300	257
Ýmsar eignir	46	5.194	2.619	2.837	2.644
Fyrirframgreidd gjöld og áfallnar tekjur	47	2.989	3.539	1.605	3.005
		<u>12.562</u>	<u>7.420</u>	<u>5.026</u>	<u>5.906</u>
Eignir samtals		<u>188.003</u>	<u>117.980</u>	<u>125.131</u>	<u>96.154</u>

Ársreikningur Kaupþings banka hf. 2002

Efnahagsreikningur 31. desember 2002
Skuldir og eigið fé

	Skýr.	Samstæða		Móðurfélag		
		2002	2001	2002	2001	
Skuldir við lánastofnanir	52,53	75.457	67.295	82.246	62.366	
Innlán:						
Óbundin innlán		14.566	4.039	0	0	
Bundin innlán	54	57.231	6.553	9.158	0	
		<u>71.797</u>	<u>10.592</u>	<u>9.158</u>	<u>0</u>	
Lántaka	55	9.269	24.474	9.299	18.959	
Aðrar skuldir:						
Ýmsar skuldir	56	4.869	1.851	437	1.470	
Áfallin gjöld		2.514	1.086	874	1.026	
		<u>7.383</u>	<u>2.937</u>	<u>1.311</u>	<u>2.496</u>	
Tekjuskattsskuldbinding	16,57	204	317	338	191	
		<u>Skuldir alls</u>	<u>164.110</u>	<u>105.615</u>	<u>102.352</u>	<u>84.012</u>
Víkjandi lán	17,58	4.457	2.947	4.457	2.947	
Hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaga	3	1.114	223	0	0	
Eigið fé:	59-62					
Hlutafé		2.124	1.626	2.124	1.626	
Yfirverðsreikningur		9.996	4.302	9.996	4.302	
Áfallinn kaupréttur		120	98	120	98	
Óráðstafað eigið fé		6.082	3.169	6.082	3.169	
		<u>Eigið fé samtals</u>	<u>18.322</u>	<u>18.322</u>	<u>9.195</u>	
		<u>Skuldir og eigið fé samtals</u>	<u>188.003</u>	<u>117.980</u>	<u>125.131</u>	<u>96.154</u>

Után efnahagsreiknings: 20,
63-67

Skuldbindingar

Ársreikningur Kaupþings banka hf. 2002

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2002

	Skýr.	Samstæða		Móðurfélag	
		2002	2001	2002	2001
Rekstrarhreyfingar:					
Hagnaður ársins	60	3.075	853	3.075	853
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:					
Verðbætur og gengismunur		165	233	162	376
Áhrif dótturfélaga og hlutdeildarfélaga		134 (79) (89) (568)
Framlag í afskriftareikning útlána	38	732	415	556	367
Tekjuskattur		224 (538)	211 (230)
Aðrir liðir	(1.213)	54 (1.366) (43)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		1.400 (184)	1.248	196
Handbært fé frá rekstri		<u>4.517</u>	<u>754</u>	<u>3.797</u>	<u>951</u>
Fjárfestingarhreyfingar:					
Bundnar kröfur á Seðlabanka, breyting	(2.101)	11 (1.681)	11
Aðrar bundnar kröfur á lánastofnanir, breyting	(2.868) (222) (1.473) (5.243)
Útlán, breyting	(10.995) (21.239) (6.205) (16.852)
Veltuskuldabréf, breyting	(28.804) (6.119) (25.729) (5.975)
Fjárfestingarskuldabréf, breyting		6.372 (1.156)	2.960 (1.156)
Veltuhlutabréf, breyting		5.440 (9.122)	11.806 (8.214)
Fjárfestingarhlutabréf, breyting		0 (462) (4) (461)
Handbært fé nýrra samstæðufélaga.....		9.426	137 (455) (1.300)
Viðskiptavild	44 (2.105) (362) (288)	0
Keyptir rekstrarfjármunir	45 (250) (245) (160) (114)
Seldir rekstrarfjármunir		16	500	16	498
Ýmsar eignir, breyting		306 (151) (147) (340)
Fjárfestingarhreyfingar	(<u>25.563)</u>	<u>38.430)</u>	<u>21.360)</u>	<u>39.146)</u>
Fjármögnunarhreyfingar:					
Skuldir við lánastofnanir, breyting		14.676	26.982	19.880	28.841
Innlán, breyting		22.402	10.592	9.158	0
Lántaka, breyting	(8.529)	458 (9.771) (7.539)
Ýmsar skuldir, breyting		66 (1.993) (1.063) (412)
Víkjandi lán, breyting		1.394	320	1.394	320
Keypt og seld eigin hlutabréf	(285)	2.199 (285)	2.199
Greiddur arður	60 (162) (97) (162) (97)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>29.562</u>	<u>38.461</u>	<u>19.151</u>	<u>38.390</u>
Hækkun á handbæru fé		8.516	785	1.588	195
Handbært fé í ársbyrjun		<u>2.589</u>	<u>1.804</u>	<u>679</u>	<u>484</u>
Handbært fé í árslok	19	<u>11.105</u>	<u>2.589</u>	<u>2.267</u>	<u>679</u>
Aðrar upplýsingar:					
Greiddur tekjuskattur		330	102	0	97
Arður frá hlutdeildar- og tengdum félögum		337	0	337	0
Fjárfestingar án greiðsluáhrifa, greiddar með útgáfu hlutafjár		6.471	1.123	6.471	1.123

Ársreikningur Kaupþings banka hf. 2002

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

1. Ársreikningur Kaupþings banka hf. hefur að geyma samstæðureikning bankans og dótturfélaga hans og ársreikning móðurfélagsins. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um gerð ársreikninga viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana. Hann byggir á kostnaðarverðreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður að öðru leyti en því sem fram kemur í skýringum 21 og 22 um breytingar á reikningsskilaaðferðum. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna.
2. Dótturfélög eru þau félög þar sem bankinn fer með yferráð. Ársreikningar dótturfélaganna eru innifaldir í samstæðureikningi bankans frá því yferráð hefst og þar til þeim lýkur. Stöður milli samstæðufélaga, viðskipti og hagnaður sem myndast hefur af viðskiptum milli þeirra er felldur út í samstæðureikningnum. Þrjú dótturfélög, Hávöxtunarfélagið hf., Ævisjóðurinn hf. og Alþjóða líftryggingarfélagið hf., eru ekki með í samstæðureikningi bankans, þar sem rekstur þeirra er ólíkur rekstri hinna dótturfélaganna. Rekstur þessara félaga er færður með hlutdeildaraðferð í reikninginn.
3. Eignarhlutar í dótturfélögum greinast þannig:

	Eignarhlutdeild
Global Arbitrage & Trading S.A., Sviss	100,0%
Handsal Asset Management S.A.R.L., Sviss	100,0%
ITC Ísland ehf., Reykjavík	100,0%
Kaupþing – Eignastýring ehf., Reykjavík	100,0%
Kaupthing New York Inc., Bandaríkjunum	100,0%
Kaupthing Services S.A., Sviss	100,0%
Kirna ehf., Reykjavík	100,0%
Lögfang ehf., Reykjavík	100,0%
Ráðgjöf Kaupþings ehf., Reykjavík	100,0%
Sjávarútvegssjóðurinn ehf., Reykjavík	100,0%
Kaupthing Sofi Oyj, Finnlandi	100,0%
Ævisjóðurinn hf., Reykjavík.....	100,0%
Arion, verðbréfavarsla hf., Reykjavík	99,9%
Kaupthing Bank Luxembourg S.A., Lúxemborg	99,9%
Sparisjóður Kaupþings hf., Reykjavík	99,8%
Kaupthing Management Company S.A., Lúxemborg	99,3%
Hávöxtunarfélagið hf., Reykjavík	99,2%
Alpha Venture Capital Fund Management S.A., Lúxemborg	99,0%
JP Nordiska AB, Svíþjóð	85,8%
Kaupthing Bank A/S, Danmörk	75,0%
Alþjóða líftryggingarfélagið hf., Reykjavík	58,0%
Kaupthing Føroyar Virðisbrævameklaraafelag P/F, Færeyjum	51,0%

Hlutdeild minnihluta í afkomu dótturfélaga á árinu er 36 millj. kr. og hlutdeild í eigin fé þeirra í árslok er 1.114 millj. kr.

4. Hlutdeildarfélag eru þau félög þar sem samstæðan hefur áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en hefur ekki yferráð. Samstæðureikningurinn inniheldur hlutdeild samstæðunnar í afkomu hlutdeildarfélaganna frá upphafi áhrifa til loka þeirra. Verði hlutdeild samstæðunnar í tapi hærri en bókfært verð hlutdeildarfélag er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps er hætt nema bankinn hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það.

Ársreikningur Kaupþings banka hf. 2002

Erlendir gjaldmiðlar

- Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok 2002. Rekstrartekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

Ársreikningar erlendra dótturfélaga

- Starfsemi samstæðunnar erlendis er nátengd starfsemi móðurfélagsins. Í samræmi við það eru eignir og skuldir erlendu starfseminnar umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við gengi í lok reikningsársins. Tekjur og gjöld erlendu starfseminnar eru umreiknuð í íslenskar krónur miðað við meðalgengi ársins. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í íslenskar krónur er færður á gengismun í rekstrarreikningi.

Vaxtatekjur og vaxtagjöld

- Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við virka vexti. Vaxtatekjur reiknast af kröfum á aðrar lánastofnanir, útlánnum, markaðsbréfum og afleiðum. Vaxtagjöld reiknast af skuldum við lánastofnanir, innlánnum, lántöku og víkjandi lánnum. Hafi útlán verið meira en þrjá mánuði í vanskilum eða metin í sérstakri tapshættu er hætt að tekjufæra vexti af þeim.

Þjónustutekjur

- Bankinn veitir viðskiptamönnum sínum ýmsa þjónustu og hefur af því tekjur. Undir þjónustutekjur falla meðal annars þóknatekjur af miðlun verðbréfa, eignastýringu og útlánastarfsemi. Þjónustutekjur eru færðar í rekstrarreikning bankans þegar þær verða til.

Tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum

- Undir tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum fellur hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaganna, ásamt arði af hlutabréfum.

Hagnaðarhlutur

- Hagnaðarhlutur er hlutfall hagnaðar og vegins meðaltals fjölda hluta á árinu og sýnir hver hagnaðurinn er á hvern hlut. Hagnaður á árinu nemur 3.075 millj. kr. og vegið meðaltal fjölda hluta var 165 millj. og er nafnverð hvers hlutar tíu krónur.

Útlán

- Útlán eru færð til eignar með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun í árslok. Verðtryggð útlán eru færð miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2003 og gengistryggð lán miðað við gengi viðkomandi gjaldmiðla í árslok 2002.
- Afskriftareikningur útlána er myndaður til að mæta áhættu sem fylgir útlánastarfseminni, en hér er ekki um endanlega afskrift aðræða. Bankinn leggur í þennan reikning með hliðsjón af metinni útlánaáhættu hverju sinni. Annars vegar er um að ræða framlag vegna skuldbindinga lánþega sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar framlag til að mæta almennri útlánaáhættu. Hafi útlán verið metin í sérstakri tapshættu er hætt að tekjufæra vexti af þeim. Afskriftareikningurinn er dreginn frá útlánnum í efnahagsreikningi að undanskildu framlagi vegna veittra ábyrgða sem fært er meðal annarra skulda í efnahagsreikningi.

Markaðsverðbréf og eignarhlutar í félögum

- Verðbréfum í eigu bankans er skipt í veltuverðbréf og fjárfestingarverðbréf. Til fjárfestingarverðbréfa teljast bréf sem tekin hefur verið formleg ákvörðun um að eiga til lengri tíma en eins árs, en önnur bréf eru flokkuð sem veltuverðbréf.

Ársreikningur Kaupþings banka hf. 2002

Fjárfestingarskuldabréf eru færð miðað við ávöxtunarkröfu við kaup. Fjárfestingarhlutabréf eru eignfærð á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði ef það er lægra. Skráð veltuverðbréf eru eignfærð á markaðsverði í árslok. Óskráð veltuskuldabréf eru færð miðað við ávöxtunarkröfu við kaup, en óskráð veltuhlutabréf eru færð á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði ef það er lægra.

Viðskiptavild

14. Í þeim tilvikum sem bankinn hefur keypt eða yfirtekið eignarhluti í dótturfélögum á hærra verði en svarar til hlutdeildar í eigin fé félaganna er mismunurinn eignfærður sem viðskiptavild. Viðskiptavildin er gjaldfærð í rekstrarreikningi á fimm til tíu árum.

Rekstrarfjármunir

15. Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Húseignir	25-50 ár
Húsbúnaður	5 ár
Skrifstofuáhöld og tæki	3-5 ár
Bifreiðar	6 ár

Tekjuskattsskuldbinding

16. Tekjuskattsskuldbinding er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar að teknu tilliti til yfirfæranlegs skattalegs taps. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun á færslu tekna og gjalda í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar.

Víkjandi lán

17. Bankinn hefur gefið út skuldabréf í íslenskum krónum með víkjandi rétti. Bréfin hafa eiginleika eigin fjár að því leyti að þau víkja fyrir öðrum skuldum bankans og teljast til eigin fjár við útreikning á eiginfjárlutfalli, sbr. skýringu 61. Lánin eru færð til skuldar með áföllnum vöxtum og verðbótum í árslok.

Kaupréttarsamningar

18. Kaupréttarsamningar gera starfsmönnum bankans kleift að eignast hlutabréf í honum. Kaupverð jafngildir markaðsverði hlutabréfanna á samningsdegi. Kostnaður bankans er metinn sem mismunur kaupréttargengis og markaðsverðs hlutabréfanna á uppgjörssdegi, að teknu tilliti til áunninna réttinda starfsmanna og er hann gjaldfærður með launum og launatengdum gjöldum í rekstrareikningi.

Handbært fé

19. Til handbærs fjár í sjóðstreymi teljast óbundnar innstæður í Seðlabanka og gjaldkræfar kröfur á aðrar lánastofnanir.

Afleiðusamningar

14. Bankinn hefur veitt viðskiptamönnum sínum víkjandi lán sem sundurliðast þannig:

Víkjandi lán til lánastofnana.....	1.295	1.265	1.470	1.437
Víkjandi lán til annarra viðskiptamanna.....	763	303	541	302
	<u>2.058</u>	<u>1.568</u>	<u>2.011</u>	<u>1.739</u>

Markaðsverðbréf og önnur verðbréf með föstum tekjum

15. Verðbréfaeign bankans skiptist í veltuverðbréf og fjárfestingarverðbréf. Fjárfestingarverðbréf eru þau markaðsverðbréf sem bankinn hefur tekið formlega ákvörðun um að eiga til lengri tíma en eins árs. Fjárfestingarverðbréf eru færð með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun á reikningsskiladegi og við útreikning á áföllnum vöxtum eða afföllum er miðað við upphaflega kaupkröfu. Til veltuverðbréfa teljast öll önnur markaðsverðbréf og eru þau færð á markaðsverði á uppgjörstegi.

16. Veltu- og fjárfestingarverðbréf með föstum tekjum greinast þannig hjá samstæðunni og móðurfélaginu:

	Samstæða		Móðurfélag	
	Markaðsverð	Bókfært verð	Markaðsverð	Bókfært verð
Veltuskuldabréf:				
Skráð í Kauphöll Íslands	17.467	17.467	17.887	17.887
Óskráð skuldabréf		392		392
		<u>17.859</u>		<u>18.279</u>
Fjárfestingarskuldabréf:				
Skráð í Kauphöll Íslands	1.371	1.486	1.371	1.486
Önnur skráð skuldabréf.....	836	858		
		<u>20.203</u>		<u>19.765</u>
				9.745

Markaðsbréf og önnur verðbréf með föstum tekjum greinast þannig eftir útgefendum:

Skuldabréf útgefin af opinberum aðilum	14.332	14.332	14.325	14.325
Skuldabréf útgefin af öðrum		5.871		5.440
		<u>20.203</u>		<u>19.765</u>

Bankinn hefur gert framvirka samninga og skiptasamninga að fjárhæð 6.746 millj. kr. á móti skuldabréfaeign sinni. Samningarnir eru færðir á markaðsverði.

Ársreikningur Búnaðarbanka Íslands hf. 2002

Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum

17. Veltuhlutabréf og hlutdeildarskírteini:

	Samstæða		Móðurfélag	
	Markaðsverð	Bókfært verð	Markaðsverð	Bókfært verð
Skráð í Kauphöll Íslands	8.000	8.000	8.000	8.000
Önnur skráð hlutabréf	478	478	478	478
Önnur óskráð hlutabréf		2.289		2.285
Fjárfestingasjóður Búnaðarbankans hf., ÍS-15	627	627	627	627
Önnur verðbréf.....		426		426
		<u>11.820</u>		<u>11.816</u>

Bankinn hefur gert framvirka samninga og skiptasamninga að fjárhæð 3.589 millj. kr. á móti hlutabréfaeign sinni. Samningarnir eru færðir á markaðsverði.

18. Fjárfestingarverðbréf:

	Samstæða		Móðurfélag	
	Markaðsverð	Bókfært verð	Markaðsverð	Bókfært verð
Hlutabréf skráð í Kauphöll Íslands	5	5	5	5
Óskráð hlutabréf		103		96
		<u>108</u>		<u>101</u>

Fjárfestingarhlutabréf greinast þannig:

	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð
Allianz Ísland hf. söluumboð	17,8%	12	52
Median hf.	5,6%	3	12
Rafræn skráning ehf.	19,5%	7	9
Auðkenni hf.	17,6%	4	15
Sjö önnur félög		11	13
Samtals hjá móðurfélagi			<u>101</u>

Hjá dótturfélögum:

Lánstraust hf.....	6,1%	1	6
Tvö önnur félög.....		0	1
Samtals hjá samstæðu			<u>108</u>

Ársreikningur Búnaðarbanka Íslands hf. 2002

Hlutir í hlutdeildarfyrirtækjum og tengdum fyrirtækjum

19. Hlutir í tengdum félögum samstæðunnar og móðurfélagsins greinast þannig:

	Eignarhlutur	Hagnaðarhlutdeild	Nafnverð	Bókfært verð
Hlutir í fjármálastofnunum:				
Greiðslumiðlun hf.	21,0%	37	84	282
Kreditkort hf.	20,0%	31	100	232
Hlutir í öðrum félögum:				
Reiknistofa bankanna	16,9%	19		198
Tengd fyrirtæki:				
Fjárfestingasjóður Búnaðarbankans hf.	99,0%	-	4	4
Visitölusjóður Búnaðarbankans hf.	99,9%	-	4	4
Verðbréfasjóður Búnaðarbankans hf.	99,0%	-	4	6
		<u>87</u>		<u>726</u>
Hlutir í tengdum félögum móðurfélagsins:				
Rekstrarfélag Verðbréfasjóðs BÍ hf.	100,0%	0	4	5
Urður ehf.	100,0%	1	0	13
Lysing hf.	100,0%	356	101	2.182
Goði ehf.	100,0%	5	0	42
Gen hf.	100,0%	22	4	27
BI Management Company S.A., Luxemburg	100,0%	0	12	20
Bunadarbanki International S.A., Luxemburg	100,0%	3	1,297	1.283
Vesturvík sf.	100,0%	(4)	0	222
		<u>383</u>		<u>3.794</u>
Hlutir í tengdum félögum dótturfélagsins:				
Eik fjárfestingarfélag hf.	100,0%	19	300	319
Intrum á Íslandi ehf.	38,9%	37	39	128
Lánstraust hf.	36,5%	1	36	44
		<u>57</u>		<u>491</u>

Ársreikningur Búnaðarbanka Íslands hf. 2002

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

20. Varanlegir rekstrarfjármunir eru afskrifaðir línulegri afskrift af framreiknuðu stofnverði og byggist afskriftin á áætluðum endingartíma eignanna. Afskriftir í rekstrarreikningi eru færðar á meðalverðlagi.

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir og lóðir	Tölvur, innréttingar og áhöld	Samtals
Samstæða			
Stofnverð í ársbyrjun	3.995	2.295	6.290
Afskrifað áður	(1.146)	(1.110)	(2.256)
Bókfært verð í ársbyrjun	2.849	1.185	4.033
Viðbót á árinu	40	447	487
Selt og niðurlagt	(16)	(29)	(45)
Afskrifað á tímabilinu	(80)	(396)	(476)
Bókfært verð í árslok	2.793	1.207	4.000
Afskriftahlutföll	2 - 4%	10 - 33%	

Auk afskrifta varanlegra rekstrarfjármuna hjá samstæðunni að fjárhæð 476 millj. kr. eru afskrifaðar óefnislegar eignir að fjárhæð 22 millj. kr. Samtals nemur því afskrift ársins 498 millj. kr.

Móðurfélag

Stofnverð í ársbyrjun	3.691	1.939	5.630
Afskrifað áður	(1.110)	(1.049)	(2.158)
Bókfært verð í ársbyrjun	2.581	890	3.471
Viðbót á árinu	16	435	451
Selt og niðurlagt	(4)	(25)	(29)
Afskrifað á tímabilinu	(71)	(309)	(380)
Bókfært verð í árslok	2.522	991	3.513
Afskriftahlutföll	2 - 4%	10 - 33%	

Auk afskrifta varanlegra rekstrarfjármuna hjá móðurfélaginu að fjárhæð 380 millj. kr. eru afskrifaðar óefnislegar eignir að fjárhæð 15 millj. kr. Samtals nemur því afskrift ársins 395 millj. kr.

Fasteignamat og váttryggingamat fasteigna félagsins í árslok greinist þannig:

	Fasteignamat	Váttryggingamat	Bókfært verð
Samstæða	2.174	3.775	2.793
Móðurfélag	1.909	3.352	2.522

Ársreikningur Búnaðarbanka Íslands hf. 2002

Kröfur á og skuldir við hlutdeildarfirmakerki og tengd firmakerki

21. Kröfur á og skuldir við hlutdeildarfirmakerki og tengd firmakerki greinast þannig:

	Samstæða		Móðurfélag	
	Hlutdeildar firmakerki	Tengd firmakerki	Hlutdeildar firmakerki	Tengd firmakerki
Eignaliðir:				
Kröfur á lánastofnanir.....	278	0	278	31.638
Útlán	0	2.026	0	308
	<u>278</u>	<u>2.026</u>	<u>278</u>	<u>31.946</u>
Skuldaliðir:				
Skuldir við lánastofnanir.....	1	0	1	9.230
Innlán	411	0	411	107
	<u>412</u>	<u>0</u>	<u>412</u>	<u>9.337</u>

Eignir og skuldir tengdar erlendum gjaldmiðlum eða verðtryggingu

22. Eignir og skuldir tengdar erlendum gjaldmiðlum greinast þannig:

	Samstæða		Móðurfélag	
	2002	2001	2002	2001
Gengisbundið:				
Gengisbundnar eignir	126.702	96.950	113.971	86.055
Gengisbundnar skuldir	(126.054)	(94.341)	(113.361)	(83.765)
	<u>648</u>	<u>2.609</u>	<u>610</u>	<u>2.290</u>
Verðtryggt:				
Verðtryggðar eignir	74.024	68.474	68.371	61.677
Verðtryggðar skuldir	(63.855)	(52.462)	(58.715)	(48.343)
	<u>10.169</u>	<u>16.012</u>	<u>9.656</u>	<u>13.334</u>

Skuldir við lánastofnanir

23. Skuldir við lánastofnanir greinast þannig:

Skuldir við Seðlabanka	14.207	9.490	14.207	9.490
Aðrar skuldir við lánastofnanir	<u>21.602</u>	<u>11.381</u>	<u>28.196</u>	<u>8.703</u>
	<u>35.809</u>	<u>20.871</u>	<u>42.403</u>	<u>18.193</u>

Aðrar skuldir við lánastofnanir greinast þannig eftir eftirstöðvatíma:

Allt að 3 mánuðir	12.292	3.156	18.886	479
Yfir 3 mánuði og allt að ári	9.195	8.109	9.195	8.109
Yfir 1 ár og allt að 5 árum	115	115	115	115
	<u>21.602</u>	<u>11.380</u>	<u>28.196</u>	<u>8.703</u>

Ársreikningur Búnaðarbanka Íslands hf. 2002

Innlán

24. Bundin og sérstök innlán sundurliðast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:

	Samstæða		Móðurfélag	
	2002	2001	2002	2001
Allt að 3 mánuðir.....	9.294	7.247	6.252	6.131
Yfir 3 mánuði og allt að ári.....	8.718	7.359	8.688	7.351
Yfir 1 ár og allt að 5 árum	9.057	8.673	9.057	8.758
	<u>27.069</u>	<u>23.279</u>	<u>23.997</u>	<u>22.240</u>

Lántaka

25. Lántaka bankans skiptist þannig:

Verðbréfaútgáfa.....	21.757	10.295	19.622	7.175
Lán frá lánastofnunum	70.764	74.548	65.377	64.766
Önnur lántaka	239	433	56	59
	<u>92.760</u>	<u>85.276</u>	<u>85.055</u>	<u>72.000</u>

Aðrar skuldir

26. Ýmsar skuldir greinast þannig:

Reiknaður tekju- og eignarskattur.....	4	0	0	0
Lán vegna fullnustueigna	105	105	105	105
Afskriftareikningur vegna veittra ábyrgða.....	115	77	115	77
Ógreiddur fjármagnstekjuskattur.....	502	704	502	704
Óuppgerðar innheimtukröfur úr IK-kerfi bankans.....	79	55	79	55
Ógreitt hlutafjárloforð vegna Bí Luxemborg	0	0	339	365
Aðrar skuldir.....	251	834	95	390
	<u>1.056</u>	<u>1.775</u>	<u>1.235</u>	<u>1.696</u>

Ársreikningur Búnaðarbanka Íslands hf. 2002

Tekjuskattsskuldbinding

27. Tekjuskattsskuldbinding samstæðunnar nemur 207 millj. kr. og móðurfélagsins 111 millj. kr. í árslok 2002 samkvæmt efnahagsreikningi, en hún stafar af mismun efnahagsliða í skattauppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattsstofn bankans er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil hans. Tekjuskattshlutfallið er 18%.

	Samstæða	Móðurfélag
Breyting skattsskuldbindingarinnar/(inneignarinnar) á árinu greinist þannig:		
Tekjuskattsinneign í ársbyrjun 2002.....	(256)	(274)
Tekjuskattsskuldbinding frá Goða ehf.	4	0
Tekjuskattur vegna ársins 2002.....	462	385
Tekjuskattur til greiðslu 2003	(3)	0
Tekjuskattsskuldbinding í árslok 2002	<u>207</u>	<u>111</u>
Tekjuskattsinneign skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:		
Varanlegir rekstrarfjármunir	181	179
Eignaleigusamningar.....	(54)	0
Gengistryggðar eignir og skuldir.....	148	108
Áhrif af yfirfæranlegu tapi.....	(68)	(176)
	<u>207</u>	<u>111</u>

Bankinn kemur ekki til með að greiða tekjuskatt á árinu 2003 vegna yfirfæranlegs skattalegs taps. Í árslok á bankinn skattalegt yfirfæranlegt tap að fjárhæð 978 millj. kr., en að teknu tilliti til fyrirhugaðrar samsköttunar með dótturfélögum bankans á árinu 2003 er yfirfæranlegt skattalegt tap að fjárhæð 378 millj. kr. Tap þetta má færa á móti tekjum í allt að átta ár frá því það myndaðist.

Víkjandi lán

28. Víkjandi lán samstæðunnar og móðurfélagsins greinast þannig í lok árs:

	Vextir í upphafi	Vextir breytast	Vextir eftir breytingu	Gjalddagi	31.12.02
Lán er teljast til A-hluta eigin fjár:					
Útgefið 2001 í ísl. kr.	8,65%	2011		Án gjalddaga	1.131
Lán er teljast til B-hluta eigin fjár:					
Útgefið 1998 í ísl. kr.	6,00%	2003	7,5%	2008	938
Útgefið 1999 í ísl. kr.	5,50%	2004	7,0%	2009	1.532
Útgefið 2000 í ísl. kr.	6,00%	2005	7,5%	2010	1.259
Útgefið 2000 í ísl. kr.	6,00%	2005	7,5%	2010	231
Útgefið 2001 í ísl. kr.	6,00%	2006	7,5%	2011	67
Útgefið 2002 í ísl. kr.	6,00%	2007	7,5%	2012	837
Útgefið 2002 í evrum				2012	425
					<u>5.289</u>
				Víkjandi lán hjá móðurfélagi samtals	<u>6.420</u>
Víkjandi lán dótturfélaga í ísl. kr.	7,50%			Án gjalddaga	133
				Víkjandi lán hjá samstæðu samtals	<u>6.553</u>

Ársreikningur Búnaðarbanka Íslands hf. 2002

Eigið fé og lögboðin hlutföll

29. Yfirlit um eiginfjárreikninga samstæðunnar:

	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur	Endurmats- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé
Yfirfært frá fyrra ári	5.233	3.546	1.597	349	2.234
Millifærður endurmatsreikningur.....			(1.597)		1.597
Keyptir/seldir eigin hlutir.....	118	369			
Hagnaður ársins					2.288
Úthlutaður arður.....					(542)
	<u>5.351</u>	<u>3.915</u>	<u>0</u>	<u>349</u>	<u>5.577</u>

30. Samkvæmt ákvæðum 54. og 55. gr. laga um viðskiptabanka skal víkjandi lánsfé og eigið fé, eftir að það hefur verið lækkað um bókfært verð eignarhluta í öðrum fjármálafyrirtækjum, ekki nema lægri fjárhæð en sem svarar 8% af skilgreindum áhættugrunni. Hann samanstendur af heildareignum auk veittra ábyrgða og reiknaðra áhættubátta, en að frádrægnum nokkrum stærðum í efnahagsreikningi samkvæmt reglum Fjármálaeftirlitsins. Í lok desember 2002 er eiginfjárhlutfall hjá samstæðu 10,9% og móðurfélagi 12,4%.

Í árslok uppfyllir bankinn lögboðin hlutföll samkvæmt ákvæðum 46., 51. og 53. gr. laga um viðskiptabanka.

Eigið fé og eiginfjárhlutfall samkvæmt ákvæðum laga:

	Samstæða		Móðurfélag	
	31.12.2002	31.12.2001	31.12.2002	31.12.2001
Eiginfjárþáttur A	16.260	14.026	16.250	14.026
Eiginfjárþáttur B	5.422	4.159	5.288	4.159
- frádráttarliðir sbr. 55. gr. laga nr. 113/1996	(515)	(458)	(515)	(458)
	<u>21.167</u>	<u>17.727</u>	<u>21.023</u>	<u>17.727</u>
Áhættugrunnur	<u>193.694</u>	<u>168.110</u>	<u>169.307</u>	<u>150.922</u>
Eiginfjárhlutfall	<u>10,9%</u>	<u>10,5%</u>	<u>12,4%</u>	<u>11,8%</u>

Fjármálasamningar

31. Bankinn hefur á tímabilinu gert framvirka samninga, valréttarsamninga og gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamninga. Framvirku samningarnir fela í sér að bankinn lofar að kaupa eða selja gjaldeyri á tilteknum degi á fyrirfram ákveðnu gengi, en valréttarsamningar veita aðilum rétt til að velja hvort gengið er að fyrirfram ákveðnu verði eða ekki. Vaxta- og gjaldmiðlaskiptasamningar fela í sér skipti á greiðslum með tilliti til þróunar vaxta og gjaldmiðla.

Með gagnvirkum aðgerðum hefur bankinn jafnframt takmarkað áhættu sína vegna framangreindra samninga. Í ársreikningnum hefur verið tekið tillit til áfallins gengismunar og vaxta vegna samninganna. Ígildi útlána þessara samninga mælt samkvæmt reglum um mat á áhættugrunni er í árslok 3.234 millj. kr. hjá samstæðunni en 2.866 millj. kr. hjá móðurfélaginu.

Jafnframt hefur bankinn gengist í ábyrgðir fyrir viðskiptamenn sína og veitt þeim yfirdráttarheimildir.

Ársreikningur Búnaðarbanka Íslands hf. 2002

Ábyrgðir, yfirdráttarheimildir og samningar greinast þannig:

	Samstæða		Móðurfélag	
	31.12.02	31.12.01	31.12.02	31.12.01
Veittar ábyrgðir vegna viðskiptamanna.....	10.657	10.853	9.653	6.998
Ónotaðar yfirdráttarheimildir	9.061	6.922	9.061	6.922
Útlánaígildi afleiðusamninga í áhættugrunni	3.234	1.302	2.866	1.302
Skuldbindingar utan efnahags alls	<u>22.952</u>	<u>19.077</u>	<u>21.580</u>	<u>15.222</u>
Gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamningar:				
Eignir í íslenskum krónum.....	11.305	2.879	11.184	2.849
Eignir í erlendum gjaldmiðlum.....	24.391	18.377	13.458	18.122
Skuldir í íslenskum krónum.....	5.771	12.243	5.771	12.079
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum	29.929	9.250	18.738	9.125
Framvirkir samningar:				
Eignir í íslenskum krónum.....	7.573	4.230	7.573	4.230
Eignir í erlendum gjaldmiðlum.....	15.403	9.428	13.737	9.336
Skuldir í íslenskum krónum.....	21.700	10.038	21.700	10.038
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum	2.304	2.622	619	2.530
Valréttarsamningar:				
Keyptir samningar	25	268	25	268
Seldir samningar	9	98	9	98

32. Bankanum hefur verið stefnt vegna viðskipta eins viðskiptavinar. Ekki eru taldar líkur á að það mál leiði til kostnaðar fyrir bankann.

Laun og launatengd gjöld

33. Laun og tengd gjöld greinast þannig:

	Samstæða		Móðurfélag	
	2002	2001	2002	2001
Laun	2.892	2.439	2.571	2.246
Iðgjöld í lífeyrissjóði	333	289	299	272
Önnur launatengd gjöld	182	157	165	151
	<u>3.407</u>	<u>2.885</u>	<u>3.035</u>	<u>2.669</u>
Starfsmannafjöldi:				
Meðalfjöldi starfsmanna umreiknaður í heilsársstörf	846	804	791	754
Stöðugildi í árslok	821	795	766	747
Þ.a. bankastörf	777	731	722	683

Heildarlaun og þóknarir til bankaráðs og bankastjóra námu 42 millj. kr. fyrir árið 2002.

Bankinn hefur veitt bankaráðsmönnum og varamönnum þeirra lán og nam fjárhæð þeirra 14 millj. kr. í árslok 2002. Lánakjör eru hliðstæð og gerist við sambærilega fyrirgreiðslu til annarra viðskiptamanna bankans.

Ársreikningur Búnaðarbanka Íslands hf. 2002

Kaupréttarsamningar

34. Bankinn hefur veitt starfsmönnum sínum kauprétt á hlutabréfum. Samningsgengi er 4,25 og hefur bankinn þegar gert ráðstafanir til að standa við gerða samninga. Kostnaður við þær ráðstafanir er gjaldfærður í reikningum bankans. Kaupréttur ávinnst á tímabilinu 2001-2006 og er nýtanlegur á árunum 2002-2008. Kaupréttir starfsmanna í lok tímabilsins nema samtals 244 millj. kr. að nafnverði. Áunnir ónýttir kaupréttir þann 31. desember 2002 voru 54 millj. kr. að nafnverði.

Sundurliðanir

35. Vaxtagjöld af lántöku

	Samstæða		Móðurfélag	
	2002	2001	2002	2001
Verðbréfaútgáfa.....	1.972	2.047	1.732	1.959
Lán frá lánastofnunum	2.115	2.524	1.539	2.359
Önnur lántaka	18	15	5	8
	<u>4.105</u>	<u>4.586</u>	<u>3.276</u>	<u>4.326</u>

36. Hreinar þóknunartekjur

Ábyrgðarþóknun.....	100	82	92	82
Aðrar þóknunartekjur.....	3.408	2.627	3.229	2.560
Þóknunargjöld	(397)	(350)	(344)	(337)
	<u>3.111</u>	<u>2.359</u>	<u>2.977</u>	<u>2.305</u>

37. Gengismunur af annarri fjármálastarfsemi

Gengishagnaður / tap af veltuskuldabréfum	470	(2)	470	(2)
Gengishagnaður / tap af veltuhlutabréfum.....	1.040	(549)	1.040	(549)
Gengishagnaður / tap af gjaldeyrisviðskiptum	218	(116)	146	(110)
	<u>1.728</u>	<u>(667)</u>	<u>1.656</u>	<u>(661)</u>

38. Í árslok var bankinn ásamt dótturfélögum með um 50.000 millj. kr. í fjárvörslu.

Ársreikningur Búnaðarbanka Íslands hf. 2002

39. Yfirlit um rekstur bankans eftir ársfjórðungum:

	Árið 2002				Árið 2001
	4. árs- fjórðungur	3. árs- fjórðungur	2. árs- fjórðungur	1. árs- fjórðungur	4. árs- fjórðungur
Vaxtatekjur	4.472	4.273	4.707	4.744	5.031
Vaxtagjöld	(2.800)	(2.667)	(3.126)	(3.180)	(3.372)
Hreinar vaxtatekjur	<u>1.672</u>	<u>1.606</u>	<u>1.581</u>	<u>1.564</u>	<u>1.659</u>
Aðrar rekstrartekjur:					
Tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum	63	27	28	7	10
Hreinar þóknunartekjur	827	758	944	582	658
Gengishagnaður (-tap) af annarri fjármálastarfsemi	689	274	(123)	888	350
Ymsar rekstrartekjur	34	26	26	29	29
	<u>1.613</u>	<u>1.085</u>	<u>875</u>	<u>1.506</u>	<u>1.047</u>
Hreinar rekstrartekjur	3.285	2.691	2.456	3.070	2.706
Önnur rekstrargjöld:					
Laun og launatengd gjöld	933	777	851	846	812
Annar almennur rekstrarkostnaður	719	607	628	638	662
Afskriftir rekstrarfjármuna	127	126	124	121	119
Ymis rekstrargjöld	11	7	11	9	15
	<u>1.790</u>	<u>1.517</u>	<u>1.614</u>	<u>1.614</u>	<u>1.608</u>
Framlag í útskriftarreikning útlána	<u>769</u>	<u>674</u>	<u>349</u>	<u>420</u>	<u>394</u>
Hagnaður fyrir skatta	726	500	493	1.036	704
Reiknaður tekjuskattur	(119)	(76)	(78)	(189)	155
Eignarskattur	<u>(4)</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>(1)</u>	<u>(3)</u>
Hagnaður tímabilsins	<u>603</u>	<u>424</u>	<u>415</u>	<u>846</u>	<u>856</u>

Samrunaáætlun Kaupþings banka hf. og Búnaðarbanka Íslands hf.

Samrunaáætlun

í tilefni af fyrirhuguðum samruna Búnaðarbanka Íslands hf. við Kaupþing banka hf.

Bankaráð Búnaðarbanka Íslands hf., kt. 490169-1219, Austurstræti 5, og stjórn Kaupþings banka hf., kt. 560882-0419, Ármúla 13 (sameiginlega nefndir bankarnir) gera í dag svohljóðandi áætlun um sameiningu bankanna.

1. gr.

Bankaráð Búnaðarbanka Íslands hf. og stjórn Kaupþings banka hf. eru sammála um að sameina bankana undir nafni Kaupþings Búnaðarbanka hf., með þeim hætti að Búnaðarbanki Íslands hf. er sameinaður Kaupþingi banka hf. með yfirtöku eigna og skulda á grundvelli XIV. kafla laga um hlutafélög, nr. 2/1995 (samruni með yfirtöku), sbr. einnig XII. kafli laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Samþykktir Kaupþings banka hf. skulu gilda um Kaupþing Búnaðarbanka hf., en þó að teknu tilliti til breytinga á samþykktum samkvæmt 8. gr. hér á eftir. Sameiningin skal miðast við 1. janúar 2003.

2. gr.

Heimilisfang bankans verður að Austurstræti 5, 101 Reykjavík.

3. gr.

Hluthafar í Kaupþingi banka hf. munu eignast um 51,77% hlut í sameinuðum banka en hluthafar í Búnaðarbanka Íslands hf. um 48,23%. Af þessu leiðir að við samrunann fá hluthafar Búnaðarbanka Íslands hf. hluti í Kaupþingi banka hf. í skiptum fyrir hluti sína. Fyrir hvern hlut í Búnaðarbanka Íslands hf. að nafnverði kr. 1.00 fá hluthafar 0,0369863 hluti í Kaupþingi banka hf., sem svarar til 0,369863 krónu hlutafjár að nafnverði. Hlutafjäreign þeirra hluthafa í Búnaðarbanka Íslands hf. sem eignast hluti í Kaupþingi banka hf. að nafnverði sem ekki stendur á heilum tug hækkar upp að næsta tug fyrir ofan, þannig að allt að 9 krónur nafnverðs geta bæst við hvern hlut. Við ákvörðun á skiptihlutfalli hefur markaðsverð á hlutbréfum í báðum bönkunum verið haft til hliðsjónar auk fjárhagslegrar stöðu, afkomu, markaðsstöðu og framtíðarhorfa. Þá hefur verið litið til ársreikninga bankanna og annarra upplýsinga um rekstur þeirra og fjárhagsstöðu.

Samningsaðilar eru sammála um fram fari áreiðanleikakönnun á bönkunum í kjölfar undirritunar þessarar samrunaáætlunar. Áreiðanleikakönnunin skal unnin með samræmdum hætti hjá báðum bönkum, af hæfum aðilum sem báðir bankarnir samþykkja að fá til verksins, sem skal m.a. taka til eigna og skulda bankanna og samninga utan efnahags. Stefnt skal að því að niðurstaða áreiðanleikakönnunar liggja fyrir eigi síðar en 28. apríl 2003.

4. gr.

Þeir hlutir sem hluthafar Búnaðarbanka Íslands hf. fá í Kaupþingi banka hf., sem gagngjald fyrir hluti sína, skulu veita rétt til arðs frá þeim degi sem ákvörðun er tekin á hluthafafundi í Kaupþingi banka hf. um hækkun hlutafjár samkvæmt 3. gr., sem og öll sömu réttindi og aðrir hluthafar í Kaupþingi banka hf. Þetta felur í sér að engar breytingar verða á útgreiðslu arðs til hluthafa sem ákveðnar voru á aðalfundum Kaupþings banka hf. 12. mars og Búnaðarbanka Íslands hf., 22. mars vegna rekstrarársins 2002. Hins vegar gengur arður vegna rekstrarársins 2003 til hluthafa hins sameinaða banka Kaupþings Búnaðarbanka hf. Óskað verður eftir útgáfu rafrænna hluta og skráningu í hlutaskrá hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. strax og samruninn hefur verið samþykktur í báðum bönkunum og nauðsynleg hækkun hlutafjár í Kaupþingi banka hf. hefur farið fram.

5. gr.

Réttindum og skyldum Búnaðarbanka Íslands hf. skal reikningslega teljast lokið á samrunadegi, 1. janúar 2003. Frá þeim degi tekur Kaupþing banki hf. við öllum réttindum og skyldum vegna Búnaðarbanka Íslands hf.

6. gr.

Ársreikningar beggja bankanna síðastliðin þrjú ár hafa legið fyrir auk ýmissa annarra upplýsinga um rekstur og efnahag þeirra. Áreiðanleikakönnun var gerð á Búnaðarbanka Íslands hf. vegna sölu íslenska ríkisins á kjölfestuhlut sínum í

Samrunaáætlun Kaupþings banka hf. og Búnaðarbanka Íslands hf.

bankanum í lok árs 2002. Þá var gerð athugun á Kaupþingi banka hf. vegna yfirtöku á sænska bankanum JP Nordiska AB. Kaupþing banki hf. hefur einnig gefið út útboðs- og skráningarlýsingar, dags. 22. október og 18. desember 2002, vegna yfirtökutilboðsins og skráningarlýsinga, dags. 21. mars 2003, vegna skráningar hlutafjárhækkunar í tengslum við kaup á hlutum í JP Nordiska AB og samruna við Hlutabréfasjóðinn Auðlind hf. Endurskoðendur bankanna hafa yfirlit framangreind gögn og að mati þeirra gefa fyrirliggjandi upplýsingar greinargóða mynd af rekstri og fjárhagsstöðu bankanna.

7. gr.

Hvorki hluthafar, stjórnendur, lánardrottnar né aðrir skulu njóta sérstakra réttinda eða hlunninda umfram aðra við þennan samruna. Ekki verða gerðar neinar ráðstafanir í tengslum við samrunann til hagsbóta eigendum bankanna, stjórnendum, lánardrottnum eða öðrum.

8. gr.

Samþykktir Kaupþings banka hf. skulu gilda um Kaupþing Búnaðarbanka hf. með þeim breytingum, að heiti bankans samkvæmt 1. gr. verður Kaupþing Búnaðarbanki hf. og heimilsfang samkvæmt 2. gr. verður Austurstræti 5, 101 Reykjavík. Jafnframt skal hlutafé Kaupþings banka hf. samkv. 1. mgr. 4. gr. samþykktanna hækkað um allt að 200.425.000 hluti svo hægt verði að greiða hluthöfum Búnaðarbanka Íslands hf. með nýjum hlutum í Kaupþingi banka hf. Þá skal stjórnarmönnum samkv. 1. mgr. 19. gr. samþykktanna fjölgað úr sjö í níu, og varamönnum fjölgað með sama hætti.

9. gr.

Það er forsenda fyrir samruna samkvæmt þessari samrunaáætlun að hluthafafundur í samrunabönkunum samþykki samrunann með auknum lögbundnum meirihluta í samræmi við ákvæði laga.

Það er jafnframt skilyrði fyrir samruna þessum að Fjármálaeftirlitið staðfesti hann fyrir sitt leyti, sbr. 101. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Formlegur samruni bankanna skal ekki fara fram fyrr en tímafrestir Samkeppnisráðs samkvæmt 18. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 eru liðnir, eða fyrir liggur niðurstaða Samkeppnisráðs um að ógilda ekki samrunann.

Til staðfestu þessarar samrunaáætlunar ritar stjórn Kaupþings banka hf. annars vegar og bankaráð Búnaðarbanka Íslands hf. hins vegar undir áætlun þessa.

Reykjavík, 12. apríl 2003

Stjórn Kaupþings banka hf.

Bankaráð Búnaðarbanka Íslands hf.

Samrunaáætlun Kaupþings banka hf. og Búnaðarbanka Íslands hf.

Greinargerð félagsstjórna Kaupþings banka hf., og Búnaðarbanka Íslands hf., sbr. 121. gr. laga nr. 2/1995, sbr. einnig ákvæði XII. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Fyrir liggur sameiginleg áætlun stjórna bankanna um samruna þeirra og miðast samruninn við 1. janúar 2003. Hlutabréf beggja bankanna eru skráð í Kauphöll Íslands og hafa verið það frá nóvember 2000, en auk þess eru hlutabréf útgefin af Kaupþingi banka hf. skráð í Stockholmsbörsen frá því í desember 2002.

Við ákvörðun á skiptihlutfalli hefur markaðsverð á hlutbréfum í báðum bönkunum verið haft til hliðsjónar auk fjárhagslegrar stöðu, afkomu, markaðsstöðu og framtíðarhorfa. Þá hefur verið litið til ársreikninga bankanna og annarra upplýsinga um rekstur þeirra og fjárhagsstöðu. Í árslok 2002 var bókfært eigið fé Búnaðarbankans 15.192 millj. kr. og Kaupþings banka 18.322 millj. kr. Þá var hagnaður Búnaðarbankans á árinu 2002 2.288 millj. kr. og hagnaður Kaupþings banka 3.075 millj. kr. Það er mat stjórna bankanna að engar þær breytingar hafi átt sér stað á rekstri og efnahag bankanna frá því framangreindar upplýsingar voru gefnar út er geti haft áhrif á mat á bönkunum og hlutabréfum þeirra.

Markmiðið með sameiningunni er að starfrækja öflugt fjármálafyrirtæki sem getur veitt viðskiptavinum víðtæka og samkeppnishæfa fjármálaþjónustu hér á landi sem og á alþjóðlegum mörkuðum. Það er mat stjórna bankanna að samruni þeirra sé mikilvægur til að mæta þeirri þróun sem orðið hefur á innlendum og erlendum fjármálamörkuðum undanfarin ár.

Það er jafnframt mat stjórna bankanna að samruninn eigi að geta skilað hluthöfum aukinni arðsemi og auknum tækifærum til frekari vaxtar. Stærð, umfang og þjónustugeta hins sameinaða banka skapar tækifæri til þess að laða að enn frekari viðskipti en þau sem bankarnir tveir hafa í dag. Búnaðarbanki Íslands hf. nýtur mikils trausts á innlendum bankamarkaði og Kaupþing banki hf. hefur verið umsvifamikill í fjárfestingabankastarfsemi hér á landi auk þess sem bankinn er nú þegar með mikla starfsemi erlendis.

Samanlagt markaðsverðmæti bankanna er 61,7 milljarðar króna miðað við lokaverð í viðskiptum með hlutabréf 28. mars 2003. Samanlagt eigið fé bankanna miðað við síðustu áramót er 33,5 milljarðar króna og heildareignir um 432 milljarðar króna. Samtals skiluðu bankarnir um 5,4 milljarða króna hagnaði á síðasta ári.

Í eftirfarandi töflu eru lykiltölur úr ársreikningi 2002

	Kaupþing	Búnaðarbankinn	Samtals
Hreinar rekstrartekjur	9.910	11.502	21.412
Önnur rekstrargjöld	5.951	6.535	12.486
Hagnaður fyrir skatta	3.377	2.755	6.132
Hagnaður ársins	3.075	2.288	5.363
Rekstrargjöld/rekstrartekjur	60,0%	56,8%	58,3%
Arðsemi eigin fjár	32,4%	18,2%	24,3%
Sjóður, ríkisvixlar og kröfur á lánastofnanir	20.494	19.427	39.921
Útlán	82.453	186.880	269.333
Markaðsverðbréfi og eignarhlutir	72.494	33.348	105.842
Aðrar eignir.....	12.562	6.290	18.852
Eigið fé.....	18.322	15.192	33.514
Heildareignir.....	188.003	245.945	433.948

Sameinaður banki verður fær um að veita alhliða fjármálaþjónustu jafnframt því sem dregið verður úr fjármagnskostnaði og náð fram verulegri hagræðingu á einstökum þáttum starfseminnar.

Lagt verður til að stjórn sameinaðs banka skipi 9 menn. Stjórnir bankanna gera það að tillögu sinni að Sigurður Einarsson núverandi stjórnarformaður Kaupþings banka hf. verði starfandi stjórnarformaður hins sameinaða banka, Hjörleifur Jakobsson verði varaformaður stjórnar og Hreiðar Már Sigurðsson og Sólon R. Sigurðsson verði forstjórar hins sameinaða banka.

Með greinargerð þessari fylgir upphafsefnahagsreikningur sem miðast við 1. janúar 2003 sem sýnir allar eignir og skuldir í hinum sameinaða banka.

Reykjavík, 12. apríl 2003

Stjórn Kaupþings banka hf

Bankaráð Búnaðarbanka Íslands hf.

Yfirlýsing matsmanna

Stjórnir eftirtalinna banka

Kaupþings banka hf.
Ármúla 13 og
Búnaðarbanka Íslands hf.
Austurstræti 5.

Við höfum kannað samrunaáætlun bankanna sem miðuð er við 1. janúar 2003 og dagsett er 12. apríl 2003 og undirrituð af stjórnnum beggja bankanna og viljum í því sambandi taka fram eftirfarandi:

Með vísan til 4. mgr. 122. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og XII. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki teljum við að að samruni bankanna komi ekki til með að rýra á nokkurn hátt möguleika lánardrottna á fullnustu krafna sinna í hinum sameinaða banka.

Reykjavík, 12. apríl 2003.

KPMG Endurskoðun hf.

Deloitte & Touche

Samrunaáætlun Kaupþings banka hf. og Búnaðarbanka Íslands hf.

Samrunaefnahagsreikningur 1. janúar 2003
Áritun bankaráðs Búnaðarbanka Íslands hf. og stjórnar Kaupþings banka hf.

Samrunaefnahagsreikningur Búnaðarbanka Íslands hf. og Kaupþings banka hf. er gerður í samræmi við ákvæði XIV. kafla laga nr. 2/1995. Efnahagsreikningurinn er gerður í samræmi við lög nr. 144/1994 um ársreikninga og eru einstaka liðir efnahagsreiknings á yfirtökudegi lagðir saman á bókfærðu verði. Vegna samrunans fá hluthafar í Búnaðarbankanum eingöngu hlutabréf í Kaupþingi banka í skiptum fyrir hlutabréf sín í Búnaðarbankanum

Bankaráð Búnaðarbanka Íslands hf. og stjórn Kaupþings banka hf. staðfesta hér með samrunaefnahagsreikning fyrir bankana en samruninn miðast við 1. janúar 2003.

Reykjavík, 12. apríl 2003.

Bankaráð Búnaðarbanka Íslands hf

Stjórn Kaupþings banka hf.

Samrunaefnahagsreikningur 1. janúar 2003
Áritun endurskoðenda

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samrunaefnahagsreikning Búnaðarbanka Íslands hf. og Kaupþings banka hf. en hann er byggður á endurskoðuðum ársreikningum bankanna fyrir árið 2002 og ákvörðun bankaráðs og stjórnar bankanna um samruna þeirra.

Það er álit okkar, með vísan til 122. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög að efnahagsreikningurinn gefi glögga mynd af eignum og skuldum beggja bankanna, þeim breytingum sem samruninn hefur í för með sér og efnahagsreikningi bankans eftir samrunann.

Reykjavík, 12. apríl 2003.

KPMG Endurskoðun hf.

Deloitte & Touche

Samrunaefnahagsreikningur 1. janúar 2003

Eignir

Sjóður, ríkisvixlar og kröfur á lánastofnanir:

Sjóður og óbundnar innstæður í Seðlabanka	763
Ríkisvixlar endurseljanlegir í Seðlabanka	802
Bundnar kröfur á Seðlabanka	5.832
Kröfur á aðrar lánastofnanir	31.122
	<u>38.519</u>

Útlán:

Útlán til viðskiptamanna	250.278
Eignarleigusamningar	17.025
Fullnustueignir	2.030
	<u>269.333</u>

Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum:

Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	69.298
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum	32.882
Hlutir í hlutdeildarfélögum	2.629
Hlutir í tengdum félögum	899
	<u>105.708</u>

Aðrar eignir:

Óefnislegar eignir	3.002
Rekstrarfjármunir	5.377
Ýmsar eignir	6.223
Áfallnar tekjur	4.250
	<u>18.852</u>

Eignir samtals

432.412

Samrunaefnahagsreikningur 1. janúar 2003
Skuldir og eigið fé

Skuldir við lánastofnanir	109.865
Innlán:	
Óbundin innlán	80.270
Bundin innlán	83.781
Sérstök innlán	519
	<u>164.570</u>
Lántaka	102.029
Aðrar skuldir:	
Ýmsar skuldir	5.925
Áfallin gjöld	4.109
	<u>10.034</u>
Tekjuskattsskuldbinding	411
Víkjandi lán	11.010
Hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaga	1.114
Eigið fé:	
Hlutafé	4.092
Áfallinn gengismunur kaupréttar	120
Yfirverðsreikningur	17.508
Óráðstafað eigið fé	11.659
Eigið fé samtals	<u>33.379</u>
Skuldir og eigið fé samtals	<u>432.412</u>

Upplýsingar um A- og O-lista kauphallarinnar í Stokkhólmi

Allt þegar útgefið hlutafé Kaupþings Búnaðarbanka hf. er skráð opinberri skráningu á Aðallista Kauphallar Íslands hf. Allt útgefið hlutafé er einnig skráð á O-lista hjá Stockholmsbörsen, sem er kauphöllin í Svíþjóð og jafnframt stærsta kauphöllin á Norðurlöndum. Kauphöllin í Stokkhólmi skiptir skráðum félögum á tvo lista, A-lista og O-lista. Bréf á A-lista eru skráð opinberri skráningu í kauphöllinni í Stokkhólmi. Að stofni til eru sömu kröfur gerðar til fyrirtækja á O-lista og A-lista en á einhverjum sviðum eru þó gerðar meiri kröfur til þeirra sem skráð eru á A-lista.

A-listi

Rekstrarsaga

Félagið skal sýna fram á að minnsta kosti þriggja ára rekstrarsögu, en með því er átt við að núverandi starfsemi þarf að hafa farið fram í öllum meginatriðum í þrjú ár. Því til sönnunar verður félagið að geta lagt fram efnahags- og rekstrarreikninga fyrir þau ár.

Meginreglan er að félagið leggi fram fullgerða ársreikninga þriggja síðustu reikningsára hið minnsta. Til að fá undantekningu frá þessari reglu þarf félagið að leggja fram rekstrarsögu í formi pro forma reikninga sem greinilega endurspeglar þróun viðskipta. Forsenda slíkrar undanþágu er að uppruni félagsins sé úr stöðugu og öruggu viðskiptaumhverfi og getur þá til að mynda verið um að ræða félag sem stofnað hefur verið af kauphallarskráðu félagi eða félag sem myndað hefur verið með sameiningu tveggja eða fleiri kauphallarskráðra félaga. Slíkt félag þarf við eðlilegar kringumstæður að geta framvísað fullgerðri ársskýrslu fyrir nýliðið reikningsár. Félag sem stofnað hefur verið af kauphallarskráðu félagi skal hafa stundað viðskipti sem sjálfstætt félag á nýliðnu reikningsári.

Félagið skal sýna fram á arðsemi sína í skráðum gögnum.

Þetta þýðir að félagið skuli framvísa gögnum um að starfsemi þess skili hagnaði. Reikningar skulu bæði sýna fram á hagnað félagsins og að arðsemi fyrri ára sé í samræmi við meðalarðsemi þess atvinnugeira sem félagið tilheyrir. Meginreglan er að sýnt sé fram á hagnað á nýliðnu reikningsári félagsins.

Forsvarsmenn og upplýsingagjöf

Með skráningu í kauphöll gangast yfirmenn félagsins og kjörin stjórn þess undir strangar kröfur um að uppfylla þær reglur og tilskipanir sem fylgja skráningunni.

Félagið skal uppfylla almennar kauphallarkröfur um yfirstjórn, samsetningu stjórnar, fjárhagseftirlit og getu til að veita verðbréfamarkaði upplýsingar við hæfi.

Tilgangur þessara krafna er að tryggja að félaginu sé

stjórnað á faglegan hátt, sem þýðir meðal annars að yfirmenn og kjörin stjórn geti stýrt rekstri þess eins og kveðið er á um í sænskum fyrirtækjalögum og uppfyllt kröfur til kauphallarskráðra félaga. Í slíku felst að sjá til þess að allar kröfur fyrirtækjalaga um jafnræði hluthafa séu virtar og að ákvæðum skráningarsamnings sé fylgt.

Áður en kemur að skráningu félags í kauphöll er almennt hæfi yfirmanna þess og kjörinnar stjórnar metið. Starfsferlar eru skoðaðir með tilliti til fyrri athafna sem skert gætu traust verðbréfamarkaðarins gagnvart félaginu.

Samsetning kjörinnar stjórnar

Til að tryggja jafnræði hluthafa, skal velja í stjórn aðila sem eru óháðir stærstu hluthöfum félagsins. Meginreglan er að í stjórn skuli sitja tveir óháðir aðilar hið minnsta, þar af einn sem hefur reynslu af kröfum sem gerðar eru til kauphallarskráðs félags. Stór hluthafi telst sá sem á eða stýrir meira en 10% hlutabréfa eða atkvæðaréttar.

Áríðandi er að stjórnin sé nægilega óháð helstu stjórnendum félagsins, svo hún geti haft eftirlit með yfirstjórn félagsins. Því skal meirihluti stjórnarmanna (fulltrúar starfsmanna ekki meðtaldir) ekki hafa slík viðskiptatengsl við félagið að þau gefi ástæðu til að efast um sjálfstæði þeirra gagnvart yfirstjórn. Þetta sjálfstæði mætti draga í efa ef stjórnarmaður er starfsmaður félagsins eða er eigandi, stór hluthafi eða stjórnarmaður félags sem er í meiriháttar viðskiptatengslum við félagið sem birgir, viðskiptavinur, ráðgjafi eða annað.

Í stjórninni ættu ekki að sitja aðrir úr yfirstjórn en framkvæmdastjóri.

Fjárhagskerfi

Hágæða fjárhagsyfirlitskerfi (e Financial Control System) og bókhaldskerfi eru lykilforsendur þess að yfirstjórn og kjörin stjórn geti haldið uppi stöðugu eftirliti með fjárhagsþróun fyrirtækisins. Fjárhagsyfirlitskerfi skal vera þannig uppbyggt að yfirstjórn og kjörin stjórn fái í hendur nauðsynleg gögn til ákvarðanatöku. Kerfið þarf að geta tryggt skilvirka og tíða skýrslugjöf, yfirleitt mánaðarlega.

Til að uppfylla skráningarkröfur þarf fjárhagsyfirlitskerfi að geta greitt fyrir því að hægt sé að leggja fram áreiðanlega árs- og árshlutareikninga á sem stystum tíma. Einnig þarf félagið að hafa yfir að ráða nauðsynlegum mannafla til að greiningar svo veita megi upplýsingar um t.d. arðemisstig félagsins í takt við þarfir markaðarins. Utanaðkomandi ráðgjöf við fjárhagsyfirlitskerfi er hugsanleg, en einungis ef fyrir liggur langtímasamningur sem tryggir að sömu einstaklingar komi að vinnunni eftir því sem sanngjarnt er að ætlast til. Það er þó á ábyrgð félagsins að tryggja öruggt fjárhagsyfirlitskerfi. Kerfi sem í meginatriðum er byggt á utanaðkomandi aðilum er ekki viðunandi.

Upplýsingar um A- og O-lista kauphallarinnar í Stokkhólmi

Reikningar skulu gerði í samræmi við almennar reiknings-skilavenjur samkvæmt tilmælum sænska reikningsskilaráðsins.

Upplýsingagjöf til markaðarins

Skráning í kauphöll hefur í för með sér miklar breytingar fyrir flest þau fyrirtæki sem ekki hafa fyrri reynslu í þeim efnum. Því er áriðandi að einn stjórnarmaður hið minnsta búi yfir hæfilegri reynslu af þeim málefnum sem tengjast skráningu.

Skráning í kauphöll gerir miklar kröfur til yfirstjórnar fyrirtækisins, einkum til að byrja með. Til að létta vinnuálagi af forstjóra, ætti að minnsta kosti einn aðili til viðbótar að hafa umboð til að tala fyrir hönd fyrirtækisins. Ef félagið hefur ekki á að skipa upplýsingafulltrúa gætu slík verkefni fallið á til dæmis fjármálastjóra og skal sá aðili hafa til að bera þá hæfileika sem til þarf. Utanadkomandi aðstoð gæti greitt fyrir í þessum efnum, aðallega varðandi það hvernig veita skuli upplýsingar til almennings, en ekki er viðunandi að byggja í meginatriðum á hæfni starfsmanns sem er ráðinn tímabundið.

Einnig er áriðandi, þegar að skráningu kemur, að félagið búi yfir fullnægjandi kerfi til að tryggja skjóta miðlun upplýsinga út á hlutabréfamarkaðinn.

Þjálfun stjórnarmanna, yfirmanna og endurskoðenda

Þegar umsókn félags til skráningar í kauphöll er metin þurfa formaður stjórnar, a.m.k. tveir stjórnarmenn óháðir stærstu hluthöfum, fjármálastjóri, upplýsingafulltrúi og endurskoðendur sem kosnir eru á aðalfundi, að gangast undir þjálfun á vegum kauphallarinnar í tengslum við skráningarsamninginn, skráningarkröfur og reglur um innherjavíðskipti.

Skráningarlýsing

Félag sem sækir um skráningu á A-lista þarf það að gera skráningarlýsingu sem síðan er formlega samþykkt af sænsku kauphöllinni áður en hún er birt opinberlega. Skráningarlýsing þarf að vera í samræmi við sænsku félagalögin nr. 1385/1975, tilmæli iðnaðar- og viðskiptanefndar sænsku kauphallarinnar umundirbúningu skráningarlýsingar (1999) og reglugerðir sænska Fjármálaeftirlitsins (FFFS 1995:21) um skráningarlýsingar.

Félag sem skráð hefur verið á O-lista í tvö ár þarf ekki að gera skráningarlýsingu í tengslum við flutning á A-lista.

Eignaraðild, seljanleiki og markaðsverðmæti

Félagið þarf að hafa a.m.k. 2.000 hluthafa sem hver um sig á hluti sem samsvara a.m.k. einni viðskiptalotu. Viðskiptalota er skilgreind sem sá fjöldi hluta sem nema um það bil 20.000 sænskum krónum að markaðsverðmæti.

Tilgangur krafna um breiða eignaraðild er að tryggja nægilegt viðskiptamagn með bréfin sem stuðlar að seljanleika þeirra. Ef fjöldi hluthafa minnkar eftir skráningu verður tekið til athugunar að afskrá bréfin úrkauphöllinni eða flytja það á O-lista. Áður en slík ákvörðun er tekin fara fram viðræður milli kauphallar og félags. Ákvörðun kauphallarinnar er m.a. byggð á fjölda viðskipta með bréfin. Viðskiptalota er ávallt talin í heilum hundruðum, þ.e. 100, 200 eða 500.

Sú krafa er gerð við skráningu viðbótarhlutabréfaflokka við meginflokk hlutabréfa félagsins (sbr. til dæmis A- og B-flokka bréf) að hæfileg viðskipti séu möguleg, eða í framkvæmd að ekki séu færri en 500 eigendur hlutafjár í undirflokk og að hver hluthafi eigi hlutabréf að virði a.m.k. 10.000 sænskra króna.

A.m.k. 25% hlutafjár félagsins og 10% atkvæðisréttar þess skulu vera í höndum almennra hluthaf. Almennur hluthafi er skilgreindur sem sá sem beint eða óbeint á minna en 10% af hlutafé eða atkvæðarétti félagsins.

Þessar kröfur eru algildar. Geti félagið ekki sýnt fram á að krafa verði uppfyllt innan ásættanlegs tíma, verður afskráning tekin til athugunar. Leiðbeiningar um hvernig reikna skuli saman hlutabréf í eigu almennra hluthafa má finna í tilmælum iðnaðar- og viðskiptanefndar sænsku kauphallarinnar um upplýsingaskyldu vegna kaupa hlutabréfa, framsals, o.s.frv. (1994).

Á upphafsdegi skráningar skal markaðsverðmæti félagsins vera að fjárhæð a.m.k. 300 milljóna sænskra króna.

Þessi krafa á við á skráningardegi. Verðfall eftir skráningu mun ekki leiða til mögulegrar afskráningar eða flutnings, svo fremi að öllum kröfum hafi verið fullnægt.

Samþykki skráningar

Í undantekningartilvikum getur verið að félag sem hefur sótt um skráningu sé ekki talið hæft til skráningar, jafnvel þó það uppfylli allar framangreindar kröfur.

Kauphöllin hefur rétt á að hafna umsókn um skráningu ef sú niðurstaða fæst að slík skráning myndi skaða verulega traust gagnvart kauphöllinni eða verðbréfamarkaðinum.

Upplýsingar um A- og O-lista kauphallarinnar í Stokkhólmi

O-listi

Rekstrarsaga og kröfur til forsvarsmanna

Félag sem ekki hefur gögn um arðsemi þarf að sýna í skráningarlýsingu fram á að það hafi yfir að ráða fjármagni sem krafist er til fyrirhugaðs rekstrar næstu 12 mánaða hið minnsta.

Félög sem ekki geta sýnt fram á fjárhagslega sögu gangast undir strangar kröfur um gæði og magn upplýsinga í skráningarlýsingunni sem ekki tengjast fjárhagslegum málefnum beint og er það gert til að tryggja að fjárfestar geti að vel ígrunduðu máli komist að rökstuddri niðurstöðu um félagið og rekstur þess. Það er sérstaklega mikilvægt að í skráningarlýsingunni séu skýrar upplýsingar um hvenær áætlað er að félagið skili hagnaði og hvernig eigi að fjármagna reksturinn fram að þeim tíma.

Félagið skal og uppfylla almennar kauphallarkröfur um yfirstjórn, samsetningu kjörinnar stjórnar, fjárhagseftirlit og getu til að miðla upplýsingum til verðbréfamarkaðarins.

Félag sem sækir um skráningu á O-lista getur verið nýstofnað eða hafa áður starfað sem lítið fyrirtæki. Skráning í kauphöll leiðir af sér auknar kröfur sem gjarnan hefur í för með sér þörf fyrir sterkari stjórn og öflugri fjárhagsyfirlitskerfi. Meginreglan er að hið nýja félag hafi verið rekið í a.m.k. þrjú mánuði og hafi skilað a.m.k. einni árs hlutaskýrslu. Í einstaka tilfellum geta skráningarkröfur mótast af áhættustigi félagsins, þannig að meiri kröfur eru gerðar til félaga sem enn hafa ekki sýnt fram á arðbæra starfsemi.

Að öðru leyti gilda reglur um skráningu á A-lista.

Eignaraðild

Félagið þarf að hafa a.m.k. 500 hluthafa sem hver um sig á hluti sem samsvara a.m.k. einni viðskiptalotu. Viðskiptalota er skilgreind sem sá fjöldi hluta sem nema um það bil 10.000 sænskum krónum að markaðsverðmæti.

Tilgangur krafna um breiða eignaraðild er að tryggja nægilegt viðskiptamagn með bréfin sem stuðlar að seljanleika þeirra. Ef fjöldi hluthafa minnkar eftir skráningu verður afskráningtekin til athugunar. Áður en slík ákvörðun er tekin fara fram viðræður milli kauphallar og félags. Ákvörðun kauphallarinnar er m.a. byggð á fjölda viðskipta með bréfin. Viðskiptalota er ávallt talin í heilum hundruðum, þ.e. 100, 200 eða 500.

Um skráningu viðbótarhlutabréfaflokka auk meginflokks félagsins gilda sömu kröfur og um meginflokk.

A.m.k. 25% hlutafjár félagsins og 10% atkvæðisréttar þess skulu vera í höndum almennra hluthaf. Almennur hluthafi er skilgreindur sem sá sem beint eða óbeint á minna en 10% af hlutafé eða atkvæðarétti félagsins.

Þessar kröfur eru algildar. Geti félagið ekki sýnt fram á að krafa verði uppfyllt innan ásættanlegs tíma, verður afskráning tekin til athugunar. Leiðbeiningar um hvernig reikna skuli saman hlutabréf í eigu almennra hluthafa má finna í tilmælum iðnaðar- og viðskiptanefndar sænsku kauphallarinnar um upplýsingaskyldu vegna kaupa hlutabréfa, framsals, o.s.frv. (1994).

Skráningarlýsing

Félag sem sækir um skráningu á O-lista skal gera skráningarlýsingu sem í öllum meginatriðum fullnægir þeim kröfum sem gerðar eru til skráningarlýsingar. Skráningarlýsing þarf að vera í samræmi við sænsku félagalögin nr. 1385/1975, tilmæli iðnaðar- og viðskiptanefndar sænsku kauphallarinnar sem kallast „Að undirbúa skráningarlýsingu“ (1999) og reglugerðir sænska Fjármálaeftirlitsins (FFFS 1995:21) um skráningarlýsingar. Skráningarlýsingin er hluti þess efnis sem nýtt er við mat kauphallarinnar á félaginu fyrir skráningu. Ef skráningin er tengd útgáfu nýrra hluta og/eða almennu útboði skal útboðs lýsingin samþykkt af og/eða skráð hjá sænska Fjármálaeftirlitinu.

Samþykki skráningar

Í undantekningartilvikum getur verið að félag sem hefur sótt um skráningu sé ekki talið hæft til skráningar, jafnvel þó það uppfylli allar framangreindar kröfur.

Kauphöllin hefur rétt á að hafna umsókn um skráningu ef sú niðurstaða fæst að slík skráning myndi skaða verulega traust gagnvart kauphöllinni eða verðbréfamarkaðinum almennt.

Kaupþing Búnaðarbanki er norrænn banki sem veitir alhliða viðskipta- og fjárfestingarbankaþjónustu til einstaklinga, fyrirtækja og fagfjárfesta. Bankinn er leiðandi aðili á öllum helstu sviðum íslensks fjármálamarkaðar. Kaupþing Búnaðarbanki leggur áherslu á vöxt og þróun alþjóðlegrar starfsemi sinnar og stefnir að því að vera í hópi leiðandi fjárfestingarbanka á Norðurlöndum.

Kaupþing Búnaðarbanki er með starfsemi í níu löndum og eru höfuðstöðvar bankans í Reykjavík. Helstu dótturfélög bankans eru Kaupthing Bank Sverige, Kaupthing Bank Luxembourg, Kaupthing Sofi í Finnlandi, Kaupthing Bank í Danmörku, Kaupthing Føoyar, Kaupthing New York, Handsal Asset Management í Sviss, Kaupthing Ltd í Englandi, Lýsing og Alþjóðlega líftryggingafélagið.